BUBBI MORTHENS

## KÓNGUR Í ALDARFJÓRÐUNG

25 ára tónlistarafmæli



TÓNLIST 18

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ

## ÓHRÆDD SKYTTA

*Einar Hólmgeirsson er arftaki Ólafs Stefánssonar í stöðu hægri skyttu í íslenska landsliðinu í handbolta. Hann segist mæta óhræddur í alla leiki.*

ÍÞRÓTTIR 28




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. júní 2005 - 157. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


# Tímamót í sögu fátækustu þjóðanna

**Auðugustu ríki heims samþykktu í gær að fella niður 2.600 milljarða skuld átján fátækustu ríkja heims. Enn á þó eftir að semja um frekari þróunaraðstoð og ljúka við viðskiptasamning sem kemur þróunarríkjunum til góða.**

**LONDON, AP/BBC** Fjármálaráðherrar átta helstu iðnríkja heims komust að samkomulagi í gær um að fella niður 2.600 milljarða skuld fátækustu ríkja heims. John Snow, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sagði samkomulagið sögulegt.

Átján ríki munu strax njóta niðurfellingar skulda sinna við Alþjóðabankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Afríska þróunarbankann. Önnur tuttugu ríki gætu fengið skuldir sínar niðurfelldar ef þau uppfylla skilyrði um góða stjórnunarhætti og takast á við spillingu heima fyrir.

Hjálparstofnanir segja að samkvæmt samkomulaginu muni löndin átján spara um 97 til 129 milljarða á ári í endurgreiðslur skulda, sem Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, sagði að yrði að nota til að byggja upp heilsugæslu, sjúkrahús, skóla á öllum skólastigum og stofnanir samfélagsins.

Fulltrúar hjálparstofnana bentu þó á að þessi samningur gerði lítið fyrir milljónir manna í að minnsta kosti fjörutíu öðrum ríkjum, sem einnig þyrftu á niðurfellingu skulda að halda.

Bretar ætla einnig að reyna að sannfæra leiðtoga hinna sjö helstu iðnríkjanna á fundi G8 í júlí um að auka þróunaraðstoð um 3.200 milljarða árlega til að berjast gegn fátækt. Um það ríkir ósátt meðal ríkjanna átta. Bandaríkin og Japan hafa hafnað tillögum Breta og kjósa frekar tvíhliða hjálparsamninga við þróunarríkin. Frakkar vilja að sérstakur skattur verði lagður á alþjóðlegt flug, sem notaður verði til þróunaraðstoðar. Þá á einnig eftir að ná viðskiptasamkomulagi við þróunarríkin, en viðræður um það hófust í Doha árið 2001. Samkomulagið á að draga úr ríkisstyrkjum hinna ríkari landa til framleiðslugreina, draga úr tollum og öðrum hindrunum við alþjóðleg viðskipti og nota þannig viðskipti til að aðstoða þróunarríkin.

Samkvæmt samkomulaginu munu iðnríkin átta endurgreiða Alþjóðabankanum og Afríska þróunarbankanum vegna niðurfellingar skuldanna. Einnig var samþykkt að koma til móts við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, að því leyti sem hann getur ekki mætt tapinu með eigin sjóðum. Sjá síðu 6



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**KONUR FJÖLMENNTU** Kvennahlaup ÍSÍ var haldið í sextánda sinn í dag. Þátttakan var sambærileg og í hlaupi síðasta árs og er áætlað að um átján þúsund konur hafi skokkað saman í Garðabænum. Mikil stemning var þar að sögn Ellerts B. Schram, forstjóra ÍSÍ, og blíðskaparveður.

Kvennahlaup íþróttasambandsins á 90 stöðum á landinu:

## Átján þúsund konur sprettu úr spori

**ÍÞRÓTTIR** Kvennahlaupið var haldið hátíðlegt í gær með skokki um allt land. Að sögn Ellerts B. Schram, forstjóra ÍSÍ, fór allt vel fram í Garðabæ og konur á öllum aldri hlupu sér til ánægju í sól og blíðu. „Það var ljómandi gott veður og vel á átján þúsund kvenna tóku þátt, sem er mjög gott. Þessi viðburður er greinilega búinn að festa sig í sessi og er ekki bara viðburður til hreyfingar og útivistar heldur fyrir konur að sýna samstöðu. Það var frábær stemning og almenn ánægja með daginn,“ segir Ellert en Kvennahlaupið fer fram á 90 stöðum á landinu. „Það er alltaf að bætast við nýr og nýr bær sem vill taka þátt, sem er alveg stórkostlegt.“

Ekið var á níu ára stúlku, sem tók þátt í Kvennahlaupinu, á gatnamótum Vífilsstaðavegs og Elliðavatnsvegs. Hafði stúlkan hlaupið í veg fyrir bílinn. Að sögn lögreglunnar í Garðabæ var stúlkan flutt á slysadeild og er hún ekki mikið slösuð en hugsanlega fótbrotin.

- bs

## SUNNUDAGUR

### Tryggvi með sitt sjöunda

Tryggvi Guðmundsson skoraði tvö mörk í sigri FH á nýliðum Þróttar í gær. Fram og ÍA gerðu fyrsta markalausa jafntefli sumarsins.



ÍÞRÓTTIR 26–27

### Peningaveitan á Bæjarhálsi

Jónas Bjarnason segir Orkuveitu Reykjavíkur sóa fjármunum eigenda sinna í gæluverkefni.



UMRÆÐAN 10

### Eggert Skúlason



Hjólar hringinn til styrktar hjartveikum og vill Strákana og aðra í lið með sér.

FÓLK 38

### VEÐRIÐ Í DAG




**NOKKUÐ BJART Á LANDINU** í dag. Hægur vindur víða og milt veður.

VEÐUR 4


**Meðallestur á tölublað***

18-40 ára




*Skv. fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2005.




**VILHJÁLMUR PRINS** Hann útskrifaðist nýlega með mastersgráðu í landafræði með afar háa einkunn og það sem meira er, hærri einkunn en faðir hans útskrifaðist með á sínum tíma.

Vilhjálmur prins:

## Betri í skóla en pabbinn

**LONDON, AP** Vilhjálmur prins hefur útskrifast með meistaragráðu í landafræði. Prinsinn útskrifaðist með afar háa einkunn í faginu og hærri en faðir hans, Karl Bretaprins, fékk á sínum tíma. „Vilhjálmur fékk stórgóða einkunn og hann er yfir sig ánægður. Faðir hans er einnig mjög stoltur,“ sagði talsmaður prinssins.

Námið byrjaði þó ekki vel hjá Vilhjálmi og hann átti í nokkrum vandræðum með það þar sem hann bjó fyrst í hinum einangraða skoska bæ Fife. Það var ekki fyrr en hann skipti úr listasögu yfir í landafræði sem honum fór að ganga virkilega vel í skólanum. Vilhjálmur hefur nú hug á að skrá sig í herskóla í Suður-London, þar sem yngri bróðir hans hóf nám í síðasta mánuði. ■

Skipulagstillögur R-lista:

## Loka Kópavogshöfn

**SKIPULAGSMÁL** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir skipulagstillögur R-listans í Reykjavík gera ráð fyrir því að loka innsiglingunni í Kópavogshöfn. „Menn geta alltaf þvælt eitthvað fram og til baka. Með skipulagshugmyndum R-listans um tengingu yfir á Álftanes verður lokað fyrir allar siglingar inn í Kópavogshöfn,“ segir Gunnar, sem gefur lítið fyrir nýjustu tillögur R-listans í skipulagsmálum.



GUNNAR I. BIRGISSON

Stefán Jón Hafstein segir tengingu yfir á Álftanes ekki endilega loka fyrir siglingar inn í Kópavogshöfn. „Það skiptir ekki máli hvort tengt sé með göngum eða brú. Brýr eru þannig gerðar að það er hægt að hleypa skipaumferð í gegn. Það sem aðallega skiptir máli er að ná hringtengingu.“

Sjá síður 16-17



## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, ertu góður í sænsku?*

„Ég er aðallega góður í norsku því ég er í Osló."

Guðmundur Árni Stefánsson er sterklega orðaður við sendiherrastöðu í Svíþjóð en var í Noregi þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans.

Fjölskylda Laxness ekki hissa á frávísuninni:

# Allir hræddir á Íslandi

**DÓMSMÁL** Fjölskylda Halldórs Laxness kveðst ekki vera hissa á þeirri niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur að vísa kæru hennar á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni frá. „Við bjuggumst við þessu. Það eru allir svo hræddir á Íslandi," segir Guðný Halldórsdóttir. Hún vildi lítið segja um þá niðurstöðu að fjölskyldan skyldi greiða hálfa milljón til Hannesar í málskostnað. „Við verðum einfaldlega að virða þessa niðurstöðu."

Fjölskylda skáldsins hefur ekki rætt hvernig eigi að bregðast við úrskurði Héraðsdóms í fyrradag. „En þetta stoppar ekki hér. Það er ekki búið að taka á málinu."

Guðný sagði dóminn enn eitt dæmið um að málið væri látið snúast um aukaatriði. „Þetta snýst ekki um pólitík og þetta snýst ekki um gæsalappir. Þetta snýst um ritstuld."

Hún gaf líka lítið fyrir sáttatal Hannesar. „Það þýðir ekki að bjóðast til að skrifa nýja bók þegar skaðinn er skeður. Bókin er uppi í hillunum hjá fólki."

Að lokum vitnaði Guðný í eina af persónum skáldsögunnar Kristnihald undir Jökli: „Ég segi eins og skáldið Jódínus Álfberg sagði: Innihaldið skiptir máli, skítt með umbúðirnar."

- grs



**GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR** Fjölskylda Halldórs Laxness segir ritstuldarmálið gegn Hannesi Hólmsteini ekki vera útkljáð þrátt fyrir úrskurð Héraðsdóms í vikunni.

Kennaraháskóli Íslands:

# Aldrei fleiri brautskráðir

**NÁM** Kandídatar voru brautskráðir frá Kennaraháskóla Íslands í gær og hafa aldrei fleiri verið brautskráðir en nú, alls 509 talsins.

Í ávarpi sínu við athöfnina gerði dr. Ólafur Proppé, rektor, að umræðuefni hversu mikilvægt væri að vel væri staðið að menntun uppeldis- og umönnunarstétta, en slíkum störfum sinna nú fleiri en til dæmis landbúnaði og fiskveiðum til samans. Einnig greindi rektor frá því að í undirbúningi væru breytingar á öllu námi við skólann til að tryggja enn betur gæði þeirrar starfsmenntunar sem skólinn veitir.

- bg



**UMSÁTUR** Mikið gekk á hjá lögreglumönnum þegar þeir voru kallaðir út vegna tilkynningu um mann, vopnaðan skammbyssu, fyrir utan fjölbýlishús í Austurborginni.

Umsátur í Austurborginni:

# Maður vopnaður loftbyssu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík fékk um þrjúleytið gær tilkynningu um mann, vopnaðan skammbyssu, fyrir utan fjölbýlishús í Austurborginni. Í ljós kom að maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, var ekki vopnaður skammbyssu heldur loftbyssu og ógnaði hann tveimur mönnum í bíl.

Maðurinn var færður í vörslu lögreglu til yfirheyrslu. Hann veitti enga mótspyrnu þegar lögreglu bar að garði. Loftbyssur eru ólöglegar hér á landi og að sögn lögreglunnar er ómögulegt fyrir óvanan mann að greina muninn á loftbyssum og öflugum skammbyssum.

- bg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**EIGANDI FÍKNIEFNA HANDTEKINN** Lögreglan á Fáskrúðsfirði handtók aðila um fjögurleytið aðfaranótt laugardags er hann hugðist taka á móti fíkniefnasendingu. Að sögn lögreglunnar var viðtakandinn góðkunningi lögreglunnar og hafði lögreglan haft gætur á honum. Eigandinn var handtekinn en sendingin innihélt um eitt gramm af amfetamíni sem lögreglan telur að maðurinn hafi ætlað til eigin nota.

# Átökin halda áfram

**Ólga er í eigendahópi Íslandsbanka eftir sölu Steinunnar Jónsdóttur á fjögurra prósenta hlut til Burðaráss. Bauð hún Burðarási að kaupa hlutinn eftir að hún frétti hverjir væri í hópi þeirra sem hygðust kaupa hlut hennar í bankanum.**

**VIÐSKIPTI** Erfitt er að fullyrða um hvort sala Steinunnar Jónsdóttur á fjögurra prósenta hlut í Íslandsbanka til Burðaráss breyti valdahlutföllum í bankanum. Einhverra breytingar er því að vænta á næstunni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja aðilar tengdir Straumi sig hafa yfir 40 prósenta hlut í bankanum og ætla að láta til skarar skríða innan skamms.

Jón Ásgeir Jóhannesson, Hannes Smárason og Karl Wernersson höfðu hug á að kaupa fjögurra prósenta hlut Steinunnar í Íslandsbanka. Hún ákvað þó að selja Burðarási hlutinn þegar hún frétti af samstarfi þessara þriggja aðila. Tvennum sögum fer af því hvort aðilar tengdir Landsbankanum hafi vitað af þessu samstarfi.

Bæði Baugur og Hannes Smárason eru nú þegar hluthafar í bankanum. Hannes keypti fyrir nokkru hlut fyrir um þrjá milljarða í bankanum og í vor keypti Baugur hlut fyrir um milljarð. Samtals er hlutur þeirra og Karls Wernerssonar því um fimmtán prósent.

Athygli vekur að samkvæmt Morgunblaðinu vildi Straumur selja Karli, Jóni Ásgeiri og Hannesi, en hingað til hefur Straumur verið hliðhollari Landsbankanum og félögum tengdum þeim. Gæti þetta orðið til þess að styrkja meirihlutann í hluthafahópi Íslandsbanka. Karl á eins og kunnugt er Sjóvá, sem Straumur hefur mikinn áhuga á að eignast. Sala á Sjóvá til Straums myndi því liðka fyrir því að Straumur selji Karli og tengdum aðilum hlut sinn í Íslandsbanka. Virði hlutar Straums er rúmlega 30 milljarðar króna. Ljóst er að framvinda mála ræðst af því hvað Straumur gerir við tæplega 20 prósenta hlut sinn í Íslandsbanka.

Ef skoðaður er hluthafalisti Íslandsbanka sést að vafaatkvæði eru mörg en eignaraðild að bankanum er mjög dreifð. Ef til kosninga kæmi á stjórnarfundi væri erfitt að segja til um úrslitin. Að undanförnu hafa stjórnir bankans verið sjálfskipaðar en nokkur átök hafa verið fyrir fundina.

dogg@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**EINAR SVEINSSON, STJÓRNARFORMAÐUR ÍSLANDSBANKA, OG BJARNI ÁRMANNSSON, FORSTJÓRI ÍSLANDSBANKA** Telja sig hafa meirihluta hluthafa á bak við sig en aðilar tengdir Straumi fullyrða að þeir hafi stöðu til að ná sínu fram.

Gíslataka Cantoni:

# Átta manns handteknir

**AFGANISTAN** Lögreglan í Afganistan hefur handtekið átta manns sem eru grunuð um að eiga aðild að mannráni á ítalska hjálparstarfsmanninum Clementinu Cantoni. Hún var látin laus eftir að hafa verið í haldi mannræningjanna í þrjár vikur.

Að sögn forsætisráðherrans, Ali Ahmad Jalali, voru engir samningar gerðir við mannræningjana. Ítölsk blöð höfðu dregið þá ályktun að Cantoni hefði verið látin laus í framhaldi af því að móðir eins mannræningjans var látin laus úr fangelsi. Jalali viðurkenndi þó ekki að það hefði verið samkomulag yfirvalda við mannræningjana.

- bg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÖKUMAÐUR FÆRÐUR Á SJÚKRAHÚS** Fólksbíll valt um klukkan átta á laugardagsmorgun rétt fyrir austan Hvolsvöll. Ökumaður var einn í bílnum, töluvert slasaður, og var færður á sjúkrahús. Bíllinn telst ónýtur en að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli var ökumaður ringlaður eftir veltuna og kunni ekki skýringuna á atburðinum.

**BÍLVELTA VIÐ LAUGARVATN** Bíll valt austan við Laugarvatn um tvöleytið aðfaranótt laugardags. Ökumaður var einn í bílnum og er talinn lítið slasaður en að sögn lögreglunnar á Selfossi þurfti þó að klippa hann út úr bílnum. Bifreiðin er talin ónýt.

**TVEIR ÖLVAÐIR UNDIR STÝRI** Tveir voru teknir fyrir ölvunarakstur í Kópavogi aðfaranótt laugardags. Annar ökumaðurinn var auk þess á ótryggðum bíl. Að sögn lögreglunnar í Kópavogi voru báðir ökumennirnir stöðvaðir seinnipart nætur og var ekki um of hraðan akstur að ræða.




Grikkland • Tyrkland • Túnis • Egyptaland
Kanaríeyjar • Taíland • Indland • Bali...
- og heimsborgin Kaupmannahöfn í kaupbæti!

**Apollo** og **Kuoni** bjóða ótrúlega fjölbreytta og hagstæða haustpakka til allra heimshorna. Kannaðu verðdæmi á heimasíðu okkar, **www.kuoni.is**, eða hafðu samband við söluskrifstofuna.

Iceland Express

LANGferðir

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.langferdir.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

Mundu MasterCard ferðaávísunina


Annir hjá kattaklófesti í Árborg:

# Ómerktir kettir á dauðalista

**KATTARHALD** Fjölmargar kvartanir hafa borist vegna lausra katta í þéttbýlisstöðum í sveitarfélaginu Árborg og hefur verið ákveðið að dýraeftirlitsmaður veiði og lógi ómerktum köttum.

Sigmar Eiríksson dýraeftirlitsmaður hefur því haft í nógu að snúast upp á síðkastið. „Ég hef til dæmis náð 35 köttum í einu og sama húsinu, á aðeins einu ári. Alls hef ég meðhöndlað um það bil átttíu ketti," segir Sigmar. „Ef einhverjir verða fyrir óþægindum frá köttum hefur fólkið samband við mig og þá kem ég til þess með gildru. Svo þegar köttur er kominn í gildruna tek ég hann upp á dýraspítala og ef enginn kemur innan vikutíma að vitja hans er honum lógað."

Reyndar er Sigmar með óvenjulegar hugmyndir varðandi kattahald og segist hann helst vilja að kettir séu hafðir í bandi. „Það er alveg hægt að venja þá á það, ég hef séð dæmi þess," útskýrir hann.

Einnig segist hann í auknum mæli þurfa að taka hunda sem eigendur hafi skilið eftir.

- jse




**SIGMAR EIRÍKSSON** Sigmar dýraeftirlitsmaður hefur þurft að setja mörg dýr í kerruna sína en kettir valda usla í Árborg og það færist í aukana að hundar gangi lausir.




* Gildir fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd fullorðinna.
Sölutímabil: Til 15. júlí 2005.
Ferðatímabil: Síðasta brottför 31. ágúst 2005.
Afsláttur reiknast af Netsmelli án flugvallarskatta, við bætast barnaflugvallarskattar.

ICELANDAIR
www.icelandair.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,22 | 64,52 |
| Sterlingspund | GBP | 117,21 | 117,77 |
| Evra | EUR | 78,55 | 78,99 |
| Dönsk króna | DKK | 10,55 | 10,61 |
| Norsk króna | NOK | 10,01 | 10,07 |
| Sænsk króna | SEK | 8,52 | 8,57 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 94,55 | 95,11 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,41 +0,17%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingflokksformaður Framsóknar:

# Rógsherferð á hendur Halldóri

**EINKAVÆÐING** „Mér finnst það mjög alvarlegt þegar trúverðugleiki ríkisendurskoðunar er dreginn í efa. Hún var sett á stofn til að Alþingi gæti leitað til hennar og mér sýnist sem viðbrögð stjórnarandstöðunnar séu byggð á einhverju allt öðru en málefnalegri afstöðu,“ segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Hann segir að sér virðist ljóst að gagnrýni á einkavæðingu bankanna og meint vanhæfi forsætisráðherra sé að hluta til komin út af uppgjöf stjórnarandstöðunnar við að halda uppi málefnalegri gagnrýni.



„Velmegun þjóðarinnar hefur aldrei verið meiri og kaupmáttur eykst. Þetta hefur leitt til þess að stjórnarandstaðan hefur gefist upp á að halda uppi málefnalegri gagnrýni. Þess vegna talar hún í rógi og með aðferðum Gróu á Leiti. Síðasta útspil hennar í bankamálinu er á sama stigi og allar aðrar gagnrýnisraddir sem frá henni hafa komið og hafa verið hraktar og þetta veit stjórnarandstaðan mætavel,“ segir Hjálmar.

- hb

**HJÁLMAR ÁRNASON** Stjórnarandstaðan er að gefast upp.



**VIÐBÚNAÐARÁSTAND** Skömmu fyrir klukkan níu í gærmorgun gaf sjálfvirkt eldviðvörunarkerfi í Pennanum – Bókvali á Akureyri til kynna að eldur væri laus í versluninni. Sex slökkviliðsmenn voru samstundis sendir á vettvang ásamt lögreglu og starfsmanni Securitas en enginn reyndist eldurinn.



**PYLSUVEISLA** Þorleifur og dóttir hans Þórey nutu blíðunnar á afmælisdaginn.

Pálmholt 55 ára:

# Elsti leikskóli úti á landi

**AFMÆLI** Starfsfólk, foreldrar og börn á leikskólanum Pálmholti á Akureyri fögnuðu 55 ára afmæli skólans síðastliðinn föstudag en Sigrún Jónsdóttir leikskólastjóri segir að Pálmholt sé elsti starfandi leikskólinn utan höfuðborgarsvæðisins.

Kvenfélagið Hlíf stóð upphaflega að byggingu og rekstri skólans sem sumardvalarheimilis en markmiðið var að börn á Akureyri gætu dvalið utan bæjarmarkanna og notið gróðurs og frjálsræðis. Pálmholt, sem nú er einsetinn leikskóli með um 60 börnum, er enn á sínum stað en bærinn hefur vaxið og er leikskólinn ekki lengur utan bæjarmarkanna.

- kk

Atburðirnir í Andijan:

# NATO krefst rannsóknar

**BRUSSEL, AP** Norður-Atlantshafsbandalagið hefur krafist alþjóðlegrar rannsóknar á voðaverkunum sem urðu í Andijan í austurhluta Úsbekistan fyrir um mánuði síðan.

Þar með er ljóst að NATO og Rússland ætla að gæta ólíkra hagsmuna í þessu tilviki því Sergei Ivanov, varnarmálaráðherra Rússlands, hefur lýst því yfir að honum þyki nóg ef Úsbekar rannsaki atburðina sjálfir. De Hoop Scheffer, aðalritari NATO, segir að skoðun bandalagsins sé önnur en vina þeirra í Rússlandi. ■



**VIÐ SÖLUNA Á BÚNAÐARBANKANUM** Ríkisendurskoðandi segir enga sérstaka ástæðu fyrir því að ekki var ákveðið að rannsaka hæfi Halldórs Ásgrímssonar við sölu ríkisbankanna fyrr en nú.

# Neitar að ósamræmi sé í gögnunum

**Ríkisendurskoðandi segir ekkert ósamræmi í gögnum Ríkisendurskoðunar. Stofnunin hafi ekki vitað af aðild Halldórs fyrr en 28. apríl, þrátt fyrir að frá því hafi verið skýrt í fréttum í lok árs 2002.**

**BANKASALAN** Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi segir aðspurður að engar sérstakar ástæður séu fyrir því að stofnunin hafi ekki í lok apríl hafið rannsókn á hæfi Halldórs Ásgrímssonar við sölu ríkisbankanna, þegar stofnunin fékk upplýsingar um hugsanlegt vanhæfi hans. Stofnunin hafi verið að vinna í þessu máli síðan þá.

Sigurður segir einnig að þrátt fyrir að upplýsingar um eignarhlut Skinneyjar-Þinganes í Hesteyri hafi komið fram í fréttum Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og í úttekt Frjálsrar verslunar í nóvember og desember 2002 hafi Ríkisendurskoðun ekki haft þær upplýsingar undir höndum.

Sigurður segir því ekki rétt að ósamræmi sé í gögnum Ríkisendurskoðunar, eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. Þó svo að samantekt Ríkisendurskoðunar hafi verið dagsett 7. júní sé samantektin spurningar og svör sem komu fram á fundi með fjárlaganefnd 28. apríl. Það hafi svo verið í kjölfar þess fundar sem upplýsingar komu fram sem birtast á minnisblaði, einnig dagsett 7. júní. Það hafi leitt til þess að Ríkisendurskoðun ákvað að rannsaka hvort Halldór Ásgrímsson hafi verið vanhæfur til að taka þátt í sölu ríkisbankanna vegna eigendatengsla hans og fjölskyldu hans í gegnum Hesteyri, sem framkvæmdanefnd voru ekki gefin upp.

Eins og segir í minnisblaði Ríkisendurskoðunar gerði Kristinn Hallgrímsson grein fyrir fjárfestum í S-hópnum fyrir framkvæmdanefnd og sagði Hesteyri í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Síðan segir í minnisblaðinu að þessi fullyrðing sé „reyndar ekki alveg nákvæm“, því þótt Hesteyri hafi áður verið í eigu kaupfélagsins hafi fyrirtækið verið notað í tengslum við kaup Kaupfélagsins og Skinneyjar-Þinganess hf. á stórum hluta í Keri hf., eða 22,53 prósentum, þann 16. ágúst 2002, að nafnvirði 223 milljónir. Ker var einn af leiðandi fjárfestum S-hópsins í undirbúningi kaupa á Búnaðarbankanum, en Hesteyri seldi hlut sinn í Keri um miðjan nóvember 2002.

svanborg@frettabladid.is

Skagafjarðarlistinn:

# Býður ekki aftur fram

**SKAGAFJÖRÐUR** Samfylkingarmenn í Skagafirði ákváðu á félagsfundi í vikunni að bjóða fram undir eigin merkjum í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006. Á sama fundi var stjórn félagsins falið að hefja undirbúning að framboðinu.

Þessi ákvörðun þýðir að Skagafjarðarlistinn, sem á einn fulltrúa af níu í sveitarstjórninni, mun ekki bjóða fram eins og í tvennum síðustu kosningum.

Skagafjarðarlistinn var aldrei formlega tengdur neinum flokki né flokkum en segja má að hann hafi verið óformlega tengdur Samfylkingunni. ■

Háskólinn í Reykjavík:

# Útskrifaði BA í lögfræði

**SKÓLI** Háskólinn í Reykjavík útskrifaði í gær í fyrsta sinn nemendur með BA-gráðu í lögfræði. Samtals útskrifuðust 259 kandídatar, ýmist úr lagadeild, tölvunarfræðideild eða viðskiptadeild.

Nýr skóli mun svo taka til starfa í sumar, sameinaður á grunni Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Rektor skólans, Guðfinna S. Bjarnadóttir, fjallaði í ræðu sinni um mikilvægi þess að vísindi gefi til samfélagsins og að frumkvöðlar séu listamenn vísinda og drifkraftur atvinnulífs.

- bg

## SERBÍA

**MLADIC LEITAÐ** Yfirmaður serbnesku lögreglunnar vísar á bug fréttum þess efnis að Ratko Mladic, fyrrverandi hershöfðingi Bosníu-Serba, sé fundinn og verði fljótlega framseldur til stríðsglæpadómstólsins í Haag. Lögreglustjórinn sagði það hins vegar rétt að Mladic væri leitað með það fyrir augum að framselja hann.






## VEÐRIÐ Í DAG

**HÆGUR VINDUR OG MILT VEÐUR NÆSTU DAGA**

Það má búast við frekar björtu veðri á landinu í dag og á morgun. Vindur verður víða hægur og veður milt, hiti gæti náð 20 stigum þar sem hlýjast verður inni til landsins. Á þriðjudaginn er svo útlit fyrir breytingar því þá fer að rigna um landið austanvert en vestan til þykknar upp. Vindur verður þó áfram fremur hægur nema helst í rigningunni með suðausturströndinni.



Kveðja,
Ingibjörg Karlsdóttir,

### Í dag




### Á morgun




Hæg norðlæg eða breytileg átt.

### Þriðjudagur




Fremur hæg norðaustlæg átt en heldur meiri vindur með SA-strönd.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C léttskýjað | Glasgow | 12°C léttskýjað | Osló | 14°C rigning |
| London | 17°C léttskýjað | Stokkhólmur | 21°C léttskýjað | Hamborg | 13°C léttskýjað |
| París | 21°C hálfskýjað | Barcelona | 23°C hálfskýjað | Madrid | 26°C hálfskýjað |
| Frankfurt | 17°C léttskýjað | Helsinki | 16°C rigning | Amsterdam | 14°C hálfskýjað |

OPIN BÍLALÁN™

VIÐ LÁNUM ÞÉR ALLT AÐ **80%** AF KAUPVERÐI

# VIÐ LÁNUM ÞÉR SAMA HVAR ÞÚ TRYGGIR!

**Hagstæðustu kjörin -** engin lántökugjöld til 1. ágúst

**TM** býður nú fyrst tryggingafélaga bílalán án þess að gera kröfu um tryggingar hjá félaginu*.

**TM** veitir nú þegar hagstæðustu kjör á lánamarkaðnum til ökutækjakaupa. Vextir óverðtryggðra lána eru **9,5%**, vextir verðtryggðra lána **6%**, lántökugjöld eru felld niður til 1. ágúst nk.

*Þú velur hvar þú tryggir, en bifreiðin þarf að vera kaskótryggð á lánstímanum.

**Kynntu þér OPIN BÍLALÁN TM**
– þetta eru skilyrðislaust bestu bílalánin á markaðnum.

TM

LÁN

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN – *þegar mest á reynir!* · SÍMI 515 2000 · tm@tmhf.is · www.tmhf.is



## KJÖRKASSINN

*Er Ríkisendurskoðun rétti aðilinn til að rannsaka hæfi Halldórs í bankasölunni?*

**Niðurstöður gærdagsins á** visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 26,19% |
| Nei | 73,81% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þarft þú að fá þér nýtt vegbréf í sumar?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Landakotsskóli:

# Sátt hefur ekki skapast

**SKÓLAMÁL** Gunnar Örn Ólafsson, formaður stjórnar Landakotsskóla, og Jóhanna Long, ritari stjórnarinnar, sögðu af sér á föstudag í því skyni að sátt mætti skapast um framtíð skólahalds í Landakotsskóla. Björg Thorarensen, prófessor og foreldri, og Þórunn Erhardsdóttir, formaður foreldraráðs, tóku sæti þeirra í stjórninni.

Séra Hjalti Þorkelsson, fráfarandi skólastjóri Landakotsskóla, segist ekki hafa óskað eftir endurráðningu sem skólastjóri og að hann muni ekki undir neinum kringumstæðum taka við því starfi aftur, hvort sem skólastjórnin sitji áfram eða ekki.

Í gær barst svo yfirlýsing frá sjö kennurum við Landakotsskóla þar sem segir að kennararnir muni ekki sætta sig við starfsaðstæður þar sem vinnubrögð fyrrverandi kennararáðs og skólanefndar séu í heiðri höfð. „Sú afstaða fyrrverandi skólanefndar að hlusta á rógburð kennararáðsins fyrrverandi, víkja fyrrverandi aðstoðarskólastjóra úr starfi á grundvelli rógsins og án áminningar eða andmælaréttar, stinga rógbréfinu undir stól og neita að afhenda það, þeim sem málið varða, þrátt fyrir eftirgang úrskurðarnefndar upplýsingamála, sýnir svo siðlausa og ófaglega afstöðu og einbeittan brotavilja, að við slíkt verður aldrei unað,“ segir í yfirlýsingunni. **-ifv**

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**LANDAKOTSSKÓLI** Tveir meðlimir stjórnar Landakotsskóla sögðu af sér á föstudag. Hjalti Þorkelsson, fráfarandi skólastjóri, sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagðist ekki undir neinum kringumstæðum ætla að taka aftur við starfi skólastjóra Landakotsskóla.

Rauði kross Íslands:

# Kraftur í allt hjálparstarf

**EFNAHAGSMÁL** „Það skiptir stórkostlegu máli að losna við þennan skuldabagga og þetta hefur þau áhrif að það færist kraftur í allt hjálparstarf,“ segir Þórir Guðmundsson hjá Rauða krossi Íslands. Hann segir að Rauði krossinn beiti sér mikið fyrir hjálparstarfi alnæmissjúkra í sunnanverðri Afríku og að peningar leysi lítinn vanda í þeim efnum en ljóst sé að niðurfelling skulda sé sem vítamínsprauta á allt umhverfið. „Þetta eru gleðilegar fréttir og ég fagna þeim.“ **- hb**

Hjálparstarf kirkjunnar:

# Fagnar ákvörðuninni

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta er nokkuð sem hjálparsamtök hafa barist fyrir á annan áratug og ég fagna þessari ákvörðun,“ segir Jónas Þórir Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, um niðurfellingu skuldanna. „Þetta hefur ekki bein áhrif á okkar daglega starf því það er nóg af verkefnum sem þarf að vinna. En mér finnst það mikilvægasta í þessu að þeir fjármunir sem verða nú til í þessum löndum fari í uppbygginguna og að ástandinu sé ekki viðhaldið með sóun peninganna í óþarfa hluti.“ **- hb**

# Minni lánamöguleikar

**Forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ segir niðurfellingu skulda nú geta dregið úr möguleikum ríkjanna til á fá lán síðar meir. Framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar vill stórauka fjárframlög til fátækra ríkja.**

**EFNAHAGSMÁL** Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ, segir að niðurfelling skulda hjá fátækustu ríkjum heims hafi gífurleg áhrif.

„Löndin bera mikinn vaxtakostnað og þar af leiðandi hafa tekjur þessara landa fyrst og fremst farið í fjármagnskostnað. Þau hafa ekki náð neinum möguleika á hagvexti, meðal annars vegna þess, en auðvitað geta verið fleiri þættir sem þar hafa áhrif,“ segir Tryggvi.

Hann segir mikilvægt að þessum löndum sé hjálpað að komast af stað eftir breytingarnar. „Það er betur heima setið en af stað farið ef ekki er haldið rétt á spilunum. Það þarf auðvitað að sjá hvers konar stjórnarhættir eru í þessum löndum. Langtímaáhrif af þessu gætu reyndar verið þau að löndin fengju ekki lán seinna meir, þannig að það þarf að huga að mörgum þáttum ef þetta verður að veruleika,“ segir Tryggvi.

Ísland á aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og við niðurfellingu skuldanna minnkar virði sjóðsins en Tryggvi segir það vera mjög óverulega áhrif fyrir Ísland enda hafi aðstoð Íslendinga við fátækustu ríki heims einkum verið bundin við matvælaaðstoð og annað í þá veru.



**FÁTÆKT Í EÞÍÓPÍU** Gífurleg fátækt er í Eþíópíu og mörgum öðrum löndum Afríku. Þessi maður lá á götu Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu, í gær.

Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, fagnar ákvörðun um niðurfellingu skulda.

Hann segir að framkvæmdastjórum þróunarstofnana Norðurlandanna hafi fyrir nokkru verið kynntar hugmyndir um alþjóðlega lánastofnun sem ríki heims myndu eiga aðild að, en hann sé ekki hrifinn af slíkum hugmyndum. „Ég tel að með slíku sé verið að færa vandann til þeirra ríkisstjórna sem taka við í framtíðinni. Eina leiðin til að afnema fátækt er að auka hjálparog uppbyggingarstarf með beinum fjárframlögum og það er sú leið sem ég vil fara,“ segir Sighvatur.

hjalmar@frettabladid.is

**ÞAU ÁTJÁN RÍKI SEM GETA FENGIÐ NIÐURFELLINGU SKULDA STRAX:**

- Benín
- Bólivía
- Búrkína Fasó
- Eþíópía
- Gana
- Gvæjana
- Hondúras
- Madagaskar
- Malí
- Máritanía
- Mósambík
- Níkaragva
- Níger
- Rúanda
- Senegal
- Tansanía
- Úganda
- Sambía

**ÖNNUR NÍU RÍKI SEM EINNIG TELJAST MJÖG SKULDSETT FÁTÆK RÍKI, EN FÁ EKKI NIÐURFELLINGU SKULDA STRAX:**

- Kamerún
- Tsjad
- Kongó
- Gambía
- Gínea
- Gínea-Bissá
- Malaví
- Saó Tóme og Prinsípe
- Síerra Leóne

**ÁTTA HELSTU IÐNRÍKIN:**

- Bandaríkin
- Bretland
- Frakkland
- Þýskaland
- Japan
- Rússland
- Kanada
- Ítalía

## Viðbrögð Afríkuleiðtoga

„Þetta er mikilvæg ákvörðun sem þýðir að við getum varið því fjármagni sem hefur farið í skuldir beint í menntun, heilbrigðisþjónustu og ýmis önnur mikilvæg félagsleg málefni,“ sagði Luisa Diogo, forsætisráðherra Mósambík.

„Við tökum þessum fréttum með mikilli von fyrir okkar fólk. Með þessari aðstoð getum við aukið þjónustu í menntun og heilbrigðisþjónustu fyrir fólkið í landinu,“ sagði Daudi Balali, seðlabankastjóri Tansaníu.

„Þessi ákvörðun er mjög hvetjandi fyrir okkur og við viljum þakka bresku ríkisstjórninni og öllum þeim löndum sem komu að þessu samkomulagi. Þetta mun fara langa leið með að auðga afrísku heimsálfuna,“ sagði Bheki Khumalo, talsmaður Thabos Mbeki, forseta Suður-Afríku.

„Ég er auðvitað mjög ánægður og þessi ákvörðun er mjög hvetjandi fyrir Eþíópíu þar sem landið mun verða eitt af þeim löndum sem njóta góðs af þessari ákvörðun. Ef þetta verður án þess að gerðir verði sérstakir fyrirvarar og skuldirnar verða felldar niður nú þegar er ég mjög ánægður,“ sagði Sofian Ahmed, fjármála- og efnahagsráðherra Eþíópíu.

„Þeim fjármunum sem nú munu til falla verður varið beint í það að fjármagna uppbyggingu í atvinnu- og efnahagslífi,“ sagði Claver Gatate, fjármálaráðherra Rúanda.

Grindvíkingar bíða ákvörðunar Síldarvinnslunnar:

# Vilja verksmiðjuna

**SJÁVARÚTVEGUR** Ólafur Örn Ólafsson, bæjarstjóri í Grindavík, bindur vonir við að Síldarvinnslan ákveði að byggja upp starfsemi sína í bænum. „Við erum að vonast til þess að aðstaðan sem hér er fyrir hendi muni vega þyngst þegar ákvörðun um staðsetningu verksmiðjunnar verður tekin. Sérstaklega eru það fjárfrekar framkvæmdir við höfnina sem við vonum að muni ráða úrslitum.“

Björgúlfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, segir ákvörðunar að vænta bráðlega. „Það er þrennt sem kemur til greina varðandi uppbyggingu okkar á Reykjanesi. Það er að byggja upp í Grindavík, Helguvík eða á báðum stöðum.“

Hús Síldarvinnslunar í Grindavík brann í vetur, en þá var það í eigu Samherja.

Nýverið seldi Samherji svo Síldarvinnslunni bræðsluna, en ákvörðunar stjórnar um staðarval vinnslunar er að vænta innan tíðar. **- mh**



**SÍLDARVINNSLAN BRENNUR** Í febrúar á þessu ári eyðilagðist loðnubræðslan í Grindavík í bruna. Síldarvinnslan hefur ekki enn tekið ákvörðun um hvort starfsemin skuli byggð upp að nýju.




Jóhannes Ásbjörnsson
Sigurjón Brink
Pálmi Sigurhjartarson
Leikstjóri / Hilmir Snær Guðnason
Tónleikurinn BÍTL
Fyrsti íslenski “tónleikurinn” frumsýndur 24. júní 2005
Öll bestu Bítlalögin í bland við almennt eðalglens!
“Hefði ekki getað gert þetta betur sjálfur”
Paul
“Frábær sýning, Georg biður að heilsa”
John
Forsýning Miðvikudagur 22. júní Uppselt
Forsýning Fimmtudagur 23. júní Uppselt
Frumsýning Föstudagur 24. júní Uppselt
Laugardagur 25. júní Laus sæti
Föstudagur 8. júlí Laus sæti
Framkvæmdastjórn / Róbert Aron Róbertsson
Tónlistarstjórn / Pálmi Sigurhjartarson
Leikmynd og lýsing / Sigurður Kaiser
Hljóðstjórn / Úlfar Jacobsen
Loft KASTALINN
552 3000
loftkastalinn.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Iðnveldin átta undirbúa nú að gefa eftir skuldir margra fátækustu ríkja heims.

## Fátæk ríki og skuldir þeirra

Víða er nú til umræðu hvernig bregðast skuli við þeim vanda sem skapast hefur vegna skulda fátækra ríkja. Í umræðunni um þennan vanda hefur ýmislegt skotið upp kollinum, ekki aðeins skuldir einstakra ríkja, heldur einnig afstaða vestrænna ríkja til þróunarlandanna, hjálparstarf og fjáröflunartónleikar, svo eitthvað sé nefnt.

Nú um helgina hafa fjármálaráðherrar iðnveldanna átta setið á fundi í Lundúnum, þar sem eitt aðalmálið hefur verið skuldir fátækra ríkja í Afríku. Samkomulag tókst um að fella niður skuldir þeirra ríkja sem verst eru stödd, og að fjárhæðin sem um ræðir skiptir hundruðum milljarða íslenskra króna. Á leiðtogafundi Bush Bandaríkjaforseta og Blairs forsætisráðherra Breta í Washington á dögunum voru þessi skuldamál eitt af því sem rætt var um.

*Tutu hefur bent á að Vesturlönd hafi ekki siðferðilega yfirburði yfir þróunarlöndin og vitnar í þeim efnum til stórkostlegra fjármálahneyksla hjá fyrirtækjum eins og Enron og Parmalat, sem hafa skekið allan hinn vestræna heim.*

Næsta skrefið var svo fundurinn nú um helgina, en lokaákvörðun í þessu máli verður líklega tekin á leiðtogafundi iðnveldanna átta, sem haldinn verður í Skotlandi í byrjun næsta mánaðar. Þeir fundir eru haldnir til skiptis í löndum iðnveldanna átta; Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu, Japan og Rússlandi. Þótt Blair og Bush hafi á yfirborðinu orðið sammála um að gefa eftir skuldir fátækra ríkja eiga leiðtogar annarra iðnvelda eftir að samþykkja það, og áherslur einstakra landa í þessu máli eru ekki allar eins. Þá er eftir að ganga frá því hvaða lönd verði í þeim hópi sem fá eftirgefnar skuldir. Jafnframt því sem ráðherrar og embættismenn frá iðnveldunum reyna að komast að samkomulagi um mál þetta undirbúa frjáls félagasamtök sínar tillögur í þessum efnum. Þau hafa bent á að aðeins 27 fátæk ríki munu njóta eftirgjafarinnar, en í rauninni séu þau miklu fleiri, eða allt að 62 ef allt er talið. Þeirra á meðal eru ríki eins og Nígería og Indónesía, sem samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum teljast ekki til fátækra ríka, en skulda aftur á móti gífurlegar fjárhæðir.

Desmond Tutu, erkibiskup í Suður-Afríku, hefur blandað sér í umræðurnar um skuldir fátæku ríkjanna í framhaldi af ummælum Blairs og Bush um að niðurfelling skulda verði bundin við þau lönd þar sem ekki séu spilltir valdhafar. Tutu hefur bent á að Vesturlönd hafi ekki siðferðilega yfirburði yfir þróunarlöndin og vitnar í þeim efnum til stórkostlegra fjármálahneyksla hjá fyrirtækum eins og Enron og Parmalat sem hafa skekið allan hinn vestræna heim.

Staðreyndin er sú að stórveldin hafa yfirleitt ekki stutt fátæk ríki nema eithvað komi á móti, aðgangur að hernaðarlega mikilvægum stöðum eða dýrmætum hráefnum. Oft hefur stuðningurinn líka verið í formi umframframleiðslu af vörum í viðkomandi löndum svo sem korni og matvælum, þannig að löndin sem hafa veitt aðstoð hafa jafnframt verið að leysa einhvern vanda heima fyrir.

Frægir popptónlistarmenn hafa látið í sér heyra undanfarið vegna fyrirhugaðra tónleika á vegum Bob Geldof til hjálpar Afríku. Þeir hafa sagt að stjórnurnar sem koma þar fram ættu að borga fyrir það, því tónleikarnir séu ekki síður mikil auglýsing fyrir þær sjálfar. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þögn í stjórninni

Í gær var reynt að hafa samband við fjöldann allan af núverandi og fráfarandi þingmönnum Framsóknarflokksins, auk annarra forystumanna innan flokksins, til að fá álit þeirra á stöðu **Halldórs Ásgímssonar** eftir að Ríkisendurskoðun ákvað að rannsaka frekar hæfi Halldórs til að taka þátt í sölu ríkisbankanna. Eftir því var tekið að afar fáir vildu hafa nokkuð eftir sér á meðan málið er enn í rannsókn, ekki einu sinni til að lýsa yfir stuðningi við Halldór, nema **Hjálmar Árnason**, þingflokksformaður Framsóknarflokks, sem segir útspil stjórnarandstöðunnar sýna að hún hafi gefist upp á málefnalegri andstöðu. Reyndar er það svo að á hinum fjölmörgu heimasíðum sem framsóknarfélög og framsóknarmenn halda úti virðist engin ritstjórnin eða höfundurinn sjá ástæðu til að stinga niður penna.



### Og meiri þögn

Einnig var reynt að ná í þingmenn Sjálfstæðisflokks, til að fá þeirra viðbrögð við núverandi stöðu mála og hvort þeir teldu þetta hafa einhver áhrif á stjórnarsamstarfið. Ekki reyndist auðveldara að draga eitthvað upp úr þeim en framsóknarmönnum. Flestir þeirra svöruðu reyndar ekki símanum, eða skilaboðum. Af þeim sem náðist í voru svörin öll á sama veg: „Ég ætla ekki að tjá mig um málið“.

### Reynt að sannfæra Sjálfstæðismenn?

Eftir fund fjárlaganefndar með ríkisendurskoðanda og framkvæmdanefnd nú í vikunni sátu þrír þingmenn eftir á spjalli um alllanga hríð. Eftir þessu hefði ekki verið tekið ef allir kæmu úr sama flokki, eða sætu sömu megin borðs í ríkisstjórn. En þar sem þetta voru Samfylkingarþingmennirnir Helgi Hjörvar og Lúðvík Bergvinsson, auk sjálfstæðismannsins Einars Odds Kristjánssonar, sem er varaformaður fjárlaganefndar, voru vangaveltur uppi um hvort væri verið að reyna að sannfæra Einar Odd um að málinu væri ekki lokið, þrátt fyrir að framsóknarmaðurinn Magnús Stefánsson segi svo vera.

svanborg@frettabladid.is

## Gjaldþrot þjónustunnar

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

> *Þetta er ódýra aðferðin. Brjálæðislega hagkvæm fyrir eigendur verslana og veitingahúsa. En jafnframt brjálæðislega vitlaus fyrir viðskiptavininn, sem fær sífellt takmarkaðri þjónustu fyrir sama peninginn.*

Íslensk verslun og veitingaþjónusta er á villigötum. Á síðustu árum hefur sæmilegt vit og lipurð svo að segja horfið úr þessum atvinnugreinum, sem eiga þó öðru fremur að snúast um mannleg samskipti. Fagmennskan er á stórkostlegu undanhaldi. Viðskiptavinurinn er að verða að afgangsstærð, nánast aðskotahlut – og vinurinn a tarna veit á stundum ekki hvaðan á sig stendur veðrið þegar leitað er svara við auðveldum og næsta fyrirsjáanlegum spurningum.

Ástæða þessa er að kröfur til verslunarmanna og veitingafólks hafa minnkað stórlega á undanliðnum árum. Öðru fremur er leitað eftir ódýru vinnuafli; reynslulausum krökkum sem þrátt fyrir starfsþrek og staðfastan vilja standa einatt á gati frammi fyrir kröfuhörðum kúnnanum.

Og dæmin hrannast upp.

Skelti mér á flatbökustað í vikunni ásamt stórfjölskyldunni til að fagna próflokum barnanna. Unga stúlkan sem afgreiddi okkur var öðru hvoru megin við bílprófsaldurinn; blíð á manninn og elskuleg. Hún kvaðst að vísu ekki vita hver væri súpa dagsins og bað okkur að sýna biðlund; hún myndi spyrja veitingastjórann. Sá maður var tvítugur. Og hvort laukur væri í pizzusósunni; nja, hún vissi það ekki heldur – og myndi spyrja veitingastjórann. Þegar heitar og freistandi flatbökurnar komu á borðið áttuðum við okkur á því að amboðin vantaði, hvorki hnífur né gaffall í námunda – og pizzan helst til heit í höndunum. Við náðum athygli stúlkunnar sem kvaðst ætla að koma með hnífapörin á stundinni, en svo liðu mínútur. Sem endaði á því að ég stóð sjálfur upp og náði í amboðin. Veislan kostaði nálega sjöþúsund krónur; fínn matur en fátæk þjónusta.

Dæmin eru náttúrlega fleiri.

Staddur framan við kjötborðið í rómaðri matvörubúð á dögunum; verslun sem lengi vel daðraði við kúnnana sína, svo fagleg og alúðleg var handeringin við blóðuga vöðvana. En ekki meir. Gömlu slátrararnir sem allt virtust vita voru horfnir á braut – og eftir stóðu tómlegir slánar á bak við búðarborðið og töluðu í hálfum setningum. Ég bað um grísalundir. Og mjósleginn búðarmaðurinn horfði á mig spurnaraugum; kvaðst bara ekki viss hvort hann ætti nokkrar. Jú, ég hélt það nú, benti honum á fagurlega bleikar lundirnar fyrir miðju borðsins. Já, þú meinar svín, sagði ungi strákurinn titrandi röddu. Og svo byrjaði hann að skófla kótilettum upp á frauðbakkann eins og hann sæi engan mun á lundum og lettum. Ég bað hann vinsamlegast að halda sig við lundirnar – og tók piltinn svo í örstutt námskeið um hvað væri hvurs á grísum og svínum. Hann þakkaði kurteislega fyrir. Lundin kostaði ríflega tvöþúsund krónur – með þessari líka þjónustu.


TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON

Og dæmin eru verri.

Hef áður sagt frá vinahjónum mínum sem hugðust festa kaup á nýju sófasetti, enda nýflutt í stærra og betra húsnæði – og gamla settið orðið svolítið snjáð. Þau tóku sér viku í verkið; gengu á milli margra húsgagnaverslana en að lokum voru þau helst á því að kaupa ljósbrúnt leðursett í einni versluninni inni við Ármúla. Og fóru þangað, öðru sinni. Fyrir voru eldri hjón í versluninni og ung stúlka sem var að afgreiða þau með leisíboj. Ungu hjónin biðu átekta, mátuðu fyrirheitna settið sitt af ákafa og tilhlökkun. Svo kom röðin að þeim. Unga stúlkan spurði hvort hún gæti aðstoðað – og þau héldu það nú, vildu vita áður en lengra var haldið hvaðan þetta sófasett væri. Unga stúlkan horfði flóttalegum augum yfir verslunarrýmið, rétt eins og hún væri að leita sér aðstoðar en þar var ekkert að hafa nema steindauðar mubblur. Svo endurtók hún spurningu hjónanna; já, hvaðan þessi húsgögn væru ... jú, hún hélt að þau væru bara úr Tollvörugeymslunni.

Svona svör eru náttúrlega þess eðlis að fólk gengur út – í einu orði sagt gáttað.

Því miður hrannast álíka dæmi upp á meðan meðalaldur verslunar- og veitingafólks lækkar eins og óð fluga. Inni á milli rekkanna í byggingavöruverslunum vafra ráðþrota táningsstrákar og lesa sér til um innihaldið í málningardósum. Á búðarkössum verslana er algengt að sjá fimmtán ára krakka stauta sig fram úr strikamerkjunum. Aftan við bakaraborðin standa fjórtán ára stúlkur og smyrja rúnnstykki ofan í mannskapinn. Og svona mætti lengi telja.

Þetta er ódýra aðferðin. Brjálæðislega hagkvæm fyrir eigendur verslana og veitingahúsa. En jafnframt brjálæðislega vitlaus fyrir viðskiptavininn, sem fær sífellt takmarkaðri þjónustu fyrir sama peninginn.

Og líklega er ekkert við þessu að gera.

Í nýrri samantekt Samtaka verslunar og þjónustu kemur fram að ætla megi að aðeins um 40 prósent starfsmanna í smásöluverslun hér á landi hafi lokið formlegri framhaldsskólamenntun – og í sumum tegundum verslana sé hlutfallið töluvert lægra. Þetta er mun lægra hlutfall en almennt gerist, því að meðaltali er talið að 60 prósent allra Íslendinga á vinnumarkaði hafi lokið einhverri framhaldsmenntun.

Í þessara úttekt kemur jafnframt fram að smásöluverslun er ein af fjölmennustu starfsgreinum landsins, með um 12 þúsund starfsmenn, og því má gera ráð fyrir að um 7.200 þeirra hafi ekki lokið neinni formlegri framhaldsmenntun; að verulegu leyti krakkar sem hafa hrökklast úr skóla.

Auðvitað er þetta óviðunandi á tímum ríkulegrar samkeppni og aukinna krafna neytenda um sérhæfða þjónustu.

En líklega á þetta aðeins eftir að versna.

Gjaldþrot þjónustunnar er staðreynd.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Eitt líf – njótum þess



## Heilsu og hægindadagar
## Tilboðin í fullum gangi!

Mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum - komdu og finndu þitt rúm

**Fjöldi tilboða á stillanlegum rúmum!**



**Amerískir gaflar með hönnun í takt við tímann**

**King**
193x203 cm.
**Cal. King**
183x213 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
**162.900,-**




**Queen**
152x203 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
**134.900,-**

www.design.is @ 2005



15 sekúndur

**Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!**

## Ekki missa af þessu!!!

**Betra BAK**

*Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477*
*betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is*
*Opið virka daga frá kl. 10-18*
*Lokað á laugardögum í júní og júlí*

# Skipulag snýst um lífsgæði

**UMRÆÐAN**
FRAMTÍÐARÞRÓUN BYGGÐAR Í REYKJAVÍK



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Með það að markmiði að búa til enn betri Reykjavík hefur borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins lagt fram metnaðarfullar hugmyndir um framtíðarþróun byggðar í Reykjavík. Hugmyndirnar fela í sér framsæknar áætlanir um verulega fjölgun íbúa; nægt framboð lóða með meiri fjölbreytileika í byggðinni; ný íbúðasvæði þar sem lögð er áhersla á að stækka borgina til vesturs; stórbættar samgöngur um alla borg; spennandi lausnir varðandi umhverfi og útivist, ásamt nýjum hugmyndum um hverfatorg í hverju hverfi, átak til eflingar miðborgar og ýmislegt fleira. Megintilgangur allra þessara hugmynda er að bæta lífsgæðin í borginni og bjóða nýjar leiðir til að tryggja íbúum fleiri tækifæri til að njóta lífsins í sínu nánasta umhverfi. Við ætlum á næstu mánuðum að bjóða borgarbúum að taka þátt í að móta þessar hugmyndir með okkur og hafa áhrif á frekari meðferð þeirra.

Þessar hugmyndir borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins hafa fengið frábærar viðtökur, um þær hefur skapast mikil og gagnleg umræða og ljóst að Reykvíkingar hafa lengi beðið raunverulegra og raunhæfra hugmynda um framtíðarþróun höfuðborgarinnar. Enn sem komið er eru þetta þó aðeins hugmyndir, enda var tilgangurinn ætíð sá að leggja þær fram snemma og kalla eftir athugasemdum og ábendingum íbúa, en þróa í framhaldi af því tillögur sem lagðar verða fram í komandi borgarstjórnarkosningum. Þessu kalli okkar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins hefur sannarlega verið vel svarað af Reykvíkingum, sem fjölmenntu á fyrsta íbúaþing okkar í Laugardal sl. fimmtudag þar sem vel á annað hundrað íbúa tóku þátt í skemmtilegum umræðum um framtíðarþróun byggðar í Reykjavík. Að auki hafa fjölmargir sent tillögur og ábendingar í hugmyndabanka á heimasíðu okkar, betriborg.is. Við vonumst eftir áframhaldandi samstarfi við íbúa og hlökkum til fleiri íbúaþinga sem haldin verða í öllum hverfum borgarinnar síðar í sumar.

Alltof lengi hafa skipulagsmál í Reykjavík liðið fyrir skort á sýn fyrir framtíðina og ákvörðunum sem einkennst hafa af tilviljanakenndum bútasaum frá degi til dags. Reykvíkingar eiga skilið annað og meira og þeir eru greinilega reiðubúnir að leggja sitt af mörkum til að takast á við það stóra verkefni sem framtíðarþróun byggðar í Reykjavík er. Okkur sem í stjórnmálum störfum ber skylda til að mæta þessu verkefni og ganga í lið með íbúum borgarinnar, með það eitt að markmiði að mæta óskum og þörfum borgarbúa. Við ætlum að tryggja nægt framboð lóða; fjölga þeim valkostum sem íbúar hafa um byggingarland og húsagerðir; bæta samgöngur, m.a. með því að greiða fyrir umferð á helstu stofnæðum borgarinnar og með lagningu Sundabrautar alla leið. Einnig viljum við beita okkur fyrir spennandi lausnum til að njóta í ríkari mæli útivistar og umhverfis. Þannig getum við sannarlega bætt lífsgæði þeirra sem í Reykjavík búa nú og þeirra sem þar vilja búa í framtíðinni. Með þetta að markmiði getum við búið til betri borg – saman.

*Höfundur er oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn.*

# Peningaveitan á Bæjarhálsi

**UMRÆÐAN**
SVAR VIÐ SKRIFUM SIGRÚNAR ELSU SMÁRADÓTTUR, VARAFORMANNS STJÓRNAR OR, Í FRÉTTABLAÐINU



JÓNAS BJARNASON

*Slíkri sérhæfingu verður ekki lýst sem steinrunninni þótt ekki sé verið að sóa fjármunum eigandanna, borgaranna, í hitt og þetta, gæluverkefni eins og rækju, heilsuböð og sumarbústaði.*

„Stjórnendur OR hafa fengið frelsi til að reka OR eins og fyrirtæki frekar en steinrunna stofnun eins og því miður er algengt með fyrirtæki í opinberri eigu,“ segir Sigrún. Ja, hérna. Fyrirtækin Hitaveita, Rafmagnsveita og Vatnsveita Reykjavíkur voru fyrirtæki í eigu borgarinnar, sem sameinuð voru fyrir um fimm árum; þau voru stolt Reykvíkinga, sverð, sómi og skjöldur og þau voru „arður“ af áratuga starfi og uppbyggingu. Þau voru öll rekin með reisn og hagnaði, öll, og engin þeirra voru sem steinrunnin fyrirtæki í opinberri eigu; starfsfólk veitanna getur vitnað um góðan starfsanda og öryggi í rekstri ásamt starfsfestu; lýsingarorðið steinrunnin voru með öllu framandi. Svo voru höfð í frammi mikil fyrirheit með sameiningu þeirra og ýmis markmið voru sett á blað. Þá hófst sorgarsagan, sem nú er á almannavitorði. Farið var út í ævintýri í fjarskiptamálum með þátttöku í Línu.net, Rafmagnslínu, Tetra Ísland o.fl. og síðan út í lagningu ljósleiðara hingað og þangað, en algjör óvissa er um það hvort unnt er að reka hana með arði yfirleitt vegna mikilla framfara sem nú eiga sér stað í fjarskiptamálum. Tapið af bröltinu nemur nú meira en fimm til sex milljörðum króna og einstakir menn hafa haft grunsemdir vegna fáránlegra kaupa á verðlausum fyrirtækjum og eignum. Þessu brölti fylgdu ferðir til Japan ásamt borgarstjóra, síðan Ástralíu og nú síðast Kína fyrir skemmstu, þar sem formaðurinn undirskrifaði dularfulla pappíra um skuldbindingu OR, án vitneskju stjórnarmanna fyrirtækisins, hvað þá borgarbúa. Höllin á Bæjarhálsi er allt of stór og dýr; Alfreð Þorsteinsson reyndi að gera lítið úr kostnaðinum í fjölmiðlum, en svo er eignfært í reikningum OR fyrir 2004 ósundurliðað 10,5 milljarðar króna, sem sagðar eru vegna húsakostsins aðallega. Byggingin er sem sagt bæði dýr og ódýr, með sánaböðum, vatnsgryfjum og viðhafnarsal undir gleri; vel skal vanda þar sem höfðingjar leggja leið sína.

Það er ákveðin ástæða fyrir því að fyrirtæki telja sér sæmast að vera sérhæfð til að ná árangri með sem bestri nýtingu á sérþekkingu eða búnaði í eigu fyrirtækja. Slíkri sérhæfingu verður ekki lýst sem steinrunninni þótt ekki sé verið að sóa fjármunum eigandanna, borgaranna, í hitt og þetta, gæluverkefni eins og rækju, heilsuböð og sumarbústaði. Það er stolt fyrirtækja að vera arðsöm með viðeigandi starfsfólki og búnaði en ekki með því að grobba af mikilli veltu. Vissulega er mikil velta í OR, en það var svo áður en fyrirtækið varð til. Hitaveitan sér í lagi er svartagull borgarbúa og þeir taka því illa þegar formaður stjórnar OR situr sem olíufursti klofvega á olíuleiðslu og grobbar af arði. Það er búið að sóa eignum borgarbúa og Sigrúnu væri nær að leggja eitthvað af mörkum til að setja OR á þann bás sem á að vera orka og vatn.

Á OR að selja rafmagn til stóriðju? spyr Sigrún. Umfjöllun hennar er skelfileg. Borgarbúar hafa ekkert fengið að kjósa um slíkt og það er glapræði að láta sér detta það í hug án þess að hafa borgarana með sér. Í kosningaplöggum R-listans er bara talað um „hagkvæma virkjun á Hellisheiði“. Nú hefur verið skrifað undir 181 MW rafmagnssölu til Norðuráls. Þetta er pólitísk svívirða, án þess að spyrja eigendur. Verð á rafmagni til álbræðslu er lágt og það eru áhöld um það hvort það borgi sig yfirleitt að selja þannig orku. Auk þess er rangt að skuldbinda sig til mikillar rafmagnssölu nú því seljandamarkaður ríkir vegna þess að allir búast við miklum orkuverðshækkunum nú á næstunni; orkuauðlindir borgarbúa eiga ekki á útsölu í höndum á athyglissjúkum pótintátum.

*Höfundur er efnaverkfræðingur.*



# Skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu

**HAFÞÓR BALDVINSSON**
SKRIFAR UM SKIPULAGSMÁL

Ég gladdist þegar ég sá leiðara Fréttablaðsins hinn 8. júní eftir Sigmund Erni Rúnarsson.

Þar reifar Sigmundur Ernir þá hugmynd að þeir listar sem bjóða fram í næstu borgarstjórnarkosningum í Reykjavík leggi ekki upp enn eina ferðina í umræðu um keisarans skegg heldur starfi málefnalega saman í skipulagsmálum.

Í nokkurn tíma hef ég ætlað mér að skrifa um skipulag höfuðborgarsvæðisins alls og þær hugmyndir að skipulagi skipulagsmála sem ég tel vera brýnar.

Margra áratuga skipulag sem hægriflokkar og vinstriflokkar hafa komið að með ólíkum áherslum hefur gert að verkum að víða má sjá þessar áherslur í formi skipulagsbreytinga á okkar daglega umhverfi.

**Ný skipan skipulagsmála**

Ég vil sjá skipan skipulagsmála í öðrum farvegi en þau eru í dag. Hvert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu hefur í dag sína skipulagsnefnd sem vinnur að skipulagsmálum innan sinna sveitarfélaga.

Í hverri nefnd ræður svo einfaldur meirihluti kjörinna fulltrúa og ákveður hvernig umhverfi okkar lítur út, hvernig það hentar okkur og hvort það hentar okkur.

Breytingar þar sem íbúar sjálfir geta sagt hug sinn með athugasemdum við grenndarkynningu hafa skilað sér að einhverju marki

*Hrepparígur og valdabarátta á ekki heima í skipulagsmálum. Menn greinir vissulega á um ýmis mál en þá eiga menn að snúa bökum saman í stað þess að deila um keisarans skegg.*

en eftir stendur að einfaldur meirihluti kjörinna fulltrúa í skipulagsnefndum ræður.

Það er að mínu mati brýnt að breyta þessari skipan. Vel má hugsa sér að aðalskipulagi hvers sveitarfélags á höfuðborgarsvæðinu verði eingöngu breytt með auknum meirihluta t.d. 2/3 eða jafnvel 3/4 atkvæða. Með því móti væri hverjum lista gert að starfa í samráði við meirihluta hverju sinni.

Við verðum að hafa hugfast að skipulag sveitarfélags er framlag samtímans til framtíðarinnar. Ekki einstakra manna né flokka eða lista.

Skipulagsmál eru ekki eins og dægurmál sem koma og fara. Að þeim ber að standa vel og hafa í huga þá samfélagslegu ábyrgð sem óneitanlega fylgir þeim.

Þar á ekki að tjalda til einnar nætur heldur ber að horfa til þarfa samtímans jafnt og framtíðar.

**Skipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins**

Hið stóra höfuðborgarsvæði sem telur nokkur sveitarfélög tel ég að eigi að hafa sameiginlega nefnd skipulagsmála sem hefði það hlutverk að skipuleggja svæðið er lýtur að samgöngum og samgöngumannvirkjum.

Í þeirri nefnd gætu átt sæti formenn skipulagsnefnda hvers sveitarfélags, fulltrúar hvers lista og sveitarstjórar, bæjarstjórar og borgarstjóri. Þetta má útfæra á ýmsan máta.

Samvinna með þessum sveitarfélögum er til staðar í dag að einhverju marki en finnst rétt að koma á markvissari skipan sem yrði fest í sessi, jafnvel með breytingum á lögum.

Með þessu móti gæti orðið til sameiginlegur vettvangur ákvarðanatöku sem snerti samgöngumannvirki á öllu svæðinu. Reynslan kennir að það er ekki vænlegt til árangurs fyrir svæðið í heild að hver sé að vinna að skipulagi samgöngumannvirkja á sínu svæði.

Hrepparígur og valdabarátta á ekki heima í skipulagsmálum. Menn greinir vissulega á um ýmis mál en þá eiga menn að snúa bökum saman í stað þess að deila um keisarans skegg.

Þessar breytingar á skipan skipulagsmála vil ég sjá verða að veruleika í höfuðborginni og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum.

Við verðurm að horfast í augu við veruleikann og viðurkenna hann eins og hann er. Höfuðborgarsvæðið er orðin samgróin heild og því rétt að skoða með opnum huga leiðir til þess að samræma og samhæfa skipulag alls svæðisins.

Til þess að svo geti orðið þarf umræðu um þetta mál. Hana ber að taka fyrir næstu kosningar.

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com
Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

MENNTASKÓLINN
**HRAÐBRAUT**

Menntaskólinn Hraðbraut býður uppá metnaðarfullt nám og fyrsta flokks aðstöðu fyrir duglega nemendur í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

Athugaðu málið á hradbraut.is

Menntaskólinn Hraðbraut.
Faxafeni 10, húsi Framtíðarinnar.
Sími: 517-5040

**"...tveimur árum á undan"**

**Viltu ljúka stúdentsprófi á tveimur árum?**

**Viltu fara í persónulegan skóla með frábæru félagslífi?**

**Viltu eiga viku frí í skólanum sjöttu hverja viku?**

**Viltu ljúka heimavinnunni í skólanum?**



# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

*„Við höfum áhuga á að verða stærri í þeim starfseiningum sem við erum í dag og útvíkka þeirra vöruúrval. Þá horfum einnig til þess að fara inn á verðbréfamarkaðinn.“*

# Íslandsbanki er orðinn hálfnorskur

**„Við skilgreinum Ísland og Noreg sem okkar heimkynni,“ segir Bjarni Ármannsson. Meirihluti af lánum bankans er í Noregi og ætla stjórnendur bankans sér enn stærri hluti í gamla konungsríkinu. Eggert Þór Aðalsteinsson var staddur í Noregi í síðustu viku og heimsótti KredittBanken.**



FRÉTTABLAÐIÐ/EGGERT

**STJÓRNENDURNIR Í NOREGI** Frank Reite, næsti yfirmaður Íslandsbankasamsteypunnar í Noregi, Jostein Sætrenes, tilvonandi framkvæmdastjóri KredittBanken í Álasundi, og Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka.

Íslandsbanki í Noregi samanstendur af fjármálafélögunum BN Bank og KredittBanken auk dótturfélaga þeirra. Bankinn eignaðist KredittBanken í fyrrahaust og BNbank að fullu í vor. Það var ekki síst fyrir tilstilli Franks Reite, bankastjóra KredittBanken, sem brátt verður yfirmaður Íslandsbanka í Noregi, sem „innrás“ Íslandsbanka í Noreg hófst. Frank hvatti Bjarna Ármannsson til að kíkja til sín fyrir ári síðan og líta á aðstæður í Álasundi. Nokkrum mánuðum síðar hafði Íslandsbanki eignast norska bankann.

„Það skipti hluthafa í KredittBanken miklu máli að vita hvað Íslandsbanki ætlaði sér fyrir hendur. Þeim leist vel á hugmyndir Íslandsbanka um sjávarútveginn og trúðu því að bankinn myndi einbeita sér að frekari uppbyggingu á Álasundssvæðinu sem kæmi starfsmönnum og viðskiptavinum til góða,“ segir Frank Reite.

**Mikill útflutningsbær**

Höfuðstöðvar KredittBanken eru í Álasundi, sem er stærsta verstöð Norðmanna og mikil útflutningsbær. Bankinn hefur sérhæft sig í fjármálaþjónustu við sjávarútveginn og fasteignamarkaðinn og lánveitingum til meðalstórra og smærri iðnaðarfyrirtækja í véla- og húsgagnaiðnaði og skipasmíðum. Vaxtarbroddurinn hjá bankanum þessa dagana er í lánveitingum til þjónustu sem er tengd olíuvinnslu.

Heildareignir bankans eru um 37 milljarðar króna, þannig að hann er tiltölulega lítill á íslenskan mælikvarða. Stjórnendur bankans ætla sér þó að stækka hratt á næstu misserum en slíkt hefði ekki verið hægt hefði Íslandsbanki ekki keypt félagið á sínum tíma. Eftir yfirtökuna hefur verkefnunum fjölgað, til dæmis á sviði skuldabréfaútgáfu. Þó segir Frank að bankinn ætli sér ekki að vaxa bara til þess að vaxa og hefur dregið úr veitingum lána sem bera mikla áhættu.

Hagnaður Kredittbanken fyrstu þrjá mánuði ársins tvöfaldaðist frá sama tímabili í fyrra og var tæpar 75 milljónir króna. Að sögn Franks hefur hagnaður bankans aukist samfellt tólf mánuði í röð og eru menn auðvitað kátir með þá þróun.

Um fimm prósent Norðmanna búa á starfssvæði bankans, sem er héruðin Mæri og Raumsdalur. Þótt þetta landsvæði sé aðeins um fimmtán þúsund ferkílómetrar að stærð er strandlengja þess yfir 2.200 km, tæpir tveir hringvegir Íslands. Stærstu þéttbýlisstaðirnir eru Álasund, Kristiansund og Molde.

**Lítil arðsemi í sjávarútvegi**

Arðsemi af fiskveiðum, landvinnslu og fiskeldi í Noregi er langt frá því að teljast viðunandi. Miklir fjármunir hafa einkum tapast í fiskeldinu. Afkoma samkeppnisgreina fisksins hefur verið mun betri og sýna stærstu framleiðendur kjöts meiri rekstrarhagnað en stærstu framleiðendur sjávarafurða.

Frank, Bjarni og stjórnendur Íslandsbankasamstæðunnar í Noregi eru þess fullvissir að með stærri einingum og þar af leiðandi meiri áhættudreifingu verði hægt að snúa blaðinu við. Þeir telja að nýleg löggjöf í Noregi sem heimilar útgerðum að auka kvóta á hvert skip muni gera fiskveiðarnar arðbærari. Bankinn hefur skoðað fiskeldið gaumgæfilega en hefur ekki enn tekið þátt í að fjármagna geirann sem nokkru nemur.

Ef til vill er ástæða þess að Norðmenn hafa ekki ráðist í það að endurskipuleggja sjávarútveginn sú að erlendar skuldir norska þjóðarbúsins eru engar. Norðmenn hafa safnað um 50 milljörðum Bandaríkjadala í olíusjóð. Þessi mikli hagnaður af olíuframleiðslu hefur gert það að verkum að fjármagnseigendur hafa verið sinnulausir gagnvart atvinnugreinum eins og sjávarútvegi og gert litlar kröfur um eðlilega arðsemi.

**Sterkur á húsnæðislánamarkaði**

BNbank er með höfuðstöðvar sínar í Þrándheimi en rekur einnig útibú í Osló. Margir höfðu gert tilraunir til að yfirtaka bankann en ekki tekist fyrr en Íslandsbanki kom til sögunnar. Bankinn er fjórði stærsti viðskiptabanki Noregs með eignir upp á rúma 400 milljarða króna og sérhæfir sig eingöngu í lánveitingum til íbúðakaupa og kaupa á atvinnuhúsnæði. Lítil áhætta felst í því að lána til íbúðakaupa og er því saga BNbank farsæl; bankinn hefur aldrei skilað tapi á rúmum 40 árum. „Útlánatöp hafa verið lítil og meira segja í bankakreppunni í Skandinavíu um og upp úr 1990 tókst bankanum að hagnast, sem segir sína sögu,“ segir Frank.

Hann býst við frekari vexti BNbank á húsnæðismarkaði. Bankinn hefur verið í markaðsherferð, þar sem hann býður niðurfellingu á gjöldum fyrir nýja viðskiptavini.

**Stækkun í Noregi**

Staða Íslandsbanka er sterk í Vestur-Noregi en stjórnendur bankans ætla sér enn stærri hluti. Bankakerfið norska samanstendur af fáeinum stórum fjármálastofnunum og um 120 sparisjóðum sem flestir eru litlir. Íslandsbanki er með allan norska fjármálageirann í athugun auk fjölda félaga annars staðar í Skandinavíu. „Það er vaxandi áhugi á líftryggingafélögum í Noregi,“ segir Bjarni og vísar til frétta sem birst hafa um hugsanlega yfirtöku á Storebrand. „Hér í Noregi eru að verða breytingar á lífeyriskerfinu. Norðmenn eru nú að fara í gegnum breytingar sem Íslendingar réðust í um 1969 þegar allir fóru að leggja í lífeyrissparnað. Þeir sem eru líklegastir til að hagnast á þessum breytingum eru aðilar sem bjóða upp á lífeyrissparnað, og líftryggingar hafa verið algengasta form lífeyrissparnaðar á Norðurlöndum,“ segir Bjarni.

Hins vegar bendir hann á að umhverfið í Noregi er lágvaxtarumhverfi ólíkt aðstæðum heima. Á Íslandi lofa menn ákveðinni ávöxtun í framtíðinni og til þess þarf háa ávöxtunarkröfu. Áhættulausir vextir í Noregi eru 1,75 prósent og það er alveg ljóst að ef það vaxtastig helst til lengri tíma er það ekki góð fjárfesting að kaupa tryggingafélög.

„Við höfum áhuga á að verða stærri í þeim starfseiningum sem við erum í dag og útvíkka þeirra vöruúrval. Þá horfum einnig til þess að fara inn á verðbréfamarkaðinn,“ segir Bjarni að lokum. ■

**SAMANBURÐUR Á BNBANK OG KREDITTBANKEN**

| | Eignir * | Hagnaður ** |
|---|---|---|
| BNbank | 410 | 603 |
| KredittBanken | 37 | 75 |

* Í milljörðum króna ** Í milljónum króna



# Frekari sameiningar á döfinni

**Að mati Bjarna Ármannssonar á sjávarútvegurinn sér bjarta framtíð ef rétt er haldið á spöðunum en til þess þarf stærri og öflugri fyrirtæki.**

Íslandsbanki hefur skipað sér í fremstu röð fjármálastofnana sem þjóna sjávarútvegi á alþjóðavísu. Það er ljóst að bankinn ætlar sér enn stærri hluti, enda líta bankamennirnir svo á að tækifærin og verkefnin í sjávarútvegi hafi aldrei verið meiri. Þetta kom fram á ráðstefnu Íslandsbanka um sjávarútveginn sem haldin var í Álasundi á dögunum. Þangað mættu margir af helstu áhrifamönnum í íslenskum, norskum og alþjóðlegum sjávarútvegi.

„Við erum búnir að vinna að uppbyggingu sjávarútvegs í eitt hundrað ár á Íslandi. Þetta er sá iðnaður á heimsvísu sem við þekkjum hvað best. Síðastliðin átta ár höfum við byggt upp þekkingu og tengsl á alþjóðavísu. Við teljum okkur hafa þekkingu fram að færa og eins og við sjáum iðnaðinn eru langtímahorfur góðar vegna aukinnar áherslu á heilsu og þægindi við matargerð og neyslu matar,“ segir Bjarni Ármannsson.

Hann bendir á að Íslandsbanki sé í raun og veru eina félagið sem bjóði upp á heildarþjónustu og skoði greinina á alþjóðavísu. „Fjármálafyrirtæki hefur skort þekkingu á þessum iðnaði og þess vegna fyllum við upp í ákveðið tómarúm.“

**Sameiningar mál málanna**

Bjarni telur að miklar sameiningar eigi eftir að verða í sjávarútvegi á næstu misserum. Matvöruverslunarkeðjur hafa vaxið hratt á undanförnum árum. Eitt besta dæmið er Tesco, sem hefur um 30 prósenta markaðshlutdeild í Bretlandi. „Viðskiptavinir sjávarútvegsfélaga eru að verða stærri og sterkari. Þar af leiðandi heimta þeir betri vörur og betri þjónustu.Ég er því þeirrar skoðunar að sjávarútvegurinn þurfi á sterkum fjármálastofnunum að halda eins og Íslandsbanka.“

Íslandsbanki hefur nú starfsstöðvar, sem tengjast sjávarútvegi, í öllum heimsálfum. Bankinn hefur komið við sögu í mörgum samrunum í alþjóðlegum sjávarútvegi á undanförnum árum og hefur verið stór lánveitandi.

Nýlega seldi Íslandsbanki skuldabréf fyrir norska útgerðarfélagið Aker Seafoods fyrir um fjóra milljarða króna og tilkynnti fyrir skömmu um aukna sókn á Norður-Ameríkumarkað. „Við höfum staðið að fjármögnun á félagi eins og EuroPacífico þar sem um flókna birgðafjármögnun var að ræða. Þegar afurðir koma frá þremur heimsálfum inn í þá fjórðu geta hlutirnir flækst. Þess vegna kemur Íslandsbanki við sögu vegna skilnings hans á þessum fyrirtækjum og aðstæðum á þessum svæðum.“

**Kína og Asía**

Kína er stærsta framleiðsluland í heimi á sjávarfangi og einnig mesta neyslulandið. Fiskneysla hefur tvöfaldast þar á síðustu tíu árum. Ekkert bendir til annars en að Kína eigi eftir að verða enn mikilvægari markaður fyrir sjávarafurðir. „Við höfum áhuga á að fylgja okkar viðskiptavinum eftir í þeirri uppbyggingu sem þar á sér stað núna og er fram undan.“ ■



BJARNI ÁRMANNSSON, BANKASTJÓRI ÍSLANDSBANKA

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

LANDSBANKADEILDIN
DRAUMA LIÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

www.toyota.is




RAV4 SPORT. Fyrir allt sem í þér býr og meira til.

Nú fæst hinn feikivinsæli RAV4 í sérstakri útfærslu með sportlegu yfirbragði. Aukahlutapakki að verðmæti 160.000 kr. fylgir. Pakkinn inniheldur sílsahlíf, krómgrind á afturljós, sportgrill, krómstút á púst, sílsarör og dráttarbeisli. RAV4 SPORT sameinar því þægindi, kraft, öryggi, sportlegt útlit og hagstæð kjör, en hann fæst frá aðeins 2.720.000 kr. Komdu og prófaðu RAV4 SPORT í dag.




SPORT4 PERFORMANCE

Verð frá 2.720.000 kr.
Aukahlutapakki að verðmæti 160.000 kr. fylgir með.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



**GREGORY PECK** (1916-2003) lést þennan dag.

*„Trú gefur þér innri styrk, jafnvægi og rétta heildarsýn á lífið.“*

**Gregory Peck var bandarískur leikari sem lék meðal annars í myndinni To Kill a Mockingbird.**

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

### Nelson Mandela dæmdur í lífstíðarfangelsi

Þennan dag árið 1964 var Nelson Mandela, leiðtogi baráttumanna gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku, dæmdur í lífstíðarfangelsi vegna skemmdarverka. Meðal hinna sjö annarra sem voru dæmdir í lífstíðarfangelsi um leið var fyrrverandi aðalritari hins bannaða Þjóðarráðs Afríku (ANC), en Mandela var leiðtogi þess. Mikill mannfjöldi safnaðist saman fyrir framan dómshúsið og beið eftir niðurstöðunni. Hundruð lögreglumanna vöktuðu svæðið.
Þetta var í annað sinn sem réttað var yfir Nelson Mandela fyrir landráð. Árið 1956 var hann ákærður en málið var látið niður falla eftir fjögurra ára málaferli.
Mótmæli brutust út um allan heim eftir dóminn árið 1964 og var bænaskrá um lausn fanganna send aðalritara Sameinuðu þjóðanna.
Mandela eyddi mestum hluta af þeim 27 árum sem hann sat inni í þrælkunarvinnu í Robben Island-fangelsinu stutt frá Höfðaborg.
Honum var sleppt úr haldi árið 1990 og fékk friðarverðlaun Nóbels ásamt F.W. de Klerk forseta árið 1993. Hann var kosinn forseti Suður-Afríku árið 1994 í fyrstu kosningum landsins þar sem bæði svartir og hvítir fengu að kjósa. Hann lét af embætti árið 1999 en ferðast enn um heiminn og boðar frið.



**12. JÚNÍ 1964**

## MERKISATBURÐIR

**1838** Miklir jarðskjálftar verða á Norðurlandi, bæir skemmast og einn maður lætur lífið. Skjálftar fundust allt sumarið, oft margir á dag.

**1913** Skipherra á dönsku varðskipi lætur taka bláhvítan fána af báti í Reykjavíkurhöfn. Þetta ýtti undir kröfu um íslenskan fána.

**1967** Átján ára stúlka verður fyrst íslenskra kvenna til að varpa sér út flugvél í fallhlíf.

**1975** Indverski forsætisráðherrann Indira Gandhi er fundin sek um kosningasvindl.

**1994** O. J. Simpson er kærður fyrir morðið á eiginkonu sinni.

## AFMÆLI

Margrét Ólafsdóttir leikkona er 74 ára.

Árni Steinar Jóhannsson, garðyrkjumaður og fyrrverandi þingmaður, er 52 ára.

Birgir Ármannsson alþingismaður er 37 ára.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

## Jón hættur

Jón Ævar Karlsson, skólastjóri Suðurhlíðarskóla til síðustu fimmtán ára, lét af störfum við skólaslit og útskrift tíundu bekkinga á dögunum. Jón Ævar tók við embætti þegar skólinn flutti í núverandi húsnæði sitt í Suðurhlíð 36 og hættir nú eftir farsælt starf. Við skólastjórastarfinu tekur Steinunn Hulda Theodórsdóttir, sem kennt hefur við skólann að undanförnu.



**FRÁ SKÓLASLITUM**

TÍMAMÓT: GUÐMUNDUR HRAFNKELSSON HÆTTUR MEÐ LANDSLIÐINU

# Þetta var stór partur af lífinu

Guðmundur Hrafnkelsson lék sinn síðasta landsleik á mánudaginn þegar íslenska handboltalandsliðið mætti því sænska í Kaplakrika í Hafnarfirði. Leikurinn var ekki aðeins sögulegur fyrir þær sakir heldur einnig þá staðreynd að sigur vannst á Svíunum en þeir virtust ókleifur hamar eftir að hafa leikið okkar menn grátt í hvert skiptið á fætur öðru í mörg herrans ár.

Guðmundi leið vel á vellinum á mánudag en segir skrítið að klæðast ekki landsliðstreyjunni framar. „Maður er búinn að vera lengi í þessu og landsliðið var partur af lífinu,“ segir Guðmundur en segir þó ágætt að vera kominn frá þessu.

Sá merki maður Bogdan Kowalczyk valdi Guðmund fyrst í landslið og eftirmenn hans fóru sömu leið, allt þar til Viggó Sigurðsson tók við landsliðinu á síðasta ári. „Ég var farinn að hugleiða að hætta að spila með landsliðinu og var svo ekki valinn þegar Viggó tók við þannig að þetta var nokkuð þægilegt,“ svarar hann aðspurður um hvort þetta hafi reynst sér erfitt.

Það voru hæðir og lægðir á landsliðsferli Guðmundar og hann, eins og liðið allt, var stundum hetja og stundum skúrkur. „Það er alltaf þannig í íþrótum, þegar vel gengur er manni hampað en þegar illa gengur fer minna fyrir því.“

Guðmundur hóf handboltaferil sinn með Fylki en lék svo með Breiðabliki, FH og Val áður en hann hélt í atvinnumennsku til útlanda. Nú, að sex árum liðnum, er hann á heimleið og hefur gengið til liðs við Aftureldingu í Mosfellsbæ. Þar eru margir ungir leikmenn og eru sumir nógu ungir til að geta hæglega verið synir Guðmundar. „Það leggst mjög vel í mig að spila með þessum strákum, þeir eru Íslands- og bikarmeistarar í öðrum flokki og alveg þrælgóðir.“ Þó væntanlega sé farið að líða á seinni hluta handboltaferils Guðmundar Hrafnkelssonar vill hann ekkert gefa upp um hvort hann hyggist ljúka ferlinum hjá Aftureldingu. „Það er ekkert ákveðið með það,“ segir hann og hlær. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL



**GUÐMUNDUR HRAFNKELSSON** Handboltasambandið og handboltaunnendur notuðu tækifærið á mánudag og þökkuðu Guðmundi framlag hans til landsliðsins.



✝

*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa*

**Björns Aðils Kristjánssonar**

Múrarameistara, Bræðratungu 19, Kópavogi,

**Lovísa Hannesdóttir**
**Unnur Sólveig Björnsdóttir**
**Hannes Björnsson** **Hafdís Ólafsdóttir**
**Kristján Björnsson** **Helga Haraldsdóttir**
**Sigríður Björnsdóttir** **Brynjar Guðmundsson**
**Illugi Örn Björnsson** **Fanný María Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Okkar elskulega,*

**Fanney Gísladóttir**

er látin.

Fyrir hönd ættingja og vina.

**Bóel Ísleifsdóttir,**
**Sigríður Guðlaugsdóttir.**



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug vegna andláts elskulegrar eiginkonu, móður, uppeldismóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Erlu Kristjánsdóttur**

Bakkastöðum 5a, áður að Hjallalandi 22.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Hafsteinn Erlendsson**
**Eyrún Björg Hafsteinsdóttir** **Niel Clark**
**Þórður Hafsteinsson**
**Jón Grétar Hafsteinsson** **Dórothea Sigurlaugsdóttir**
**Sigrún Hafsteinsdóttir** **Úlfar Finnbjörnsson**
**Ásta Árný Einarsdóttir**
**Emil Róbert Karlsson**
**barnabörn og langömmubarn**

98 9 BYLGJAN



# 90 ára afmæli

Fimmtudaginn 16. júní n.k. verður

**Björg Baldvinsdóttir**

frá Akureyri níræð.

Að því tilefni taka Björg og fjölskylda hennar á móti gestum í safnaðarheimili Neskirkju frá kl. 16:00 til kl. 19:00 á afmælisdaginn.



**DREKARÓÐUR** Keppt var í hinum árlega drekaróðri á Keelung-ánni í Taívan í gær. Drekabátar voru áður notaðir við trúarathafnir.


Flatir dagar
Celeron M
Nýji Celeron M örgjörvinn er byggður á Centrino tækni og afkastar mun meira en eldri Celeron örgjörvar
60GB
60GB harður diskur
Nauðsynlegt er að hafa mikið pláss til að geyma gögn í dag.
512MB
DDR vinnsluminni
Vélin kemur útbúin 512MB DDR vinnsluminni. Þetta vinnsluminni minnkar álagið á harða diskinum og eykur hraða í vinnslu tölvunnar.
Þráðlaust net
Vélin er með innbyggðu þráðlausu neti sem er nauðsynlegt í ferðavélum í dag.
14,1"
WIDE SCREEN
Mr.&Mrs.Smith
Notaðu tvo skjá í einu
17"
FLATUR SKJÁR
Medion 17" flatskjár fylgir öllum Medion Fartölvum
FYLGIR
29.999
Ótrúlega létt aðeins 2,2 kg.
2,2 kg
*3.529
3.529*
Tölvukaupalán 48 mán.
Heildarverð: kr. 166.991
9.999 **
Vaxtalaust 12 mán.
Heildarverð: kr. 122.332
119.988
Staðgreitt
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
MEDION® M6
MD95302
MEDION M6 N1
• Intel® Celeron® Mobile 350
• 14.1" W-XGA TFT (1280x768)
• Intel® Extreme Graphics 2 technology
• 512MB DDR PC2700
• 60 GB Harður diskur UDMA 4200RPM
• DVD Skrifari
• Wi-Fi® Intel® PRO/Wireless 2200BG
• 3x USB 2.0 & 1x FIREWIRE IEEE1394
• 1x MIC in, 1x LINE out, 1x VGA,
• 1x SPDIF out, 1x IrDA, 1x DVI out,
• PC CARD slot supporting 1x type II
• Lithium-ion battery
FireWire
Hugbúnaður sem fylgir:
- Microsoft® Windows® XP Home Edition
- Microsoft® Works 8.0
- Nero Recode
- NERO 6 - Skrifarahugbúnaður
Kominn á PC og XBOX
Hver kannast ekki við Grand Theft Auto leikina? Nú er komin San Andreas sem hingað til hefur eingöngu verið fáanlegur á Playstation 2 en núna kemur hann á Xbox og PC. Þetta er bezti leikur í heimi skv. BT músinni.
Grand Theft Auto San Andreas
VAR AÐ LENDA
PC-LEIKUR
3.999
XBOX
5.999
Takmarkað magn
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GUNNAR I. BIRGISSON, BÆJARSTJÓRI Í KÓPAVOGI** „Þegar við byrjuðum hérna var bærinn kallaður félagsmálabær. Þannig var ásýndin. Hérna var mikið af hálfkláruðum byggingum og götum og við ákváðum að taka til hendinni. Við ákváðum að breyta orðspori bæjarins með því að framkvæma.“

# Látlausi bæjarstjórinn

**Gunnar I. Birgisson** valdi bæjarstjórastarfið í Kópavogi fram yfir þingmannsstarfið. Hann er þaulkunnugur Kópavogi, hefur komið nálægt stjórn bæjarins í fimmtán ár og ætlar að bjóða sig fram að ári. Hann segir samkeppnisstöðu Kópavogs byggjast á kraftmiklu fólki en óstjórnin í Reykjavík hjálpi líka til. *Hjálmar Blöndal* hitti bæjarstjórann morgunhressa að máli.

Skrifstofur bæjarstjórans í Kópavogi eru látlausar. Eitt skrifborð og sófasett ásamt nokkrum stólum. Hinn nýji bæjarstjóri ætlar samt að breyta þeim. Þægilegum leðursófa verður skipt út fyrir fundarborð. Þannig vill hann hafa það. Eitt Kjarvalsmálverk á veggnum og blóm á borðum frá vinum og vandamönnum. Ekkert breytist á skrifstofunum meðan bærinn byggist upp og tekur á sig nýjar og síbreytilegar myndir. Gunnar I. Birgisson tók við stöðu bæjarstjóra í byrjun mánaðarins. Hann hefur ekki annað í hyggju en að koma sér vel fyrir á skrifstofu bæjarstjórans.

„Ég er búinn að vera hér við stjórn bæjarmálanna í langan tíma þannig þetta er ekki nýtt umhverfi fyrir mig. Ég gjörþekki auðvitað allan reksturinn hér í bænum en maður er alltaf að takast á við ný verkefni og ætli þetta sé ekki eitt þeirra,“ segir Gunnar. Hann er búinn að vera við stjórnvölinn í Kópavogi í fimmtán ár og allan tímann sem formaður bæjarráðs. Nú er hann bæjarstjóri og tók við starfinu í byrjun mánaðarins. Samstarf Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins hefur staðið allan þennan tíma og virðist farsælt og gott. Kópavogur ber þess augljós merki.

„Þegar við byrjuðum hérna var bærinn kallaður félagsmálabær. Þannig var ásýndin. Hérna var mikið af hálfkláruðum byggingum og götum og við ákváðum að taka til hendinni. Við ákváðum að breyta orðspori bæjarins með því að framkvæma. Við keyptum land undir byggingarlóðir og breyttum ástandinu. Reksturinn fór að batna og fólk fór að hafa meiri trú á okkur. Þegar við tókum við bjuggu hérna um sextán þúsund manns en nú búa hérna um tuttugu og sjö þúsund. Hér er íbúðaverð hæst og mikil aðsókn er í bæinn og mikið af kraftmiklu fólki sem byggir bæinn. Það er að minnsta kosti sagt í dag að það sé gott að búa í Kópavogi,“ segir Gunnar með sinni landsfrægu og hrjúfu rödd.

Gunnar segir ekkert lát á uppbyggingunni. Hvert hverfið á fætur öðru rísi í bæjarfélaginu.

„Við erum alltaf að byggja upp hverfi. Erum að ljúka núna við einn grunnskóla, erum að fara að byggja annan og sama má segja um leikskólana. Erum núna að byggja yfir Kópavogsgjána, gera ýmislegt með vatnsveituna okkar, sem Reykvíkingar eru reyndar ekki ánægðir með, og svo erum við að fara í ýmsar framkvæmdir á öðrum sviðum. Þar á meðal eru framkvæmdir við íþróttamannvirki en þegar höfum við hér mikla og góða menningaraðstöðu. Þannig það er ekkert lát á framkvæmdum enda fjölgar íbúunum jafnt og þétt. Ég geri ráð fyrir því að það flytji í bæinn um fimmtán hundruð manns á þessu ári og tvö þúsund á næsta ári og þetta fari upp í þrjátíu og fimm þúsund manns á næstu fimm árum. Þetta fólk þarf allt góða þjónustu og við leggjum áherslu á að framkvæma fljótt og vel, þannig að þegar fólk flytur inn í húsin sín getur það farið út að skokka ef það vill. Það þarf ekki að bíða í nokkur ár eftir göngustígum eða einhverju slíku,“ segir Gunnar, sem leggur áherslu á fólkinu líði vel og finni sig heimakært og velkomið.

### Stökk ekki hæð sína við ráðherraskiptin

Gunnar segist ekki hafa gefið þingmannsstarfið alveg upp á bátinn því í sumar verður hann starfandi þingmaður með bæjarstjórarastarfinu þar sem hann hafði tekið að sér verkefni fyrir íslensku EFTA-nefndina og verður á faraldsfæti. Svo tekur hann sér launalaust leyfi og varaþingmaðurinn Sigurrós Þorgrímsdóttir sest í hans sæti á Alþingi. Hún er Kópavogsbúi eins og hann en Gunnar hefur ekkert ákveðið með framtíðina á þingi.

„John Major sagði að stjórnmálin væru „a tricky trade“. Það eru auðvitað kosningar hér í bænum næsta vor. Ég reikna frekar með að gefa kost á mér í þær en það er auðvitað fólksins að ákveða hvort ég fer fram fyrir þess hönd. Þetta er alveg óvíst og hvað þingið varðar hef ég ekkert ákveðið þar um. Mér finnst gaman að vasast í stjórnmálum, sérstaklega hér í bænum þar sem ákvarðanatökurnar eru heldur hraðari en niðri á þingi. Ég var búinn að taka þetta verkefni hér að mér og ég ætla að ljúka því, hvað svo sem síðar verður hér eða í þinginu.“

> **„Ég hoppaði auðvitað ekki hæð mína af ánægju við þessi ráðherraskipti. En ég óskaði Þorgerði auðvitað til hamingju. Hún er kraftmikil manneskja og stendur vel fyrir sínu. Maður getur ekki verið í öllu.**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tók við stöðu menntamálaráðherra þegar Tómas Ingi Olrich var skipaður sendiherra. Gunnar var ofar en Þorgerður á framboðslistanum og margir töldu gengið framhjá Gunnari. Hvað fannst honum sjálfum?

„Það lá fyrir þá að ég yrði bæjarstjóri þannig að formaðurinn átti úr vöndu að ráða. Svo spilaði inn í hlutur kvenna í ráðherrastólum og mörg önnur sjónarmið sem þurfti að taka tillit til. Ég hoppaði auðvitað ekki hæð mína af ánægju við þessi ráðherraskipti. En ég óskaði Þorgerði auðvitað til hamingju. Hún er kraftmikil manneskja og stendur vel fyrir sínu. Maður getur ekki verið í öllu.“

### Skipulagsslys í Reykjavík

Gunnar varð alþingismaður árið 1999 eftir að hafa hlotið afgerandi og góða kosningu í prófkjöri sem haldið var í Reykjaneskjördæmi. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Alþingi og er ánægður með sinn flokk. Spurður hvort ekki sé hægt að gera betur í dag en í gær segir Gunnar:

„Það er alltaf hægt að gera betur ef maður segir það eftir á. En hér gekk allt þjóðfélagið á ríkisstyrkjum í tíð vinstri stjórna og efnahagslífinu var haldið uppi á erlendum lánum, sem er auðvitað gjörbreytt í dag. Ég tel að flokkurinn hafi staðið sig afar vel. Búið er að koma á frelsi til einstaklinganna og í efnahagslífinu, sem hefur leyst úr læðingi þennan drifkraft sem er í efnahagslífinu í dag. Þetta hefur leitt af sér hærri laun og kaupmáttur hefur aldrei verið hærri en í dag. Það sem mér finnst að hefði mátt gera betur er að koma því betur til skila til




fólksins hve mikið er búið að gera fyrir það. Svo má tala meira við fólkið. Til dæmis aldraða, þá sem minnst mega sín og svo framvegis en í heildina er ég mjög ánægður með Sjálfstæðisflokkinn þann tíma sem hann hefur verið við stjórn.“

Umræðan um skipulagsmál hefur verið ofarlega í fjölmiðlum og í borgarstjórn Reykjavíkur síðustu vikur. Gunnar fylgist með eins og aðrir og hefur sínar skoðanir.

„Þetta hefur verið mjög ómarkvisst í borginni. Ég þakka náttúrlega fyrir hvernig þetta er í Reykjavík hvað skipulagsmál og annað varðar því fólk hefur verið að flytja yfir til okkar í Kópavog. Þessar tillögur sem R-listinn kemur með eru einhvers konar útópía og bull. Menn geta alltaf þvælt eitthvað fram og til baka. Með skipulagshugmyndum R-listans um tengingu yfir á Álftanes verður lokað fyrir allar siglingar inn í Kópavogshöfn. Og svo er verið að tala um jarðgöng sunnan við Straumsvík. Þetta er svona della sem kostar tugi milljarða. Og ég get ekki heldur ímyndað mér að fólk á Álftanesi verði sátt við það að það verði gengið á friðland fugla og útivistarsvæði. Ef R-listinn heldur áfram með svona tillögur get ég ekki ímyndað mér að hann verði langlífur við stjórn borgarinnar.

Hvað sameiningu sveitarfélaganna varðar er ég algjörlega á móti sameiningu í þeirri mynd sem hún hefur verið rædd. Ef öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu verða sameinuð er komið sveitarfélag með nærri tvö hundruð þúsund manns. Þá erum við komin með svipað fyrirbæri og ríkið. Sveitarfélögin eiga að keppa sín á milli í málum eins og skipulagsmálum og þjónustu við íbúana og þau eiga að sýna djörfung og áræðni. En ég get verið sammála því að það megi kannski fækka sveitarfélögunum eitthvað á höfuðborgarsvæðinu.“

**Fjölskyldan og framtíðin**

Hann á fimmtán hálfsystkin og heldur góðu sambandi við þau öll. Kona hans er honum stoð og stytta, svo og dætur hans. Eldri dóttirin býr í Kópavogi, er gift og á tvö börn, en sú yngri er í sambúð og á eitt barn og býr á Bifröst í Borgarfirði þar sem hún er við nám og störf. Gunnars

> **„Með skipulagshugmyndum R-listans um tengingu yfir á Álftanes verður lokað fyrir allar siglingar inn í Kópavogshöfn. Og svo er verið að tala um jarðgöng sunnan við Straumsvík. Þetta er svona della sem kostar tugi milljarða.**

segir fjölskylduna vera honum mikið og hann hefði aldrei komist langt án hennar. Eitt systkina Gunnars er Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður. Talið berst að því hvort ekki sé erfitt að hafa einhvern sér svo náskyldan á jafn eldfimum vinnustað og Alþingi?

„Nei, við höfum alltaf verið miklir vinir. Aftur á móti erum við algjörlega ósammála um stjórnmál. Kristinn var á minni línu þegar hann var yngri en svo fór hann vestur, lenti í galdramönnum og gerðist kommi. En hann er núna kominn hálfa leið til baka eftir að hann gekk í Framsóknarflokkinn. Ég læt stjórnmálin ekki trufla okkar samskipti en forðast að ræða þau mikið við hann,“ segir hann.

Samstarfsaðilarnir í hringiðu stjórnmálanna hafa verið margir. Einn nánasti samstarfsmaður Gunnars var Sigurður Geirdal, sem var bæjarstjóri í Kópavogi til margra ára og traustur samherji Gunnars, en Sigurður lést í nóvember á síðasta ári. Gunnar segir eftirsjá að Sigurði enda hafi hann verið góður vinur.

„Við vorum ekki bara samherjar í stjórn bæjarins heldur líka vinir. Það mæddi mikið á okkur í upphafi og í gegnum þennan tíma en við stóðum saman. Við vorum ekki alltaf sammála en við leystum alltaf málin. Hann var mjög ljúfur maður, mjög léttur í lund og tók þrjár tröppur í hverju skrefi þegar hann fór upp. Hann var alltaf léttur á sér og í anda en fastur fyrir þegar það átti við og hjálpaði fólki mikið þegar hann gat.“

Og Gunnar vaknar sáttur og fer sáttur að sofa hvern einasta dag.

„Ég er sáttur við lífið og tilveruna. Ég hef gaman að því sem ég er að gera og ætla að halda því áfram. Vakna snemma á morgnana og tekst á við daginn. Kópavogur mun halda áfram að vaxa og við sem hér störfum munum í sameiningu reyna gera Kópavog að betri bæ á morgun en hann er í dag. Það er mikið framundan og við höfum mikið af góðu fólki sem starfar hérna. Þess vegna get ég ekki annað en verið sáttur og ánægður og ætla að takast á við hvern dag með bros á vor.“ ■



**FASTUR Í SESSI** „Það eru auðvitað kosningar hér í bænum næsta vor. Ég reikna frekar með að gefa kost á mér í þær en það er auðvitað fólksins að ákveða hvort ég fer fram fyrir þess hönd.“



## Stutt um Gunnar

**Nafn:** Gunnar I. Birgisson.
**Fæddur:** Í Reykjavík 30. september 1947.
**Eiginkona:** Vigdís Karlsdóttir, f. 1948.
**Dætur:** Brynhildur (f. 1968) og Auðbjörg Agnes (f. 1976).
**Foreldrar:** Birgir Guðmundsson (1922-1962) og Auðbjörg Brynjólfsdóttir (1929-2000).
**Menntun:** Stúdent frá MR, verkfræðipróf frá HÍ, meistarapróf í byggingaverkfræði frá Edinborg, doktorspróf í jarðvegsverkfræði frá Missouri.
**Fyrri störf:** Ýmis störf hjá verktakafyrirtækjum og eigin fyrirtæki, Klæðningu ehf.
**Stjórnmálaþátttaka:** Oddviti sjálfstæðismanna í Kópavogi frá 1990, formaður bæjarráðs frá 1990-2005, alþingismaður frá 1999, formaður stjórnar LÍN frá 1991, bæjarstjóri í Kópavogi frá 1. júní 2005.



# *Kóngur* í aldarfjórðung

**Bubbi Morthens** er kóngurinn. Um það deilir enginn. Í aldarfjórðung hefur hann fært þjóðinni ljóð og lög um lífið, dauðann og allt þar á milli. Oft reiður. Oftar glaður. Alltaf einlægur og með boðskapinn uppi á borði, hvort sem sá er ljós eða óræðinn. Íslendingar finna sig í textum hans, skilja það sem hann syngur um og uppgötva sífellt á sjálfum sér og kónginum nýjar, kunnuglegar en ókannaðar hliðar. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** fékk þrjá dygga aðdáendur til að velja þrjú bestu lög Bubba Morthens af þeim 470 sem goðið hefur gefið út hin síðustu 25 ár.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR RITHÖFUNDUR** Skrifaði metsölubók um Bubba Morthens og á vont með að gera upp á milli laga hans, þótt Stál og hnífur sé örugglega uppáhaldið.

Silja Aðalsteinsdóttir, rithöfundur og þýðandi:

## Á skeri ástarinnar

Bubbi er alþýðuskáld og það á við skáldskap hans eins og aðra alþýðulist, sem Guðbergur Bergsson hefur skilgreint svo vel, að hún gengur manni beint að hjarta, í einlægni sinni talar hún beint við tilfinningalífið. Raunar höfðar Bubbi oft til vitsmunanna líka, einkum í pólitískum textum, en fyrst og fremst orðar hann þessar einföldu mannlegu kenndir svo ótrúlega vel; ást, hamingju, einmanaleika, reiði, angist, dauðaótta.

Uppáhaldslagið mitt er og hefur ævinlega verið *Stál og hnífur*. Það var það fyrsta sem ég heyrði Bubba syngja á fundi um farandverkafólk í Félagsstofnun stúdenta, líklega 1978 eða snemma árs 1979, og er alger klassi. Þjóðsöngur farandverkamanna og annarra sem lítils mega sín.

Númer tvö er *Blindsker*, en sá texti er einmitt afar skýrt dæmi um þetta sem ég er að reyna að segja. Við getum öll sett okkur í spor þess sem talar, því öll höfum við steytt á skeri ástarinnar og hann leiðir okkur inn í þessar aðstæður svo einkennilega eðlilega, að áður en við vitum af erum við komin upp á skerið til hans! Lagið ýtir undir samkennd og óheft tilfinningaflæði.

Þriðja eftirlætið mitt er *Paranoia* af Fingraförum, með sinni fínu vísun í T.S. Eliot, en síðan ryðjast að svo mörg lög sem heimta að komast að og ég gefst upp! Til dæmis bankar fast lag sem mig minnir að heiti *Ég minnist þín* og ég ákvað um leið og ég heyrði það að fjallaði um mömmu hans, hina stórmerku dönsku aðalsmey, sem líka var skáld eins og lesa má um í bókinni okkar Bubba. Einnig *Myrkur sjór og sandur* ... *Það er gott að elska* ... nei, nú kemur skriðan og ég ferst undir henni!

### Af Ísbjarnarblús frá 1980
### Stál og hnífur (lag & texti: Bubbi Morthens)

Þegar ég vaknaði um morguninn
er þú komst inn til mín.
Hörund þitt eins og silki
andlitið eins og postulín
Við bryggjuna bátur vaggar hljótt,
í nótt mun ég deyja.
Mig dreymdi dauðinn segði komdu fljótt
það er svo margt sem ég ætla þér að segja.

Ef ég drukkna, drukkna í nótt,
ef þeir mig finna.
Þú getur komið og mig sótt
þá vil ég á það minna.

Stál og hnífur er merki mitt
merki farandverkamanna.
Þitt var mitt og mitt var þitt
meðan ég bjó á meðal manna.

### Af Fingraförum frá 1983
### Paranoia lag & texti: Bubbi Morthens

Hvernig er að vakna, sjá skugga líða á brott?
Það er einhver bak við dyrnar, þú finnur á þig er horft.
Draugarnir eru flúnir úr hvítu skálinni.
Hvernig er að vakna upp með fingraför á sálinni.

Úti hamast vindurinn þú kúrir þig undir sæng.
Á glugganum hamast stúlkan þín eins og hrafn með brotinn væng.
Þú þorir ekki að opna, í augunum sérðu blóð.
Fyrir utan heyrir fæturna traðka paranoiu slóð.
Angurværir tónar nálgast ofur hægt.
Barnið í hjarta þínu löngu orðið er hrætt.
Búkar með engin andlit stjórnlaust líða um,
ó, ef aðeins aftur gætir náð ljúfu draumunum.
Þú manst eftir konunni á horninu sem seldi mönnum tár, mönnum sem voru dofnir,
höfðu ekki grátið öll sín ár.
Hún er hætt að koma, þurr augun laugar ei meir,
uppsprettan er þurrausin, en það vita ekki þeir.

Hvernig er hægt að vakna sjá skugga líða á brott,
skugga sem ekkert eftir skilja, samt krefjast að á þá sé horft?
Draumarnir eru flúnir úr hvítu skálinni.
Ó segðu mér hvernig er að vakna með fingraför á sálinni?

Tónlistarmaðurinn Mugison:

# Goðsögn, sönn og trú sjálfri sér

Hvað ætli tæki langan tíma að hlusta á allar plöturnar hans Bubba í einu? Þetta er ekkert smáræði sem hann hefur sent frá sér. Ef hann eyðir þremur mánuðum í hverja plötu samsvarar það mörgum árum inni í stúdíói að syngja fyrir þjóð sína. Það finnst mér ótrúlega fallegt.

Ég hef alltaf verið einstaklega hrifinn af Bubba. Á menntaskólaárunum þótti hann hallærislegur vegna væmni og mörgum fannst hann búinn að svíkja einhver gildi. Fólk pirraðist yfir því að Bubbi væri ekki eins mikið í verkalýðsbaráttunni; hættur að vera þessi verkalýðshetja sem hann var.

Öfugt við almenningsálitið þá fannst mér Bubbi einmitt sannur og trúr sjálfum sér. Hefði hann haldið áfram í sama staðnaða farinu hefði mér fundist hann svikari. Bubbi hefur alltaf verið einlægur, og kominn með börn og ástfanginn af konunni sinni fannst mér bara svalt að syngja um það. Held það sé eðlilegt að menn langi í jeppa, eins og sjötíu prósent Íslendinga, og finnst engin rætni í því.

Fannst því þróunin góð og flott hjá Bubba að syngja um þann stað sem hann var á í lífinu, í stað þess að finna gildin tvítugur og hanga í þeim það sem eftir er, eins og sumir gera. Það væri ansi súrt ef hann væri enn í *Stáli og hnífi*. Þá væri hann ekki sú goðsögn sem hann er.

Ég set Bubba oft á fóninn, ekki síst plötuna Fingraför sem er eftirlætið mitt.

Í fyrsta sæti set ég lagið *Sumarblús*. Í því er einhver Bubbi sem ég fíla geðveikt vel og þessi ameríski, erfiði en flotti plokkblús sýnir vel hvað Bubbi er góður gítarleikari. Það er ótrúlegt hvernig hann heldur ganginum með þumalputtanum og plokkar svo flotta melódíu í leiðinni. Textinn er líka frábær. Það er pínu Robert Johnson í Sumarblúsnum, sem ég elska líka.

Í öðru sæti er *Lög og regla*. Þetta er ógeðslega flott popplag sem gæti allt eins verið eftir David Bowie. Lagið angar af leikhúsi og gæti verið úr hommasöngleik, auk þess sem sagan er góð.

Í þriðja sæti er lag af Sögum af landi; *Guli flamingóinn*. Lagið samdi Bubbi í Portúgal um vinkonu sína sem var hórumamma. Lagið hitti mig því ég bjó í Portúgal með foreldrum mínum um tíma. Ég fílaði Bubba í tætlur og pikkaði lagið einn, tveir og þrír þegar ég keypti plötuna. Í því er sömuleiðis leikhússtemning, hálfgerður sígaunafílingur.

### Af Fingraförum frá 1983

## Sumarblús (lag & texti: Bubbi Morthens)

Það gæti verið gaman að eiga geisla.
Fá að hafaíann þegar frost væri úti,
að hleypa honum út.
Hann mundi bræða klakann
snjórinn mundi hataíann
við gætum setið í grasinu
og drukkið af stút.

Geislar sólarinnar negla glerið,
en þú sérð ekki út.
Það getur ekki verið,
ekki hingað uppá skerið,
sé kominn sumarblús.

Það gæti verið gaman
ef við færum eitthvað saman
þar ef hitamælirinn mundi sína lítinn plús.
Fuglar mundu syngja,
kirkjuklukkur hringja
sólin og ég við gætum orðið dús.

Geislar sólarinnar negla glerið,
ég og þú við gætum orðið dús.
Það getur ekki verið,
ekki hingað uppá skerið,
sé kominn sumarblús.



FRÉTTABLAÐIÐ/ARI MAGG

**MEISTARI MUGISON** Fannst Bubbi gera rétt þegar hann svissaði úr baráttusöngvum verkalýðsins yfir í þá átt að semja lög um lífsþroska sinn og nýja heimsmynd samfara fjölskyldulífi og heitri ást.

### Af plötunni Sögur af landi frá 1990

## Guli flamingóinn (lag & texti: Bubbi Morthens)

Á kvöldin þegar regnsvala kulið blæs frá hafi
kvikna neonljósin og strákar verða menn.
Nóttin gerist þykk og þung af spilltu blóði.
og þorstinn brennir klofin á þeim sem vaka enn

Á börunum er sólskinið borið fram í glösum.
Brosin eru á útsölu og kosta varla neitt.
Nóttin selur hamingju handa þeim sem vilja,
og hláturinn er fyrir þá sem öllu hafa eytt.

Stígum dansinn strákar,
stígum dansinn strákar,
Díana mun svo lesa okkur ljóð.
Stígum dansinn strákar ,
stígum dansinn strákar,
stígum dansinn meðan samviskan er hljóð.
Í strætinu sem geymir bergmál hárra hæla
er háðslegt glott á skilti: þinn draum þú getur sótt.
Neðar nokkrum metrum í myrkri eru dyrnar,
þar mætast dreggjar glasanna á vörunum í nótt.

Innan dyra fölhvítir skuggar reika í rökkri,
rándýrskjaftar bíða opnir bak við þil,
þarna rætast draumar í kynjaveröld karla,
kannski ertu á himnum en það gerir ekkert til.
viðlagFrá Portúgal hún flæktist þessi furðulega Nikky
með föllnum englum, hún var ein af þeim.
Hún flökti milli gestanna sem gátu ekki talað,
gefandi öllum leyndarmál sem fylgdu henni heim.

Ljósin sviðið skerpa og skvaldrið gleypir þögnin,
skrýddar háum hælum stelpuhræin ganga inn,
og þær strjúka hver aðra og elskast líkt og klakar,
og andlitin eru gleðisnauð með glimmer út á kinn.

viðlag

Meðan tónarnir úr Carmen týndust út í salinn
og töfrar kvöldsins liðu sem öldur út á sæ
urðu andlit gesta nakin og nautnaþrungin augu
nutust mött í básum með annarlegum blæ.

Díana orti ljóð um lífið sem hún þráði
og lygin var á sálinni sem mjúk rekkjuvoð.
Þau efni sem hún neytti til að nóttin yrði styttri
voru nánast hennar eina haldbæra stoð.

viðlag

Að lokum ljósin kvikna með kuldalegri birtu,
kaffibrúnn dagur bíður ferskur eftir oss.
Hitinn úti er lamandi og sjórinn silfri þakinn,
og frá sólinni sérðu falla glóandi rauðan foss.

En á kvöldin þegar regnsvala kulið blæs frá hafi
kvikna neonljósin og strákar verða menn.
Þá gerist nóttin þykk og þung af spilltu blóði
og þorstinn brennir klofin á þeim sem vaka enn.

viðlag



**ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON Á RÁS 2** Kynntist Bubba á fermingaraldrinum, reyndi að líkjast honum í einu og öllu og tók upp í hljóðveri lagið Blindsker sem hann leyfði goðinu að hlusta á, við dræma hrifningu rokkkóngsins.

Ólafur Páll Gunnarsson, forseti Popp- og Rokklands :

# Með Bubba á heilanum

Ég heillaðist af Bubba sem ungur drengur að alast upp á Akranesi. Fékk strax veður af honum þegar *Ísbjarnarblús* kom út og man eftir plötuauglýsingunni í Alþýðublaðinu, sem ég sá heima hjá Gísla vini mínum og nágranna. Fyrsta platan sem ég heyrði með Bubba var *Geislavirkir*, stóra Utangarðsmannaplatan – og síðan hef ég verið húkkt!

Í Bubba sá ég fyrirmynd. Svona langaði mig að vera! Um tíma, þegar ég var unglingur, lagði ég mig fram um að líkjast Bubba sem mest ég mátti. Lærði að spila á gítar með því að sækja tónleika með honum og hlusta á plöturnar hans, og átti rauðar gallabuxur af því Bubbi átti þannig buxur. Bubbi Morthens var einfaldlega mitt ídol!

Ekkert eitt finnst mér betra við listamanninn Bubba en annað; hann er svolítið eins og fjölþraut í mínum huga. Það er ekki nóg að vera bara góður í einni grein. Ætli maður að ná árangri þarf allt að spila saman: lagasmíðar, textar, framkoma og fleira.

Bubbi er þannig í mínum huga, eins og hann segir sjálfur á annarri af nýju plötunum, „stór pakki“, þótt það sé nú meint öðruvísi í þeirri merkingu.

Það er enginn hægðarleikur að velja þrjú bestu lög og texta Bubba Morthens, sérstaklega ekki fyrir mann eins og mig, sem hefur verið mettaður af Morthens frá því löngu fyrir fermingu! Samt vel ég þessi sem þau þrjú sem mér finnst standa upp úr.

**1. Blindsker** Myndin um Bubba, sem við Ólafur Jóhannesson gerðum, heitir einmitt Blindsker eftir þessu lagi. Ég fór einu sinni í hljóðver með góðu fólki og tók upp mína útgáfu af Blindskerinu, rúmar tólf mínútur að lengd. Bara intróið er þrjár mínútur. Ég fór beint til Bubba eftir að upptakan var klár og leyfði honum að heyra. Hann var nú ekkert sérstaklega hrifinn, en á kannski eftir að fatta seinna hvað þetta er frábært!

**2. Fuglinn er floginn** Þetta er frábært lag sem kemur blóðinu á hreyfingu. Alltaf! Þarna er ungæðislegur kraftur reiða mannsins sem Bubbi eitt sinn var bullandi yfir og allt um kring.

**3. Kossar án vara** Þetta verkefni er eiginlega ekki framkvæmanlegt, en eitthvert lag verður að vera númer þrjú á þessum lista og alveg eins gott að hafa það þetta eins og eitthvað annað.

### Af Fingraförum frá 1983

## Lög og regla (lag & texti: Bubbi Morthens)

Hvers vegna eru lög og regla
til að fela hitt og þetta?
Blóðug spor og handjárn smella
skýrslur segja: „Hann var alltaf að detta“.

Börðu hann í bílnum með kylfum og hnúum
hæddíann og svívirtu með tungum hrjúfum.
Ekkert sást nema lítið mar
þetta var slys við vorum ekki þar.
Við heyrðum hann kalla, biðja um vatn,
kvartaði líka um honum væri kalt.
Seinna um nóttina talaði út í bláinn.
það var ekki fyrr í morgun að við sáum
að hann væri dáinn.

Ekki benda á mig, segir varðstjórinn.
Þetta kvöld var ég að æfa lögreglukórinn.
Spyrjið þá sem voru á vakt.
Ég ábyrgist þeir munu segja satt.

### Af Lili Marlene með Das Kapital frá 1984

## Blindsker (lag & texti: Bubbi Morthens)

Skömmu áður en vindurinn sofnar uppi á hæðunum
eins og morgundöggin sprettur svitinn fram.
Andartaki áður en nýr dagur kemur með póstinum,
ákveður sólin að hylja sinn harm.

Og ég veit ég þarf að leika sama leikinn
veruleikinn er eins og gömul mynd
ég sest niður með kaffið, ég set Bowie á fóninn
þitt uppáhalds lag var Wild Is the Wind.

Og öll þessi ár sem gáfu okkur það
sem aðrir óskuðu sér,
elskendur í stormi sem aldrei sáu að ástin var aðeins blindsker.

Ég geng sömu göturnar, hitti sama fólkið
geri sömu hlutina og ég gerði með þér
þótt dagurinn sé sá sami er það ekki sama nóttin
því nóttin var okkar tími til að byrja með.

Og ég veit ég þarf að leika sama leikinn ...

### Af Fuglinn er floginn með Utangarðsmönnum frá 1981

## Fuglinn er floginn (lag: Mike Pollock, texti: Bubbi Morthens)

Hvað sem ég gerði, það var aldrei nógu gott
ef búrið er opnað flýgur fuglinn á brott
Hugur minn var stormur, kalin hjartarót
næturnar voru martröð, dagurinn sárabót.

Þína leið ég reyndi, það dró úr mér mátt
það varð allt svo litlaust, lítt spennandi og grátt
Þú reyndir að bera klæði á vopnin, biðja um sátt,
en í þetta sinn var boginn spenntur of hátt.

Þú hittir mig á götu spyrð hvort heilsan sé góð
augu þín tjá mér hatur, hjartað öskrar á blóð.
Ég gerði þér greiða það var liðið, þú hlóst
þú hafðir mig að fífli og ég gerði mér það ljóst.

Músíkin var keppinautur sem þú réðir ekki við
Þú skyldir aldrei þrá mína að komast á svið.
Ástæðan að ég fór var ekki út af annarri ást,
músíkin á hjarta mitt og hefur alltaf átt.

### Af Von frá 1992

## Kossar án vara (lag & texti: Bubbi Morthens)

Það snjóar hérna úti og garðurinn hann gránar.
Garðastrætishúsin verða hlýleg að sjá,
og kertaljóssins skuggar skrítnum myndum varpa
á veggina í stofunni sem ég stari á.

Og myndirnar þær læðast, lúmskar inn í hugann,
leggjast bak við augun og hvísla því að mér
að ástin sé augnablik sem brenni mannsins hjarta,
í brjósti mínu er eldurinn enn að leika sér.

Og þau svífa í kvöld snjókornin
sem kossar án vara.
Og við sem vorum ástfangin
aldrei náðum saman,
það lá alltaf í loftinu
að ég mundi fara.

Það snjóar hérna úti og enginn er á ferli,
allt er hjúpað rökkri og kertin eru dauð.
Senn fer hann að birta og bílar vakna kaldir,
en borgin sefur ennþá og gatan mín er auð.

BJARTIR DAGAR
Í HAFNARFIRÐI

í dag ...

SUNNUDAGUR 12. júní

**10:00** **FJALLAHJÓLAKEPPNIN** Hafnarfjörður – Bláa lónið. Lagt af stað frá Íþróttahúsinu Strandgötu. Keppnin er opin öllu hjólreiðafólki 16 ára og eldra.

**15:00** **HESTAMIÐSTÖÐ ÍSHESTA** við Kaldárselsveg býður upp á hestaferðir á tilboði í tilefni Bjartra daga. Verð kr. 1.500 og teymt frítt undir börnum á milli kl. 15 og 16.

**16:00** **ÞRJÁTÍU ÁRA AFMÆLI JAZZVAKNINGAR** í Hásölum, við Hafnarfjarðarkirkju. Á tónleikunum koma fram þeir Árni Scheving, Finn Ziegler, Einar Valur Scheving, Olivier Antunes og Gunnar Hrafnsson. Aðgangseyrir kr. 2.500 / 1.500 fyrir börn yngri en 12 ára. Forsala aðgöngumiða í þjónustuveri Hafnarfjarðar.

**18:00** **KAKÓBOLLINN Í GAMLA BÓKASAFNINU** við Mjósund. Fram koma Elect, Jón Ragnar, Tommi, We painted the walls, Pétur Ben, Johnny Poo, Þorsteinn úr Hjálmum og KK. Heimalagað Mónukakó. Aðgangur ókeypis.

**20:00** **TÓNLEIKAR SCHPILKAS** ásamt sérstökum gesti Ragnheiði Gröndal í Hafnarfjarðarleikhúsinu að Strandgötu 50. Hin íslensk-danska hljómsveit Schpilkas flytur klezmer tónlist gyðinga og sígauna frá austur Evrópu. Heitt kvöld í Hafnarfirði. Aðgangseyrir kr. 1.000. Forsala í þjónustuveri Hafnarfjarðar. www.schpilkas.net

Bjartir dagar

Ferðamálaráð Íslands

sph

**Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar**
**Strandgötu 6 · Sími 585 5500 · www.hafnarfjordur.is**


# Saga af... misskilningi

Það var vor og mikið um að vera í stjórnmálunum. Davíð Oddsson nýorðinn forsætisráðherra og hann hafði skipað Halldór Blöndal sem landbúnaðarráðherra. Ríkisfjármálin voru í kaldakoli og niðurskurður hér og þar var nánast dagskipun til allra ráðherra. Ég var þingfréttamaður á DV og hafði það hlutverk að elta ráðherrana og finna út hvar skorið yrði niður næst og hversu mikið. Meira að segja landbúnaðarráðuneytið slapp ekki.

Veðrið var fallegt þennan dag. Hópur fólks stóð utan við þinghúsið. Þar beið ráðherrabíll Halldórs og ég ætlaði mér að ná tali af honum, vonaðist til að fá þær upplýsingar sem mig vantaði til að ljúka frétt. Ég beið og leiddist ekki, fjöldi fólks var utan við þinghúsið og allir í sólskinsskapi. Dyrnar opnuðust og Halldór sté út, með blaðabunka undir annarri hendi, ég ætlaði að rjúka að honum, en Haraldur heitinn, bróðir Halldórs, var á undan og bræðurnir tóku tal saman. Ég ruddi mér leið að þeim og setti fram spurningu sem ráðherrann svaraði ekki. Hann sagði bróður sínum að setjast inn í bílinn, vinstra megin að aftan, og gekk síðan sjálfur aftur fyrir bílinn, opnaði dyrnar hægra megin og settist við hlið bróður síns.

Hann hafði ekki svarað mér, eins og ég hafði oft spurt. Segja má að ráðherrann hafi látið sem ég væri ekki til. Ég fylltist þrjósku og þegar hann gerði tilraun til að loka bílhurðinni setti ég handlegginn á milli og kom í veg fyrir að hann gæti lokað. Það fauk aðeins í ráðherrann, sem spurði mig hvað ég vildi. Ég endurtók spurninguna en hann sagðist ekkert vilja segja mér. Ég endurtók spurninguna enn og aftur og um stund fannst mér sem varnirnar væru að bresta. Það var eitthvað í fari ráðherrans sem mér líkaði. Það hafði lifnað yfir honum. Eftir andartaks þögn sagði ráðherrann, og mér fannst hann horfa blíðlega í augun á mér, „sestu fram í". Þvílíkur sigur, sigri hrósandi greip ég um hurðarhúninn og ætlaði að opna. Þá sagði ráðherrann: „Ekki þú, maður". Ekki ég? Þá sá ég að bak við mig stóð maður, maður sem ráðherrann hafði horft svo vinalega til. Maðurinn settist inn, ráðherrabílnum var ekið burt. Eftir stóð ég, fréttalaus fyrir framan Alþingishúsið og hafði óskipta athygli viðstaddra.

Nýjar íslenskar þjóðsögur fara nú í sumarfrí. Heyrumst síðar.



**NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR** *með Sigurjóni*

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is




# SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Coldplay?



Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.

**Dæmi:** Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

**Leystu gátuna!** Þú gætir unnið nýja diskinn með Coldplay – X & Y, sem þykir vera enn eitt stórvirkið frá þeim félögum."

**Á hvað spilar Will Champion?**

a) Bassa s) Gítar e) Trommur

**Hvað heitir dóttir Chris Martin?**

p) Apple w) Orange b) Cherry

**Hvað hefur Coldplay gefið út margar plötur ef X&Y er meðtalin?**

s) 2 l) 3 k) 6

**Hvernig hefst lagið „Yellow"?**

i) Look at the stars ó) Yellow fellow p) Look in my eyes

**Hversu oft hefur Coldplay spilað á Íslandi?**

l) Aldrei m) sex sinnum n) tvisvar sinnum

**Vinningshafar í SMS-leik síðustu viku voru:**

Elísabet Nönnudóttir, Kolbrún D. Pálmadóttir, Ásta Jónína Ingvarsdóttir og Elín Vala Arnarsdóttir.

SMS skeytið kostar 99 krónur.

# VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

## NR. 11

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 28 | 22 | 26 | 10 | | 17 | 9 | 14 | 28 | 19 | 22 | 1 | 4 | |
| 28 | | 14 | | 13 | | 9 | | 4 | | 13 | | 22 | | 32 |
| 9 | 2 | 14 | 25 | 23 | | 2 | 4 | 3 | 23 | 26 | 4 | 18 | 4 | 2 |
| 2 | | 12 | | 11 | 23 | 3 | | 26 | | 4 | | 4 | | 8 |
| 28 | 29 | 24 | 2 | | | 1 | 9 | 28 | 14 | | 5 | 2 | 25 | 23 |
| 4 | | 18 | | 32 | 2 | 4 | 28 | | 27 | | 21 | | | |
| 3 | 1 | 18 | 3 | 2 | | | 14 | | 26 | 13 | 28 | 19 | 4 | 1 |
| 19 | | 3 | | 27 | 28 | 20 | 4 | 19 | 3 | 2 | | 6 | | 24 |
| 11 | 23 | 2 | 4 | 28 | 14 | | 1 | | | 2 | 6 | 27 | 23 | 11 |
| | | | 20 | | 31 | | 10 | 30 | 1 | 4 | | 28 | | 28 |
| 4 | 3 | 28 | 4 | | 12 | 24 | 11 | 2 | | | 12 L | 24 E | 11 I | 14 T |
| 15 | | 13 | | 28 | | 7 | | 11 | 23 | 4 | | 1 | | 4 |
| 11 | 1 | 1 | 11 | 29 | 24 | 2 | 4 | 1 | | 12 | 4 | 10 | 4 | 1 |
| 2 | | 3 | | 11 | | 1 | | 18 | | 3 | | 3 | | 4 |
| | 16 | 2 | 24 | 19 | 12 | 4 | 3 | 28 | | 2 | 30 | 2 | 14 | |

A Á B Đ D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er L til dæmis í reit merktum 12 og fer þá L í alla aðra reiti með því númeri. E er í reit númer 24 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 24 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þessu tilfelli karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 16-13-2-26-27-23-3-2 (í þessari röð).*

**Lausnarorð**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 | 13 | 2 | 26 | 27 | 23 | 3 | 2 |

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

**Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.**

SMS-skeytið kostar 99 krónur.

**Lausn nr. 9**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Þ | J | Ó | R | | V | E | R | Ð | L | A | U | N | |
| F | | E | | A | | E | | Ú | | E | | M | | B |
| O | K | R | A | R | | I | N | N | S | I | G | L | I | R |
| R | | Ú | | T | O | S | | A | | Ð | | A | | Ý |
| V | Í | S | A | | | L | Æ | R | A | | K | R | Á | R |
| I | | A | | H | V | A | Ð | | M | | Ó | | | |
| T | Ö | L | V | A | | | I | | M | O | R | K | I | N |
| I | | E | | N | J | Ó | S | N | A | R | | A | | I |
| N | Á | M | U | N | A | | L | | | K | A | F | A | Ð |
| | | | X | | P | | E | S | J | A | | L | | U |
| Æ | X | L | I | | L | U | G | T | | | B | A | R | R |
| T | | O | | **S** | | M | | Y | L | S | | R | | I |
| U | P | P | S | **K** | E | R | A | N | | Ö | N | N | I | N |
| R | | P | | **Ó** | | Á | | U | | D | | I | | N |
| | H | A | M | **R** | A | Ð | I | R | | D | Ý | R | T | |

**Leystu krossgátuna!**

Þú gætir unnið hina frábæru mynd Closer sem tilnefnd var til tvennra Óskarsverðlauna árið 2005."




**Vinningshafar krossgátunnar í síðustu viku voru:**

Elín Vala Arnarsdóttir, Gerður Magnúsdóttir, Erlendur Lárusson og Guðbjörg Ársælsdóttir.

| Sólarupprás | | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.00 | 13.28 | 23.56 |
| AKUREYRI | 1.51 | 13.12 | 00.37 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

**Góðan dag!**
Í dag er sunnudagur 12. júní, 163. dagur ársins 2005.

**STÖRF Í BOÐI**
Bifvélavirkjar
Sölumaður
Kennarar
Starfsmannastjóri
Kranamaður
Afgreiðslufulltrúi
Stuðningsaðili
Fjármálastjóri
Verkstjóri á verkstæði
Sölumaður varahluta
Gæðastjóri
Verkstæðismóttaka
Aðstoðarleikskólastjóri
Deildarstjóri
Umsjónarmaður
Vélamenn
Bílstjórar

**SMÁAUGLÝSINGAR**
**byrja í dag á bls. 24**

**Flokkar & fjöldi**
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir



# Stendur klár á öryggisatriðunum

***Flestar stúlkur dreymir í æsku um að verða flugfreyjur. Helena Dögg Hilmarsdóttir lét drauminn rætast.***

Helena er að búa sig í flug og segir vaktavinnuna eiga vel við sig. „Ég er að vinna tvo langa daga í röð og fæ svo frí í fjóra til fimm. Þá næ ég að gera svo margt. Ég þyrfti að vera í rosalega skemmtilegu starfi til að una mér í vinnunni frá níu til fimm,“ segir hún brosandi. „Erilsamt? Jú, það getur verið það. Ég flýg fram og til baka og finn oft þegar ég kem heim hvað ég er þreytt. En þá á ég líka frí fram undan.“

Helena kveðst strax hafa vanist aðstöðunni um borð. „Mér þótti hún þröng fyrst en finnst það ekki lengur,“ segir hún og getur þess að á leiðinni út undirbúi flugfreyjurnar mat og fleira fyrir flugið til baka og á bakaleiðinni sjái þær um uppgjör. „Áður en ég byrjaði hélt ég að starfið snerist allt um þjónustu en það eru líka mörg öryggisatriði sem við þurfum að standa klár á. Í undirbúningsnáminu göngum við gegnum fullt af prófum og þurfum að ná þeim 90-100%.“ En hvað gerir hún ef hún verður vör við flughræðslu hjá farþegum? „Ég hef nú ekki lent í neinum ofsahræddum. Oft lætur fólk mann vita þegar það kemur um borð ef beygur er í því og það er mjög gott. Þegar titringur er í lofti biðjum við flugstjórann að tala við farþegana og útskýra ástæðurnar. Það finnst þeim gott.“

Helena hefur verið að læra þýsku í Háskólanum, sem nýtist henni vel á nýju flugleiðinni til og frá Frankfurt Hahn. Hún kveðst sjá sig fyrir sér sem flugfreyju í framtíðinni með öðru. „Ég hef mikla þörf fyrir að vera í hinu og þessu,“ segir hún að lokum.

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
*í atvinnu*

**Júníhefti SFR-blaðsins** er komið út og kennir þar ýmissa grasa. Fjallað er um vaktavinnu, sagt frá því að meðaltalsreglan er yfirleitt betri fyrir SFR-félaga þegar þeir fara á lífeyri og hvernig tölvupóstur frá Veraldarvinum var kveikjan að öðruvísi sumarfríi.

**Hungurverkfall hjá kók**
Starfsmenn í verksmiðjum Coca-Cola í Rúmeníu gripu til þess ráðs á dögunum að fara í hungurverkfall til að mótmæla lágum launum og slæmum starfsaðbúnaði. Verkamennirnir kröfðust 20% launahækkunnar en kókverksmiðjurnar buðu 4%, sem þótti móðgandi.

**Breski verkamannaflokkurinn** lofar að lengja fæðingarorlof úr 26 vikum í 39 til að byrja með og smám saman upp í heilt ár.

*atvinna@frettabladid.is*

**Vaxandi yfirburðir**

Meðallestur Fréttablaðsins á landsvísu
69%
66%

Aldrei meiri munur

Meðallestur Morgunblaðsins á landsvísu
53%
%

FRÉTTABLAÐIÐ
Mest lesna dagblaðið á Íslandi

*Gallup - Neyslukönnun 2004 / mars / apríl 2004 – sérspurningar **Gallup – Fjölmiðlakönnun maí 2004

**Draumastarfið**
Hafirðu sérstakt starf í huga skaltu fara á staðinn og láta vita af áhuga þínum, í stað þess að bíða heima eftir því að starfið verði auglýst.



*Hvernig verður maður ...*

## Félagsráðgjafi?

Starfssvið félagsráðgjafa er mjög vítt og eftirspurn eftir félagsráðgjöfum er mikil. Félagsráðgjafar vinna náið með fólki og aðstoða einstaklinga og fjölskyldur sem eiga í alls konar erfiðleikum. Þeir stuðla að eflingu félagslegra úrræða og aðstoða fólk sem á í félags- eða tilfinningalegum vanda. Félagsráðgjafar vinna líka að ýmsum heilbrigðisstéttum og sinna forvarnarstarfi. Þeir sinna einnig alls konar stjórnunarstörfum og vinna að félagslegri stefnumörkun í fyrirtækjum. Margir félagsráðgjafar stunda líka rannsóknir á sínu sviði.



Félagsráðgjafar sinna fjölbreyttum störfum og margir þeirra vinna með börnum og unglingum.

**NÁMIÐ**

Félagsráðgjöf er kennd við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og er 120 eininga nám sem hægt er að ljúka á fjórum árum. Við útskrift öðlast nemendurnir löggilt starfsréttindi. Sækja þarf um námið fyrir 1. apríl ár hvert.

**INNTÖKUSKILYRÐI**

Námið er á háskólastigi og því er nauðsynlegt að hafa stúdentspróf til að hefja nám. Nýnemar geta vandræðalaust innritast á fyrsta árið en sækja þarf sérstaklega um inngöngu á annað ár og ekki eru allir teknir inn. Þeir sem lokið hafa BA prófi úr félags- eða heilbrigðisvísindum geta sótt um inngöngu beint í starfsréttindanámið á þriðja ári en gerðar eru vissar forkröfur til þess.

**HELSTU NÁMSGREINAR**

Nemar í félagsráðgjöf taka alls konar grunnáfanga í félagsfræði, sálfræði og uppeldisfræði. Þeir taka líka starfstengda áfanga sem snúast um starfsvettvang félagsráðgjafa og þjálfa þá í mannlegum samskiptum og starfi með fólki. Nemendur á þriðja ári eru tvo daga í viku á haustmisseri í starfsþjálfun og á vormisseri fjórða árs er sextán vikna starfsnám þar sem unnið er undir faglegri handleiðslu sérþjálfaðra starfsþjálfunarkennara.

**STARF AÐ LOKNU NÁMI**

Flestir félagsráðgjafar starfa í félags-og heilbrigðisþjónustunni eða í mennta- og dómskerfinu. Þeir reka einnig eigin ráðgjafar- og meðferðarþjónustu, meðal annars á sviði fjölskyldu- og hjónameðferðar. Þeir starfa einnig hjá sjálfseignarstofnunum og samtökum sjálfboðaliða. Einnig hjá sveitarfélögum, á sjúkrahúsum og í skólum.




Í tæknimiðstöðinni verða einnig fundarherbergi.

# Ný störf í tæknigarðinum

***Í Ennis á Írlandi verður byggð 69.675 fermetra tækni- og þróunarmiðstöð.***

Nýr tæknigarður í Ennis í Írlandi gæti skapað allt að 3.500 störf á svæðinu á næstu árum. Garðurinn er kallaður Age Park og var formlega opnaður á fimmtudag. Garðurinn er þrjátíu ekra og hannaður til að verða þungamiðja í írskri og erlendri tækni, þjónustu og þekkingu. Meðal fyrirtækja sem garðurinn vonar að laða að eru rannsóknar- og hugbúnaðarþróunarfyrirtæki.

Þegar lokið verður við garðinn mun hann vera alls 69.675 fermetrar og bjóða fyrirtækjum skrifstofupláss, bæði lítil og stór básarými og einkaskrifstofur. Einnig geta fyrirtæki staðsett skiptiborð sín í garðinum en hann verður opinn bæði erlendum og innlendum fjárfestum.

Aðilar bæði úr einkageiranum og ríkisgeiranum munu fjárfesta í verkefninu og er spáð að 110 milljónir Evra renni í garðinn á næstu fimmtán árum.

# Atvinnuleysi stendur í stað

***Kanadískur efnahagur er þó á uppleið og neysla eykst.***

Atvinnuleysi í Kanada hélst í 6,8 prósentum í maí. 35 þúsund ný störf voru sköpuð í mánuðinum sem er þrefalt meira en spáð var fyrir um. Alls hafa 90 þúsund störf verið sköpuð það sem af er árinu.

Atvinnuleysi í maí er það lægsta síðan í desember árið 2000 vegna aukinna umsvifa í viðskiptum, landbúnaði, samgöngum og viðskiptum en minnkun í framleiðslu og byggingu.

Allt í allt er ástandið í Kanada mjög jákvætt fyrir kanadískan efnahag og virðist neysla innanlands vera að aukast til muna.



Það er fátt verra en að vera atvinnulaus og hafa ekkert fyrir stafni á daginn.

# Ungt fólk hrindir eigin hugmyndum í framkvæmd

***Undanfarin sumur hefur Hitt húsið staðið fyrir skapandi sumarstörfum fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á menningu og listum. Þannig gefst ungu fólki kostur á að fá laun fyrir listsköpun sína og auðga um leið menningarlíf borgarinnar.***



Ása Hauksdóttir hefur umsjón með skapandi sumarhópum hjá Hinu húsinu. Hún segir mikilvægt að styðja við bakið á ungum listamönnum sem eru að feta sín fystu spor í listaheiminum.

Skapandi sumarstörf eru störf fyrir ungt fólk á aldrinum 17 til 25 ára sem lumar á góðum hugmyndum og vill hrinda þeim í framkvæmd. Á hverju ári velur Hitt húsið nokkur skemmtileg verkefni og veitir umsækjendum styrk í formi launa til að vinna að sköpun sinni yfir sumartímann.

Ása Hauksdóttir deildarstjóri menningarmála í Hinu húsinu segir að störf í skapandi sumarhópum verði stöðugt vinsælli enda sé um skemmtileg atvinnutækifæri að ræða. „Hér ganga krakkarnir ekki inn í fyrir fram ákveðin störf heldur skapa þau störfin sín sjálf. Verkefnin snúast um að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd og eru frábært tækifæri fyrir hugmyndaríka einstaklinga til að gera eitthvað skemmtiegt og fá borgað fyrir það í leiðinni," segir Ása. Hún segir að verkefnin séu fjölbreytt og þarna sé unnið að öllum sviðum listarinnar. Myndlist, dansi, kvikmyndagerð, leiklist, tónlist og jafnvel fimleikum.

Í ár bárust 48 umsóknir frá ungmennum og hópum en unnt var að veita 15 verkefnum brautargengi. Ása segir að vissulega sé leiðinlegt að þurfa að sjá á eftir spennandi verkefnum en það sé þó alltaf gagnlegt fyrir fólk að prófa að sækja um.

„Þegar valið er úr umsóknum höfum við ýmislegt til hliðsjónar. Við viljum að verkin verði á einhvern hátt sýnileg og að sem flestir fái notið þeirra. Við viljum líka sjá að verkin verði að veruleika og reynum því að tryggja að það sé fjárhagslegur grundvöllur fyrir verkefnunum. Vissulega er alltaf tekin einhver listræn áhætta en hingað til höfum við ekki orðið fyrir vonbrigðum."

Skapandi sumarhópar hafa verið starfandi frá árinu 1994 og margir þeirra ungu listamanna sem starfa í dag stigu sín fyrstu spor í gegnum Skapandi sumarhópa hjá Hinu húsinu. „Listir og öflugt menningarlíf vaxa ekki af sjálfu sér. Það þarf að rækta lággróðurinn til að bæta mannlífið og þess vegna er mikilvægt að gefa ungu fólki tækifæri á að sanna sig. Skapandi sumarhópar eru ekki bara fyrir þessa krakka. Við græðum öll á þessu því starf þeirra auðgar mannlífið í borginni okkur hinum til ánægju," segir Ása.



Þessir krakkar ætla að standa fyrir innsetningum á Austurvelli alla föstudaga í sumar.



Hljómsveitin Llama ætlar að spila fönk í sumar fyrir alla sem vilja hlusta.

**Ekkert tyggjópopp**

Þeir Steingrímur Karl Teague, Magnús Tryggvason Eliassen, Andri Ólafsson, Finnur Guðmundsson og Snorri Haraldsson skipa hljómsveitina Llama, sem er einn af skapandi sumarhópum Hins hússins í sumar. „Við erum í fönkhljómsveit en leikum í raun mjög fjölbreytta tónlist og frá ýmsum tímabilum," segir Steingrímur, sem spilar á píanó með sveitinni. „Íslendingar heyra ekki mikið fönk og það er gaman að koma þessari tegund tónlistar á framfæri. Þetta er létt og skemmtileg tónlist sem getur því alls ekki talist tyggjópopp þótt hún sé í léttari kantinum."

Strákarnir verða á ferð og flugi um borgina í sumar og ætla að spila sem mest utandyra. Þeir spila á Ingólfstorgi á 17. júní, halda nokkra tónleika og ætla að spila fyrir eldri borgara.

Steingrímur er ánægður með Hitt húsið og segir að þeir strákarnir hafi áður tekið þátt í starfi skapandi sumarhópa. „Þetta er snilldarframtak hjá Hinu húsinu og það er gaman að geta fengið tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og fá að gera það sem manni þykir skemmtilegast," segir Steingrímur.

**Innsetningar í hýðisrými**

Á Austurvelli hafa nokkrir ungir myndlistarmenn komið sér fyrir í undarlegu tjaldi sem þau ætla að nota sem sýningarrými í sumar. „Við verðum með innsetningar vikulega í allt sumar og vinnum alltaf með sama rýmið. Þetta er eins konar hýði sem við bjuggum til," segir Ragnheiður Káradóttir, sem skipar hópinn ásamt Jóhönnu Kristbjörgu og Páli Björnssyni. „Við vinnum út frá hýðinu og hver innsetning byggir á nýrri hugmynd."

Að sögn Ragnheiðar hafa þau öll unnið mikið í myndlist áður og voru saman á listnámsbraut í FB. Tvö úr hópnum hyggja á myndlistarnám við Listaháskóla Íslands í haust og sumarstarfið ætti að vera góður undirbúningur fyrir það. „Okkur langaði að fá tækifæri til að vinna að einhverju skapandi í sumar og sóttum þess vegna um þetta," segir Ragnheiður, sem er ánægð með framtak Hins hússins. „Þetta er alveg frábært og það mætti alveg veita meira fjármagni í þetta svo fleiri fengju tækifæri á að vinna svona skemmtilega sumarvinnu."

*thorgunnur@frettabladid.is*

## Grafa undan hagsmunum verkamanna

NORÐMENN HAFA ÁHYGGJUR AF ERLENDUM VINNUMIÐLUNUM.

Ári eftir að evrópska efnahagssvæðið stækkaði hafa hrakspár um flóð af erlendu vinnuafli á norskan vinnumarkað ekki ræst en nýleg dæmi sýna að hætta er á því að verið sé að stofna hagsmunum almennra launþega í hættu með því að ráða erlent vinnuafl í gegnum vinnumiðlanir sem telja sig ekki þurfa að taka hlíta reglum um lágmarkslaun og aðbúnað á vinnustað.

Norðmenn hafa úthlutað tólf milljónum norskra króna til að standa straum af eftirliti með þróun launa- og starfsaðstöðumála hjá erlendum fyrirtækjum með erlenda starfsmenn sem starfa í Noregi. Verkamannasamband Noregs segir gríðarlegan mun vera á vinnuaðstæðum innfæddra Norðmanna og starfsmanna frá erlendum vinnumiðlunum sem starfa í Noregi. Allir eru sammála um að aðalvandamálið felist ekki í fjölda einstakra verkamanna sem sækja um atvinnuleyfi heldur í vinnuafli sem kemur inn í landið á vegum erlendra atvinnumiðlana. Erfitt er að komast að því hversu margir þeir eru nákvæmlega þar sem gögn eru af skornum skammti. ■



Norðmenn hafa áhyggjur af erlendum vinnumiðlunum eins og þeim sem ráða starfsmenn til Kárahnjúka.

VSÓ RÁÐGJÖF

## Laus störf hjá VSÓ Ráðgjöf
## Umhverfis- og öryggismál

VSÓ Ráðgjöf vill bæta við sig starfsmönnum á byggðatækni-, umhverfis- og mannvirkjasvið stofunnar.

Leitað er að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingum til ráðgjafastarfa við fjölbreytt verkefni s.s. mat á umhverfisáhrifum, öryggis- og heilbrigðiseftirlit, skipulagsmál o.fl.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi haldgóða háskólamenntun. Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.

*VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu 1958 og er eitt af rótgrónustu ráðgjafafyrirtækjum landsins. Lögð er mikil áhersla á fagleg vinnubrögð og góða þjónustu. Hjá VSÓ Ráðgjöf, samstarfs- og dótturfyrirtækjum starfa nú um 80 manns. Í fyrirtækinu ríkir jákvæður starfsandi og starfsmenn reka öflugt starfsmannafélag.*

Umsóknum skal skilað til Guðrúnar Guðmundsdóttur á netfangið gudrun@vso.is eða til móttöku VSÓ Ráðgjafar.

**Smáralind óskar eftir að ráða umsjónarmann rekstrarþátta.**

# Umsjónarmaður rekstrarþátta

Smáralind

**Starfið felst í** að hafa umsjón með daglegum rekstrarþáttum, s.s. öryggismálum, ræstingu, sorphirðu og tækjum og búnaði í verslunarmiðstöðinni auk þess að hafa umsjón með viðhaldi og framkvæmdum við fasteign og lóð.

Starfið felur ekki eingöngu í sér stjórnun því umsjónarmaður þarf að geta gengið í verkin ef þörf krefur.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Iðnmenntun og/eða tæknimenntun
- Reynsla af verkstjórn skilyrði
- Hæfni til stjórnunar og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, nákvæm vinnubrögð og sveigjanleiki

Um er að ræða áhugavert framtíðarstarf á stórum og spennandi vinnustað. Leitað er eftir kraftmiklum einstaklingi sem býr yfir góðri **verkkunnáttu** og getu til að leysa úr þeim ólíku verkefnum sem til falla.

Smáralind er nútíma verslunarmiðstöð sem býður viðskiptavinum upp á þægilegt, bjart og aðlaðandi umhverfi og vingjarnlegt andrúmsloft. Sérstök áhersla er lögð á samspil verslunar og afþreyingar. Smáralind er stærsta bygging hér á landi. Á annasömustu dögum ársins heimsækja verslunarmiðstöðina um 50.000 gestir og þar starfa allt að 1.200 manns þegar mest er.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Davíð Freyr Oddsson (david@img.is) og Hanna B. Vilhjálmsdóttir (hanna@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 19. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

og vodafone

# STARFSMANNASTJÓRI

Til að styrkja enn frekar öfluga liðsheild og mannauð, leitar Og Vodafone að kröftugum einstaklingi til að taka að sér verkefni starfsmannastjóra. Hér er einstakt tækifæri fyrir réttan aðila til að vera þátttakandi í fyrirtæki sem er leiðandi á fjarskiptamarkaði.

*Og Vodafone byggir starfsemi sína og þjónustu á þeirri lykilhæfni sem felst í viðbragðsflýti, sveigjanleika og þekkingu starfsfólks í fremstu röð. Og Vodafone er alþjóðlegt fjarskiptafyrirtæki sem býður þjónustu á Íslandi og út í heim. Félagið hóf starfsemi 16. apríl 2003. Og Vodafone er með rúmlega fjórðungs hlutdeild á markaði og tryggir um leið örugg samskipti tugþúsund einstaklinga og margra stærstu fyrirtækja landsins. Hjá fyrirtækinu starfa í dag um 300 manns.*

## STARFSSVIÐ
- Samræming í starfsmannamálum, þ.m.t. í fræðslumálum
- Ráðgjöf til stjórnenda í starfsmannatengdum málum
- Eftirfylgni með starfsmannastefnu
- Eftirfylgni með launastefnu og jafnréttismálum
- Samskipti við stéttarfélög og trúnaðarmenn
- Umsjón með rekstri mötuneytis
- Umsjón með launakeyrslum
- Ritstjórn á innra neti
- Innleiðing og þróun á mannauðskerfi

## HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða mannauðsfræða
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni í að móta liðsheild
- Þekking á vinnumarkaði, launa- og samningamálum
- Vera árangursdrifinn, skipulagður og tilbúinn að taka þátt í að móta enn frekar fyrirtæki sem er í sókn á samkeppnismarkaði
- Góð íslensku og ensku kunnátta

Hjá Og Vodafone starfar samhentur hópur fólks með fjölbreytta skólagöngu og reynslu. Hugmyndaauðgi og innleiðing nýrrar þjónustu er mikilvæg í allri framþróun Og Vodafone og vegur þessi þáttur mikið í verkefnum hvers starfsmanns. Öll reynsla sem tengist rekstri Og Vodafone kemur að góðum notum. Sá sem valinn verður til starfa á þessum vettvangi fær einstakt tækifæri til að sanna sig og taka þátt í uppbyggingu öflugs fjarskiptafyrirtækis á Íslandi og samþættingu við fjölmiðla.

Starfsmannaþjónusta Og Vodafone er stoðdeild á fjármála- og rekstrarsviði og heyrir undir aðstoðarforstjóra fyrirtækisins.

**Upplýsingar**
Þeim sem vilja spyrjast nánar fyrir um þetta starf er velkomið að hafa samband við Þórð S. Óskarsson hjá Intellecta í síma 511 1225 eða á netfang thordur@intellecta.is.

**Umsókn**
sendist til Intellecta á neðangreint heimilisfang eða til thordur@intellecta.is eigi síðar en 24. júní 2005. Umsókn þarf að greina frá menntun og fyrri störfum, ennfremur frá helstu verkefnum sem umsækjandi hefur tekist á við á undanförnum árum og sem kemur að gagni í þessu starfi.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

intellecta

*Lágmúla 6 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*intellecta@intellecta.is*
*www.intellecta.is*

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu





FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Staða matreiðslumanns við Öldrunarheimili Akureyrar

**Laust er til umsóknar starf matreiðslumanns við Öldrunarheimili Akureyrar.**

Um er að ræða fullt starf, daglegur vinnutími 08:00- 16:00. Umsækjandi þar að geta hafið störf eigi síðar en 1. september 2005.

Matreiðslumaður starfar við hlið yfirmatreiðslumanns og leysir hann af. Áhersla er lögð á jákvæðni og góða samskiptahæfileika.

Akureyrarbær rekur umfangsmikla öldrunarþjónustu bæði innan og utan stofnanna. Heimilin eru 4 með alls 195 íbúa. Fjöldi starfsmanna heimilanna eru um 260.

Upplýsingar um starfið veitir Karl F. Jónsson í síma 821-5399 eða 462-5399. (karlj@akureyri.is)

Laun eru skv. gildandi kjarasamningum Matvís við Launanefnd sveitarfélaga. Tekið verður tillit til samþykkta bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Hlíðar og í Þjónustuanddyri Akureyrarbæjar Geislagötu 9. Umsóknir skulu berast til Karls F. Jónssonar Austurbyggð 17, 600 Akureyri fyrir 28. júní 2005.

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu bæjarins w.w.w.akureyri.is

# Starf í útkeyrslu

**Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur hjá Steypustöðinni starfsmenn með meirapróf í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðið og Suðurland. Starfið felst í útskeyrslu steypubíls og afhendingu á steypu.**

Umsóknir ásamt ferillýsingu og upplýsingum um reynslu sendist fyrir föstudaginn 17.júní 2004 á skrifstofu á eftirfarandi aðila:
Höfuðborgarvæðið. Sendist á Malarhöfða 10, Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið : sveinn@steypustodin.is
Sveinn svarar fyrirspurnum í síma 840-6810.
Suðurland. Sendist á skrifstofu á Hrísmýri 8, Selfoss eða í tölvupósti á netfangið : snorri@steypustodin.is fyrir föstudaginn 17.júní 2004. Snorri svarar fyrirspurnum í síma 840-6882.

Umsækjandi þarf að hafa vilja til að taka þátt í þróttmikilli og metnaðarfullri starfssemi okkar þar sem þjónusta og vörugæði eru í fyrirrúmi. Vinnutími getur bæði orðið langur og breytilegur.

Steypustöðin ehf. er framsækið þjónustu og framleiðslufyrirtæki sem skapar ásamt viðskiptavinum sínum verðmætar gæðalausnir.

STEYPUSTÖÐIN

# Verkamenn, línumenn, vélvirkjar, flokkstjórar og verkstjórar

**Erlendur verktaki óskar eftir að ráða öflugt starfslið við uppsetningu á rafmagnslínum og rafmagnsmöstrum á hálendinu. Um er að ræða tímabundið verkefni sem unnið verður í tveimur hlutum; annars vegar frá júlí til og með október 2005 og hins vegar frá mars til og með október 2006.**

### 1. Unskilled workers

**Scope of work**

- assembly of the unificated steel structures on the ground, according to the workshop drawings, including work with bolts and tightening of bolts with appropriate equipment
- erection of the steel structures from the ground according to the established technology procedures
- assembly of the separated parts to the steel structures from the ground (fittings, etc.) according to the technology procedures
- Secondary site works by the construction, such as cutting of the appropriate material, transport works, etc.

**Requirements**

- elementary education
- team work
- basic experience
- good health status

### 2. Skilled workers – linesman

Scope of work

- working in heights by the construction and assembly of the transmission lines towers
- construction of the steel towers and connection of separated parts including bolt works
- assembly of insulators and electric conductors to the towers according to the approved technology procedures

**Requirements**

- secondary education in the electrical field
- approved technical ability for above mentioned works
- linesman training certificate
- 3 years experience (or add as appropriate)
- team work
- good health status

### 3. Skilled workers – mechanics

**Scope of work**

- assembly of the unificated steel structures on the ground, according to the workshop drawings, including work with bolts and tightening of bolts with appropriate equipment
- erection of the steel structures from the ground according to the established technology procedures
- assembly of the separated parts to the steel structures from the ground (fittings, etc.) according to the technology procedures
- operation of hydraulic stringing equipment and machinery up to 12 tons ÑTesmecì, other assembly and erection equipment up to 3 tons

**Requirements**

- secondary education in the mechanical field
- approved technical ability for above mentioned works
- mechanical certificate
- 3 years of experience
- team work
- good health status

### 4. Technical staff (project managers, site managers, formen)

**Requirements**

- secondary education in the above field
- experience with overhead transmission lines projects
- knowledge of the technical procedures
- managerial skills
- attitude for teamwork
- responsibility and precision
- good health status

**Óskað er eftir verkamönnum við samsetningu á stálundirstöðum, vana línumenn (a.m.k. 3 ára reynsla), vana vélvirkja (3 ára reynsla), flokkstjóra og verkstjóra. Umsóknir og ferilskrár sendist til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, merktar Hálendi. Umsóknarfrestur er til 20. júní 2005.**

# Sölumaður - sælgæti

**484834**
Innflutningsfyrirtæki á sælgæti óskar eftir að ráða til sín starfsmann í sölu og útkeyrslu. Í starfinu felst að keyra á milli viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni, fylla á sælgæti, taka pantanir og selja.

Leitað er að röskum einstaklingi sem hefur góða framkomu, hefur gaman af mannlegum samskiptum og hefur fimm tonna ökuréttindi. Æskilegt að viðkomandi sé reyklaus. Vinnutími er frá kl. 8:00-16:00 með einhverri yfirvinnu.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

# Barnaverndarstofa

## Afgreiðslufulltrúi

**Laust er til umsóknar starf afgreiðslufulltrúa á Barnaverndarstofu. Um er að ræða fullt starf sem felst í símavörslu, afgreiðslu og skjalavörslu, ásamt öðrum fjölbreyttum verkefnum.**

***Almennar menntunar- og hæfniskröfur*** eru að umsækjendur hafi a.m.k stúdentspróf auk marktækrar reynslu af skrifstofustörfum. Haldbær tölvukunnátta er nauðsynleg ásamt góðri færni í íslensku og kunnáttu í ensku og/eða einu norðurlandamáli. Skipulagshæfileikar, jákvætt viðmót ásamt þjónustu – og samstarfsvilja eru mikilvægir eiginleikar í þessu starfi. Kunnátta í GoPro og/eða fjárhags- og mannauðskerfi Oracle er æskileg. Skilningur á bókhaldi er kostur.

***Launakjör*** eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Boðið er upp á gott starfsumhverfi og rík áhersla er lögð á góðan aðbúnað og hollustuhætti. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Barnaverndarstofu við ráðningar í störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

***Umsóknarfrestur*** er til 27. júní n.k. og skal umsóknum skilað á Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, Reykjavík. Frekari upplýsingar veita forstjóri og starfsmannastjóri í síma stofnunnar 530 2600 eða á tölvupóstfangið aslaug@bvs.is

## Vopnafjarðarskóli auglýsir

# Laus er staða aðstoðarskólastjóra við Vopnafjarðarskóla

### Einnig vantar kennara við skólann næsta skólaár.

Kennslugreinar: Sérkennsla, stærðfræði, danska, tölvukennsla, tónmennt.

Í skólanum verða um 100 nemendur næsta skólaár og fjöldi í árgangi frá 5 til 15. Grunn- og tónlistarskóli eru í sama húsnæði og leikskólinn er handan götunnar. Starf tónlistarskólans og tómstunda- og íþróttastarf yngstu nemenda er fellt að starfi grunnskólans.

Vopnafjörður er fallegt og snyrtilegt byggðarlag sem býður upp á fjölbreytta náttúru og fagra sveit. Góð almenn þjónusta er í boði og staðurinn hefur verið lofaður fyrir gott veðurfar. Flugsamgöngur til Akureyrar eru alla virka daga, vegalengd 234 km og til Egilsstaða er 92 eða 135 km.

### Flutningsstyrkur og húsnæðisfríðindi eru í boði.

Upplýsingar veita: Aðalbjörn, skólastjóri, sími 470-3251; 861-4256 og Harpa, aðstoðarskólastjóri, sími 470-3252; 473-1345
Netfang skóla: *adalbjorn@vopnaskoli.is*

## Laus störf í Borgarnesi

**Leitum að áhugasömum einstaklingum í eftirtalin framtíðarstörf**

**Sölu- og afgreiðslumaður í verslun**

Um er að ræða fullt starf og einnig hlutastarf eftir hádegi.

**Ábyrgðarsvið:**

- Afgreiðsla, sala og þjónusta við viðskiptavini
- Pantanir á vörum og önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**

- Þekking á byggingarvörum eða reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Einhver tölvukunnátta æskileg
- Þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

**Einnig vantar okkur starfsfólk til að vinna á laugardögum.**

Umsóknir berist fyrir 24. júní n.k. til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is , Súðarvogi 3 - 5, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, **www.husa.is**

*Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingavara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru átján talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir.*

*Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.*

Velkomin í hópinn!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



## Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri

**Lausar eru til umsóknar stöður aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra í leikskólanum Bergi.**

Leikskólinn Berg er tveggja deilda og þar dvelja 50 börn samtímis. Skólinn tók til starfa í nýju umhverfisvænu húsnæði 3. ágúst 2004 og er staðsettur í mikilli nálægð við náttúruna, nánast í fjöruborðinu á Kjalarnesi. Í skólanum hefur verið lögð rík áhersla á umhverfismennt og vistvænt starf en skólinn mun taka við Grænfánanum nú í júnímánuði.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Hæfni og reynsla í stjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Valdís Ósk Jónasdóttir, leikskólastjóri í síma 697 6706 eða 566 6039. Netfang leikskólans er berg@leikskolar.is. Umsóknir sendist til Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 20. júní. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.**

Reykjavíkurborg

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is



# HEKLA leitar að áreiðanlegu og traustu starfsfólki

### Bifvélavirki á bílaverkstæði

Bifvélavirki á bílaverkstæði hefur það hlutverk að greina, finna úrlausnir og framkvæma viðgerðir á verkstæðinu. Bílaverkstæði HEKLU þjónustar eftirtalin vörumerki: Volkswagen, Audi, Skoda, Mitsubishi og KIA.

Ábyrgð og verkefni:

- Öll almenn viðhalds- og viðgerðarvinna
- Meðhöndlun bilanagreininga
- Deila þekkingu með starfsfélögum
- Framfylgja öllum öryggisreglum og gæðakröfum framleiðenda

Hæfniskröfur:

- Fullgild réttindi sem bifvélavirki
- Góð almenn tölvukunnátta
- Áhugi á símenntun í greininni og vilji til að kynna sér tækninýjungar

### Verkstæðismóttaka

Starfsmaður í verkstæðismóttöku hefur það hlutverk að tryggja að vel sé tekið á móti viðskiptavinum verkstæðis og hugsað sé um hagsmuni þeirra á meðan bíllinn er í umsjá verkstæðis. Bæði meðan á viðgerð og/eða viðhaldi stendur eru viðskiptavinir upplýstir um framgang mála.

Ábyrgð og verkefni:

- Móttaka viðskiptavina
- Bókun tíma á verkstæði
- Fylgjast með framvindu verkefna
- Svörun og ráðgjöf í síma
- Útskrift og frágangur reikninga

Hæfniskröfur:

- Áhugi og þekking á bílum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund

### Verkstjóri á verkstæði

Hlutverk verkstjóra er að skipuleggja tíma og vinnu starfsmanna verkstæðis. Verkstjóri úthlutar verkefnum dagsins og ber ábyrgð á því að staðið sé við gefin loforð gagnvart viðskiptavinum.

Ábyrgð og verkefni:

- Eftirlit og skipulag á þjónustu og viðgerðum
- Starfsmannastjórnun
- Uppfylla ýtrustu öryggisreglur
- Uppfylla kröfur framleiðenda
- Umsjón með skráningu í verkbókhald

Hæfniskröfur:

- Fullgild réttindi meistara í bifvélavirkjun
- Áhugi á símenntun í greininni
- Góð almenn tölvuþekking
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir stjórnunarhæfileikar
- Rík þjónustulund

### Sölumaður varahluta

Sölumaður varahluta hefur það hlutverk að selja og afgreiða varahluti.

Ábyrgð og verkefni:

- Sala bílavarahluta og reikningsútskrift
- Ráðgjöf og sala í gegnum síma

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölu bílavarahluta
- Góð þekking og áhugi á bílum
- Reynsla af umgengni í birgðakerfi
- Góð tölvuþekking
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund

HEKLA er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á bílum og vélum. Markmið félagsins er að vera í fararbroddi hvað varðar þjónustu til viðskiptavina og markaðssetningu þeirrar vöru sem fyrirtækið selur og þjónustar.

Starfsfólk HEKLU er hvatt til að sýna frumkvæði, metnað og vilja til að ná árangri í starfi.

Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá fyrir 16. júní, 2005, til Valdísar Arnórsdóttur, starfsmannastjóra, Laugavegi 174, 105 Reykjavík (va@hekla.is)

HEKLA
Laugavegur 174, 105 Reykjavík.
Sími: 590 5000 · www.hekla.is
hekla@hekla.is



# Þjónustudeild B&L...
## ...leitar að bifvélavirkja

**Starfssvið**
Samskipti við viðskiptavini verkstæðis
Ráðgjöf
Almennar bílaviðgerðir

**Hæfniskröfur**
Próf í bifvélavirkjun
Áhugi og þekking á bílum
Lipurð í mannlegum samskiptum
Frumkvæði og hugmyndaauðgi
Góða tölvukunnáttu
Góð enskukunnátta
Reyklaus

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 20. júní nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.

**B&L** er eitt stærsta og virtasta bílaumboð landsins, stofnað árið 1954. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og Arctic Cat vélsleða og er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öfluga starfsmannastefnu. Alls starfa rúmlega 100 manns hjá fyrirtækinu.

Með bílinn handa þér

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is

**Hyundai - Renault - BMW - Land Rover - Arctic Cat - Renault Trucks - Irisbus**

## GETUM ENN BÆTT VIÐ OKKUR SUMARSTARFSFÓLKI

Við hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness getum enn bætt við okkur stuðningsfulltrúum til sumarstarfa á heimili fólks með fötlun með möguleika á framtíðarstarfi. Heimilin eru staðsett í eftirfarandi sveitarfélögum:

- **Kópavogur**
- **Garðabær**
- **Hafnarfjörður**
- **Álftanes**
- **Seltjarnarnes**

Ef þú ert að leita þér að skemmtilegu sumarstarfi þá gæti þetta verið eitthvað fyrir þig. Tilvalið fyrir þá sem búa í fyrrgreindum sveitarfélögum.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900. Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofunni að Fjarðargötu 13-15 í Hafnarfirði og á heimasíðu okkar www.smfr.is.



## Starfskrafur óskast til að sjá um fiskborð og afgreiðslu í rótgróinni fiskbúð.

Fiskbúðin er ný tekin í gegn og bíður upp á mikla möguleika fyrir áhugasama manneskju. Óskað er eftir reglusömum/ stundvísum/ ábyrgum aðila sem hefur áhuga á að leggja metnað sinn í fallegt fiskborð og veita góða þjónustu.

Áhugasamir sendi umsók á netfangið fiskveg@simnet.is

## Glaður og gefandi
# Leikskólakennari / leiðbeinandi
**óskast til starfa næsta starfsár.**

Regnboginn er deildaskóli staðsettur á Ártúnsholti. Áhersla er á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar.

**Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkilegt fólk.**

Nánari upplýsingar veitir undirrituð í síma 557-70771 og 899-2056 og netfangið er ***regnbogi@regnbogi.is***

**Lovísa Hallgrímsdóttir**
leikskólastjóri

# Hlutastarf
## Við leitum að ábyrgum einstaklingi til að vinna með 11 ára fatlaðri dóttur okkar.

Starfið felst m.a. í að sækja hana í skólann, Ártúnsskóla, fylgja henni eftir í þjálfun og vera henni innan handar við tómstundir og nám. Þarf að hafa bíl til umráða. Vinnutími er frá ca. 14:00 – 18:00 þrjá til fimm daga í viku, frá og með ca. miðjum ágúst. Mikilvægt að viðkomandi sé glaðlyndur, áhugasamur og reyklaus. Lítil íbúð gæti fylgt sem hluti af starfskjörum.

**Þeir sem hafa áhuga geta fengið nánari upplýsingar með því að senda póst á sm@legal.is. Einnig er hægt að hringja í síma 690 4080 eftir 16. júní.**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## FÉLAGSVÍSINDADEILD

**VERKEFNISSTJÓRI/AÐJÚNKT**
**VIÐ MA NÁM Í BLAÐA- OG FRÉTTAMENNSKU**

Við meistaranám í blaða- og fréttamennsku við félagsvísindadeild Háskóla Íslands er laust til umsóknar starf verkefnisstjóra/aðjúnkts. Verkefnisstjórinn mun annast skipulag og daglega umsjón með verklegum þáttum námsins og taka þátt í annarri kennslu meistaranemanna eftir því sem tilefni gefst til. Gert er ráð fyrir að ráða í starfið frá 1. ágúst 2005, til eins árs, með möguleika á framlengingu ráðningar.

Í þessu starfi reynir mjög á frumkvæði, sjálfstæði og samstarfshæfni.

Krafist er meistaragráðu (helst á sviði félagsvísinda) og víðtækrar starfsreynslu á sviði blaða- og fréttamennsku. Kennslureynsla er æskileg.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Félags háskólakennara fjármálaráðherra.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2005. Umsókn þarf að fylgja greinargóð skýrsla um náms- og starfsferil ásamt meðmælum, auk fræðilegra ritsmíða ef umsækjandi telur ástæðu til. Umsóknum skal skila til starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Aðalbyggingu við Suðurgötu, 101 Reykjavík.

Upplýsingar veita Ólafur Þ. Harðarson, deildarforseti, í síma 525 4514, netföng: othh@hi.is, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, skrifstofustjóri, í síma 525 4503, sigurada@hi.is, og Þorbjörn Broddason, prófessor, í síma 5254509 og 5536037, tbrodd@hi.is.

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.
Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000



## SÖLUFÓLK

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 696 6020. Umsóknir með ferilskrá má einnig senda á olafia.b.rafnsdottir@365.is

# Ert þú sá besti?

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

**Sendiráð Bandaríkjanna óskar eftir að ráða aðstoðarmann viðskiptafulltrúa.**

Atvinnuauglýsingu og starfslýsingu er að finna á heimasíðu sendiráðsins www.usa.is.

Síðasti umsóknardagur er 16. júní 2005.

## Kennari í skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

**Laust er til umsóknar starf klarinettukennara í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts.** Um er að ræða 50% starf.

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts er ein af fjórum skólahljómsveitum í Reykjavík. Hún er með aðalaðsetur í Breiðholtsskóla en kennsla fer einnig fram í öðrum skólum í Árbæ og Breiðholti.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Knútur Birgisson, stjórnandi skólahljómsveitarinnar í síma 864 5319. Umsóknir sendist til Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavíkur. Umsóknarfrestur er til 4. júlí 2005. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga, Félags tónlistarskólakennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna.**

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

## Umsjónarmaður skóla í Laugarnesskóla

**Starf umsjónarmanns Laugarnesskóla er laust til umsóknar.**

Í starfinu felst m.a. eftirlit og verkstjórnun vegna viðhalds og ræstingar húsnæðisins, eftirlit með skólalóð og búnaði og umsjón með að aðbúnaður sé í lagi.

Leitað er að einstaklingi sem hefur hæfileika til mannlegra samskipta, reynslu af stjórnun ásamt þekkingu á viðhaldi og rekstri húseigna og er vanur vinnu með börnum.

Tískusýningin hófst svo með taktfastri tónlist í boði dj Margeirs en þau fatamerki sem voru á sýningunni voru Oasis, Whistles, Coast, Onille Oasis og Karen Millen. Oasis sýndi frekar hefðbundin föt sem smellpassa inn í íslenskt veðurfar. Fötin voru vel stíliseruð og flottar húfur, treflar og stígvél kórónuðu töff útlitið.

Þegar Oasis hafði sýnt sína fatalínu tók merkið Coast við. Fyrirsæturnar spígsporuðu eftir sviðinu í smart fötum og verður áhugavert að fylgjast betur með fatnaði frá Coast í nánustu framtíð.

Odille Oasis, sem er undirfatamerki, var næst og sýndi mjög flott nærföt. Þau voru kynþokkafull án þess að vera klámfengin. Fyrirsæturnar, sem bæði voru íslenskar og útlenskar, voru hraustlegar í útliti, en þær geisluðu á










## BEINT FLUG TIL ÍRLANDS

**Í tengslum við einstakt leiguflug til Dublinar getur Úrval Útsýn boðið flugsæti í eina viku til Dublin frá 17. - 24 júní.**



**Flugtímar:**
**Keflavík – Dublin 17. júní: 10:30 - 14:00**
**Dublin – Keflavík 24. júní: 15:00 - 16:30**

**Það er fágætt að Íslendingar eigi þess kost að fljúga beint til Írlands að sumri til og upplifa fegurð þessa nágrannalands okkar og vinalegt mannlíf.**

**VERÐ: 22.900 M/SKÖTTUM BÁÐAR LEIÐIR**
**17.900 M/SKÖTTUM AÐRA LEIÐINA**




sviðinu í g-strengjum undir frönskum blúndunærbuxum.

Whistles tók við af Odille Oasis og sýndi mjög skemmtilega línu. Fötin voru þjóðleg og minntu stundum á Moschino eða Miu Miu. Það var margt mjög klæðilegt þar á meðal og þess er beðið með eftirvæntingu að Whistles opni búð á Íslandi.



Karen Millen endaði svo sýninguna með fallegum og vönduðum fötum. Þar voru sýnd formlegri föt en hjá hinum merkjunum og var showstopperinn rosalega fallegur skósíður hvítur pels í anda ísdrottningarinnar úr ævintýrinu.

Bakgrunnurinn við sýningarpallinn breyttist með hverju merki og var sviðið allt mjög skemmtilega hannað. Eftir sýninguna gátu gestir sest niður, fengið sér drykk og rætt saman um glæsilega sýningu.

















## Kristján fékk EM-silfur

Kristján Helgason þurfti að sætta sig við silfur á Evrópumeistaramóti áhugamanna í snóker sem fór fram í Póllandi. Hann tapaði í úrslitaleiknum fyrir Alex Borg frá Möltu. Leikar fóru 7–2 í römmum.

# sport

sport@frettabladid.is



## 60 SEKÚNDUR MEÐ EIÐI SMÁRA GUÐJOHNSEN

**Íslenska landsliðið er ...** Stórkostlegt.
**Sannir karlmenn ...** Eru með bringuhár.
**Fyrirmynd?** Pabbi.
**Að eiga 100 millur í banka er ...** Yndislegt.
**Aðdáendur þínir á Íslandi eru ...** frábærir.
**Að lyfta ensku dollunni er ...** Næstbesta tilfinning í heimi.
**Þungarokk eða rapp?** Rapp.
**Grófasti leikmaðurinn?** Hermann Hreiðarsson.
**ÍR, Valur eða KR?** ÍR.
**Vialli eða Ranieri?** Vialli.
**Sókn eða miðja?** Miðja.
**Frank Lampard er ...** Næstbestur í Chelsea.
**Besti leikmaður í heimi?** Tryggvi Guðmundsson.
**Er glasið hálffullt eða hálftómt?** Það er alltaf hálffullt.
**Hasselbaink eða Zola?** Hasselbaink.
**Skora eitt eða leggja upp tvö?** Leggja upp tvö.
**Erfiðasti andstæðingur?** Ég sjálfur.
**Auðveldasti andstæðingur?** Rio Ferdinand.

### > Við vorkennum ...



Þrótturum, sem máttu ekki við því að fá ósanngjarnan vítaspyrnudóm í andlitið á mikilvægum tímapunkti í leiknum gegn FH í gær. Þeir stóðu annars vel í Íslandsmeistrunum.

### > Við samgleðjumst ...



.... Trygggva Guðmundssyni, sem virðist óstöðvandi um þessar mundir. Sjö mörk í fimm leikjum er frábær árangur og þá er ótalið markið sem hann skoraði fyrir Ísland gegn Möltu á dögunum. Hann er greinilega sjóðheitur.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

9 10 11 **12** 13 14 15

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- 17.00 **ÍBV** og **KR** mætast í Vestmannaeyjum í Landsbankadeild karla.
- 19.15 **Keflavík** og **Valur** mætast á Keflavíkurvelli í Landsbankadeild karla.
- 20.00 **Fylkir** og **Grindavík** mætast í Árbænum í Landsbankadeild karla.
- 19.40 **Ísland** og **Hvíta-Rússland** mætast í Kaplakrika í undankeppni EM í handbolta.

### SJÓNVARP

- 13.50 **EM í kvennaknattspyrnu** á RÚV. Þýskaland – Frakkland (b).
- 16.30 **Formúlan** á RÚV. Kappakstur í Kanada (b).
- 16.40 **Hnefaleikar** á Sýn. Mike Tyson – Kevin McBride (e)
- 18.45 **Golf** á Sýn. Bandaríska mótaröðin.
- 19.35 **Landsleikur í handbolta** á RÚV. Ísland – Hvíta Rússland (b)
- 19.40 **Landsbankadeildin** á Sýn. Fylkir – Grindavík (b)
- 22.00 **Landsbankamörkin** á Sýn.
- 23.00 **Landsbankadeildin** á Sýn. Fylkir – Grindavík (e)

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild kvenna:*

ÍBV–VALUR 1–7
Bryndís Jóhannesdóttir – Laufey Ólafsdóttir 4, Margrét Lára Viðarsdóttir 2, Rakel Logadóttir 1.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| VALUR | 5 | 4 | 0 | 1 | 27–7 | 12 |
| **BREIÐABLIK** | **4** | **4** | **0** | **0** | **13–4** | **12** |
| KR | 4 | 3 | 0 | 1 | 16–7 | 9 |
| **STJARNAN** | **4** | **2** | **0** | **2** | **3–10** | **6** |
| ÍBV | 4 | 1 | 0 | 3 | 2–9 | 3 |
| **KEFLAVÍK** | **3** | **1** | **0** | **2** | **4–12** | **3** |
| ÍA | 4 | 0 | 0 | 4 | 5–23 | 0 |

*1. deild karla:*

VÖLSUNGUR–FJÖLNIR 1–0
1–0 Andri Valur Ívarsson (24.).
HAUKAR–ÞÓR 0–1
0–1 Ingi Hrannar Heimisson (41.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BREIÐABLIK | 5 | 5 | 0 | 0 | 10–2 | 15 |
| **VÍKINGUR R.** | **5** | **3** | **2** | **0** | **15–2** | **11** |
| KA | 4 | 2 | 1 | 1 | 10–4 | 7 |
| **HAUKAR** | **5** | **2** | **1** | **2** | **8–7** | **7** |
| ÞÓR | 5 | 2 | 1 | 2 | 8–12 | 7 |
| **HK** | **5** | **1** | **2** | **2** | **6–7** | **5** |
| KS | 5 | 1 | 2 | 2 | 5–6 | 5 |
| **VÍKINGUR Ó.** | **4** | **1** | **1** | **2** | **1–10** | **4** |
| VÖLSUNGUR | 5 | 1 | 0 | 4 | 3–9 | 3 |
| **FJÖLNIR** | **5** | **1** | **0** | **4** | **5–12** | **3** |

*2. deild karla:*

ÍR–LEIFTUR/DALVÍK 1–5
Elías Ingi Árnason – Jón Örvar Eiríksson 2, Sveinn Elías Jónsson, Orri Rúnarsson, Gunnar Þórir Björnsson.
AFTURELDING–FJARÐABYGGÐ 5–0
Þorvaldur Árnason 3, Björn Sigurbjörnsson, Jóhann Björn Valsson.

# Þróttarar sprækir en stigin til FH

**FH er enn með fullt hús stiga eftir 3-1 sigur á Þrótti í gær. Sigurinn var ekki jafn öruggur og úrslitin gefa til kynna en Þróttarar léku einn sinn besta leik í sumar.**

**FH 3–1 Þróttur**

Kaplakriki, áhorf: 1200 Erlendur Eiríksson (4)

*1–0 Tryggvi Guðmundsson (45.)*
*1–1 Jozef Maruniak (55.)*
*2–1 Tryggvi Guðmundsson, víti (80.)*
*3–1 Jónas Grani Garðarsson (83.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–8 (8–3) |
| Varin skot | Daði 2 – Fjalar 4 |
| Horn | 3–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–15 |
| Rangstöður | 6–4 |

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson heldur áfram að bæta við mörkum enda greinilega enn heitur eftir landsleikinn. Hann skoraði tvö í gær og hefur nú alls skorað sjö – og ekki nema fimm leikir búnir. Það var svo varamaðurinn Jónas Grani Garðarsson sem minnti á sig með þriðja marki leiksins.

Fyrra mark Tryggva var stórglæsilegt enda ekki á hverjum degi skorað með bakfallsspyrnu. Tryggvi smellhitti boltann, sem sveif í markhornið fjær, og kom Fjalar engum vörnum við. Markið kom á mjög góðum tíma fyrir heimamenn, fyrri hálfleikur var við það að klárast. Fram að því höfðu Þróttarar varist mjög vel enda þéttir fyrir gegn öflugri sóknarlínu FH-inga. Þeim tókst að beita einnig skæðum skyndisóknum framan af í leiknum en Auðun Helgason sá um að kæfa allar slíkar tilraunir í fæðingu. Besta færi FH-inga fyrir markið fékk Davíð Þór er hann skaut í stöngina.

Þróttarar voru vel á tánum þrátt fyrir markið og tókst að refsa FH-ingum á 55. mínútu er Jozef Maruniak slapp framhjá Tommy Nielsen og skoraði gott mark. Davíð Þór hefði átt að skora



**ERFITT HJÁ ERLENDI** Erlendur Eiríksson dómari átti slakan dag í gær og dæmdi FH-ingum vítaspyrnu sem þeir áttu ekki að fá. Reyndist það vendipunkturinn í leiknum. Þróttarinn Páll Einarsson og FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson eru einnig á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

en lét verja frá sér þrátt fyrir ótrúlega gott marktækifæri. Í kjölfarið náði Jón Þorgrímur að renna knettinum yfir línuna en var dæmdur rangstæður eftir mikið þref.

Leikurinn hefði getað dottið hvoru megin sem var og voru gestirnir síst lakari aðilinn í leiknum. En umdeildur vítaspyrnudómur gerði út um leikinn og skoraði Tryggvi örugglega úr vítinu. Þriðja markið kom fljótlega á eftir enda höfðu Þróttarar gefið alla von upp á bátinn.

Sem fyrr sýna FH-ingar ekki sitt besta en tekst samt að innbyrða sigur. Það voru hættumerki á varnarleik liðsins en Auðun Helgason var þar alger yfirburðamaður og bjargaði sínum mönnum um hvað eftir annað. Þróttarar sýndu að það ber ekki að afskrifa þá og með svona spilamennsku geta þeir staðið í hvaða liði sem er.

Páll Einarsson, fyrirliði Þróttar, var vitanlega súr eftir leikinn. „Það er náttúrlega alltaf hundfúlt að tapa, en þeir áttu þetta skilið þegar upp var staðið. Ég er nú ekki mikið fyrir að gagnrýna dómara en mér fannst vítið, sem Tryggvi skoraði annað mark sitt úr, ekki réttur dómur hjá dómaranum. En það er ekkert við því að gera, við verðum bara að rífa okkur upp fyrir næsta leik.“

Auðun Helgason, miðvörður FH, hafði í nógu að snúast enda sóttu Þróttarar stundum hart á vörn FH. „Þetta var þolinmæðisvinna hjá okkur í dag,“ sagði Auðun. „Þróttararnir eru hægir en láta boltann ganga vel á milli sín. Við náðum að auka hraðann í leiknum í seinni hálfleik og þá komu mörkin. Mér finnst við eiga mikið inni og þetta á bara eftir að batna hjá okkur.“

**-esá, mh**

| **FH** 4–3–3 | | **ÞRÓTTUR** 5–3–2 | |
|---|---|---|---|
| Daði | 7 | Fjalar | 7 |
| Guðmundur | 6 | Freyr | 7 |
| **Auðun** | **8** | Eysteinn | 6 |
| Nielsen | 6 | Halldór | 6 |
| Freyr | 6 | Jens | 7 |
| (79. Jónas Grani | –) | Ólafur | 5 |
| Heimir | 5 | Páll | 7 |
| Davíð | 5 | Kristinn | 5 |
| Siim | 7 | (84. Sævar | –) |
| (58. Ásgeir Gunnar | 6) | Daníel | 4 |
| Jón Þorgrímur | 7 | (71. Ingvi | 6) |
| Borgvardt | 6 | Maruniak | 7 |
| Tryggvi | 8 | Henning | 6 |
| (87. Atli Viðar | –) | (79. Haukur Páll | –) |

*MAÐUR LEIKSINS




## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

| | |
|---|---|
| FH–ÞRÓTTUR | 3–1 |
| 1–0 Tryggvi Guðmundsson (45.), 1–1 Jozef Maruniak (55.), 2–1 Tryggvi Guðmundsson, víti (80.), 3–1 Jónas Grani Garðarsson (83.). | |
| FRAM–ÍBV | 0–0 |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 5 | 5 | 0 | 0 | 15–2 | 15 |
| **VALUR** | **4** | **4** | **0** | **0** | **10–2** | **12** |
| FRAM | 5 | 1 | 2 | 1 | 6–4 | 7 |
| **KEFLAVÍK** | **4** | **2** | **1** | **1** | **7–8** | **7** |
| ÍA | 5 | 2 | 1 | 2 | 4–7 | 7 |
| **FYLKIR** | **4** | **2** | **0** | **2** | **7–5** | **6** |
| KR | 4 | 2 | 0 | 2 | 4–4 | 6 |
| **GRINDAVÍK** | **4** | **1** | **0** | **3** | **6–12** | **3** |
| ÞRÓTTUR | 5 | 0 | 2 | 3 | 4–11 | 2 |
| **ÍBV** | **4** | **0** | **0** | **4** | **3–11** | **0** |

### MARKAHÆSTU LEIKMENN

| | |
|---|---|
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 7 |
| **Guðmundur Steinarsson, Keflavík** | **4** |
| Andri Fannar Ottósson, Fram | 3 |
| **Matthías Guðmundsson, Val** | **3** |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| ÍBV–KR | Í dag kl. 17.00 |
| **Keflavík–Valur** | **Í dag kl. 19.15** |
| Fylkir–Grindavík | Í dag kl. 20.00 |
| **ÍA–Keflavík** | **Miðvikudag kl. 19.15** |
| Valur–FH | Miðvikudag kl. 20.00 |
| **Grindavík–KR** | **Fimmtudag kl. 19.15** |
| Fylkir–Fram | Fimmtudag kl. 19.15 |
| **Þróttur–ÍBV** | **Fimmtudag kl. 19.15** |

# Heppnin ekki með Skagamönnum

**Fyrsta markalausa jafntefli sumarsins leit dagsins ljós í Laugardalnum í gær þegar ÍA heimsótti Fram. Fyrri hálfleikurinn var mjög fjörlegur en fátt gerðist í þeim síðari.**

**Fram 0–0 ÍA**

Laugard.v., áhorf:1007 — Egill Már Markússon (6)

### TÖLFRÆÐIN

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 4–8 (1–4) |
| Varin skot | Gunnar 3 – Bjarki 0 |
| Horn | 3–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–8 |
| Rangstöður | 0–6 |

**FÓTBOLTI** Skagamenn tóku aðeins eitt stig með sér úr viðureign sinni gegn Fram í Landsbankadeildinni í gær þrátt fyrir að hafa verið betra liðið á vellinum. Tvívegis náðu Framarar að bjarga á marklínu, og þá áttu gestirnir skalla í stöngina.

Fyrri hálfleikurinn var ansi fjörugur og bæði lið fengu sín færi, litlu mátti muna að Fram næði forystu á 8. mínútu þegar Heiðar Geir Júlíusson átti fasta sendingu sem Bjarki Guðmundsson markvörður missti undir sig, Reynir Leósson var þó réttur maður á réttum stað og bjargaði á marklínu. Bjarki stóð í markinu í fyrsta sinn í sumar en hann var fenginn til liðsins þegar Þórður Þórðarson neyddist til að hætta vegna veikinda. Um miðjan fyrri hálfleikinn hófst fín sóknarlota Skagamanna með því að Unnar Örn Valgeirsson komst í dauðafæri en Gunnar Sigurðsson varði vel. Þar á eftir fékk liðið þrjár hornspyrnur í röð og á endanum bjargaði Ross McLynn á marklínu frá Finnboga Llorenz.

Ríkharður Daðason átti ágætis skot seint í fyrri hálfleik en meira ógnuðu heimamenn ekki uppi við mark ÍA.

Á 38. mínútu átti sér stað mjög umdeilt atvik þegar Gunnar Sigurðsson, markvörður Fram, missti boltann og Hjörtur Hjartarson skoraði með bakfallsspyrnu. Egill Már dæmdi aukaspyrnu á Hjört, sem mótmælti enda leit út fyrir að hann hefði ekkert gert af sér og dómurinn því rangur.

Síðari hálfleikur var ekki næstum eins fjörugur og sá fyrri en Skagamenn mun hættulegri. Sigurður Ragnar Eyjólfsson kom inn á sem varamaður og fékk tvö mjög góð færi til að skora með skalla, í fyrra skiptið hafnaði boltinn í stönginni og fór framhjá í því síðara. Ekkert mark var skorað og fyrsti markalausi leikur sumarsins staðreynd.

„Þetta var alveg rosalega dapurt hjá okkur og klúður hjá Skagamönnum að ná ekki sigri. Það sýndi sig þó að við getum varist ágætlega þó það sé pressa á okkur allan tímann. Ég get ekki verið annað en sáttur við stigið.“ sagði Gunnar Sigurðsson, markvörður Fram, eftir leik en hann vildi þó meina að liðið hefði ekki leikið eins illa og í fyrri hálfleiknum gegn Val.

Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði ÍA, vildi skiljanlega fá meira úr leiknum. „Miðað við færin sem við fengum í þessum leik er svekkjandi að fá bara stig, ég er þó sáttur við spilamennsku okkar. Varnarspilið gekk vel og við vonum bara að það gangi betur hjá okkur að nýta færin á miðvikudag.“

elvar@frettabladid.is

| FRAM 4–3–3 | | ÍA 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Gunnar | 6 | Bjarki | 5 |
| McLynn | 7 | Finnbogi | 7 |
| Þórhallur Dan | 5 | Reynir | 7 |
| Kristján | 6 | ***Gunnlaugur** | **8** |
| Gunnar Þór | 5 | Guðjón Heiðar | 6 |
| Ingvar | 4 | Kári Steinn | 5 |
| Mathiesen | 5 | Pálmi | 6 |
| (62. Andri Steinn | 3) | Unnar | 7 |
| Viðar | 5 | (83. Jón Vilhelm | –) |
| (74. Kristófer Skúli | –) | Martin | 6 |
| Andri Fannar | 5 | Hjörtur | 6 |
| Ríkharður | 4 | (62. Sigurður Ragnar | 6) |
| (58. Ívar | 5) | Hafþór Ægir | 5 |
| Heiðar Geir | 5 | (67. Andri | 5) |

*MAÐUR LEIKSINS

### ARNAR GUNNLAUGSS., 32 ÁRA:

| | |
|---|---|
| **Árangur fyrir mót** | |
| 73 leikir, 49 mörk (0,7 mörk í leik) | |
| **Síðustu tvö tímabil** | |
| 26 leikir, 14 mörk (0,5 mörk í leik) | |
| **Leikir í sumar:** | **4** |
| Mínútur í sumar: | 306 |
| **Mörk í sumar:** | **0** |
| Stoðsendingar í sumar: | 0 |
| **Mörk í fyrstu 4 umferðunum 2004:** | **2** |
| Mörk í fyrstu 4 umferðunum 2003: | 2 |

### GRÉTAR HJARTARSON, 28 ÁRA:

| | |
|---|---|
| **Árangur fyrir mót** | |
| 80 leikir, 48 mörk (0,6 mörk í leik) | |
| **Síðustu tvö tímabil** | |
| 36 leikir, 24 mörk (0,7 mörk í leik) | |
| **Leikir í sumar:** | **3** |
| Mínútur í sumar: | 241 |
| **Mörk í sumar:** | **0** |
| Stoðsendingar í sumar: | 0 |
| **Mörk í fyrstu 4 umferðunum 2004:** | **3** |
| Mörk í fyrstu 4 umferðunum 2002: | 4 |

### FLEST SKOT Í FYRSTU FJÓRUM UMFERÐUNUM:

| | |
|---|---|
| Fylkir | 63 |
| **FH** | **46** |
| Keflavík | 51 |
| **Fram** | **48** |
| Valur | 39 |
| **ÍA** | **38** |
| Grindavík | 34 |
| **Þróttur** | **32** |
| ÍBV | 29 |
| **KR** | **29** |

# Sóknarmenn KR hafa ekki skorað í 360 mínútur

**Markaskorararnir Grétar Hjartarson og Arnar Gunnlaugsson hafa ekki komist á blað í í fyrstu fjórum umferðum Íslandsmótsins og mótherjar KR hafa skorað fleiri mörk fyrir vesturbæjarliðið en framherjar þess.**

**FÓTBOLTI** KR-ingum var spáð góðu gengi í Landsbankadeild karla enda með sterkan hóp og fullt af góðum knattspyrnumönnum. Frammistaða liðsins í fyrstu fjórum umferðum deildarinnar hefur því valdið miklum vonbrigðum. Heppnissigrar gegn Fylki og Fram hafa skilað þeim sex stigum sem komið hafa í hús en varnarsinnaður leikur liðsins hefur fallið í misgóðan jarðveg hjá stuðningsmönnum KR-inga. Liðið er með tvo af marksæknustu sóknarmönnum íslenskrar knattspyrnu innan sinna raða en hvorugur þeirra hefur fundið sig í leikskipulagi Vesturbæjarliðsins það sem af er sumri.

KR-ingar hafa tapað tveimur leikjum í röð í Landsbankadeild karla og liðið hefur verið gagnrýnt mikið fyrir leikstíl sinn í upphafi móts enda er lítið lagt upp úr sóknarleiknum í Vesturbænum það sem af er sumri. Þjálfarinn Magnús Gylfason getur teflt fram tveimur af mestu markaskorurum íslensku deildarinnar á síðustu árum, Grétari Hjartarsyni og Arnari Gunnlaugssyni, en hvorugur hefur komist á blað í mótinu til þessa. Arnar er markalaus á þeim 306 mínútum sem hann hefur spilað og Grétar hefur enn ekki opnað markareikning sinn fyrir KR þrátt fyrir að hafa spilað í 241 mínútu í KR-búningnum. Mörkin hafa miðjumennirnir Bjarnólfur Lárusson, Sigurvin Ólafsson og Rógvi Jacobsen skorað og meira að segja mótherjar KR hafa skorað fleiri mörk en framherjarnir tveir, því annað marka liðsins í fyrsta leik mótsins var sjálfsmarks Fylkismannsins Vals Fannars Gíslasonar, sem er sem stendur ásamt hinum þremur markahæsti leikmaður KR í Landsbankadeildinni.

Þegar tölfræðin er skoðuð kemur líka í ljós að skotgleði KR-inga hefur ekki verið mikil það sem af er mótinu.

Fylkismenn eru þar í algjörum sérflokki en uppskera Árbæinga hefur þó ekki verið mikil þrátt fyrir það. Besta dæmið er úr leik þeirra við KR í fyrstu umferð þar sem Fylkismenn áttu 22 skot gegn aðeins 7 frá KR en urðu engu að síður að sætta sig við tap.

KR-ingar fara til Vestmannaeyja í dag og heimsækja þar botnlið deildarinnar, sem hefur í fyrsta sinn í sögu félagsins í tíu liða efstu deild ekki fengið stig í fyrstu fjórum leikjum sínum. Eyjamenn hafa ekki unnið leik eftir að Magnús Gylfason yfirgaf liðið og fór að þjálfa KR og nú er að sjá hvort fyrsti sigurinn komi þegar Magnús snýr aftur til Eyja. ÍBV hefur leikið átta leiki í röð án þess að tapa fyrir KR og því eru stuðningsmenn liðsins örugglega vongóðir um að fyrstu stigin komi í hús á Hásteinsvellinum í dag en KR hefur ekki unnið deildarleik í Eyjum síðan 1997. Auk leiks KR og ÍBV í Eyjum taka Fylkismenn á móti Grindavík og Valsmenn fara í heimsókn til Keflavíkur og geta þar enn bætt við met sitt en engir nýliðar hafa byrjað mótið betur. Til þess að svo verði þurfa Valsmenn að vinna sinn fyrsta sigur á Keflavík síðan 1997. Fylkir á líka enn eftir að fá stig á heimavelli, sem er óvenjulegt enda hafa Fylkismenn verið mjög sterkir á heimavelli sínum undanfarin ár.

ooj@frettabladid.is



**Í HELJARGREIPUM VARNARMANNA** Grétar Ólafur Hjartarson hefur ekki náð að skora í fyrstu fjórum leikjum KR frekar en félagi hans í framlínunni, Arnar Gunnlaugsson. Báðir eru þekktir markaskorarar og vekur því markaþurrð þeirra talsverða eftirtekt. Það gæti þó breyst í dag en KR-ingar fara í heimsókn til Vestmannaeyja. Eyjamenn eru enn án stiga í deildinni og vilja sjálfsagt breyta því.




SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > EINAR HÓLMGEIRSSON

# MÆTIR ÓHRÆDDUR Í ALLA LEIKI

Handknattleikskappinn **Einar Hólmgeirsson** sýndi stórkostlega takta í sögulegum sigri gegn Svíum á miðvikudaginn og frammistaða hans heldur sjálfum Ólafi Stefánssyni vel við efnið. *Henry Birgir Gunnarsson* ræddi við Einar um lífið í handboltanum en hann var að klára sitt fyrsta ár sem atvinnumaður í Þýskalandi með úrvalsdeildarliði Grosswallstadt.



**MEISTARINN OG ARFTAKINN** Einar Hólmgeirsson og Ólafur Stefánsson munu berjast um stöðu hægri skyttu í íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HANDBOLTI** Einar er 23 ára strákur úr Breiðholtinu en hann lék með ÍR áður en hann hélt utan en þar hélt faðir hans, Hólmgeir Einarsson, um taumana og var aldrei langt undan þegar sonurinn var að spila eða æfa.

Það kom snemma í ljós að Einar hafði það sem til þurfti að komast langt í handboltaheiminum. Það var búið að orða hann lengi við erlend félög áður en hann ákvað að taka tilboði þýska félagsins Grosswallstadt sem félagi hans í landsliðinu, Snorri Steinn Guðjónsson, var þegar hjá.

„Atvinnumannalífið hefur staðið undir væntingum og vel það. Ég komst fyrr inn í allt en ég átti von á og það get ég þakkað Snorra að stóru leyti,“ sagði Einar en handboltaspekingar eru allir sammála um að hann hafi tekið stórstígum framförum sem handboltamaður á þessu eina ári í Þýskalandi. „Maður tekur minnst eftir því sjálfur en maður hlýtur samt að taka framförum við að spila gegn þeim bestu og að geta einbeitt sér algjörlega að handboltanum. Ég er samt sammála því að ég hef bætt mig mikið. Þjálfarinn vissi vel að ég gæti skotið fast og því lagði hann mikla áherslu á að bæta það sem upp á vantaði og að ég spilaði vel fyrir liðið.“

Það er óhætt að segja að Einar hafi staðið sig vonum framar í þýska handboltanum á sínu fyrsta ári en hann skoraði 164 mörk í Bundesligunni og varð í 25 sæti yfir markahæstu leikmenn deildarinnar og næstmarkahæsti Íslendingurinn á eftir Guðjóni Val Sigurðssyni hjá Essen sem skoraði 174 mörk.

„Ég átti ekki von á að mér myndi ganga svona vel. Ég fékk meira að spila en ég átti von á og sjálfstraustið jókst smám saman. Ég mætti líka óhræddur í alla leiki og bar enga virðingu fyrir stjörnunum sem ég var að spila gegn. Ég bar náttúrlega virðingu fyrir þeim eftir leikinn og fyrir en ekki meðan á honum stóð. Ég met alla jafnt og spái ekkert lengur í það hverjum ég er að spila gegn,“ sagði Einar en sjálftraustið skein af honum gegn Svíunum þegar hann raðaði inn mörkunum gegn einum besta markverði heims, Tommy Svensson. „Ég er ekkert að spá í hvort það sé Svensson eða einhver annar í markinu. Ég læt bara vaða.“

Atvinnumennskan er ekki endalaus dans á rósum og það var margt sem kom Einari á óvart í Þýskalandi. „Sumir hlutir eru betri hjá ÍR en hjá Grosswallstadt. Ég er ekkert að grínast. Maður þarf til að mynda að sjá um búninga sína sjálfur en það var nokkuð sem maður spáði aldrei í hjá ÍR,“ sagði Einar.

Frammistaða Einars upp á síðkastið hefur vakið það mikla athygli að talað er um að Ólafur Stefánsson verði að vera á tánum vilji hann halda sæti sínu í liðinu. Einar hlær þegar hann heyrir að fólk sé að bera hann saman við Ólaf.

„Í fyrsta lagi þá er alveg út í hött að setja okkur á sama stall. Ég vona vissulega að ég nái að verða jafn góður og Óli einhvern daginn en það er nokkuð í það. Svo er Ásgeir líka að berjast um þessa stöðu en við erum allir mjög ólíkir leikmenn,“ sagði Einar hógvær en miðað við frammistöðuna gegn Svíum á hann þá ekki von á því að vera í byrjunarliðinu gegn Hvít-Rússum í kvöld? „Þú verður að spyrja Viggó að því,“ sagði Einar og hló.

Einar hefur fengið góð tækifæri til að sýna hvað í sér býr síðan Viggó Sigurðsson tók við landsliðinu og fyrir það er hann mjög þakklátur.

„Það líður öllum leikmönnunum hjá Viggó þannig að þeir eigi möguleika á sæti í liðinu. Það á enginn sæti í liðinu hjá honum, menn fá sín tækifæri og það met ég mikils við Viggó. Það er hörð samkeppni um stöður í landsliðinu í dag og ég tel það vera mjög jákvætt,“ sagði Einar, sem gerði tveggja ára samning við Grosswallstadt á sínum tíma og hann er farinn að spá í framtíðina.

„Ég hef fengið að heyra af áhuga annarra liða og svo vill Grosswallstadt framlengja við mig og þeir vildu það strax eftir HM í Túnis. Mér leist ekki á það og ákvað að bíða og sjá hvernig mér litist á nýja þjálfarann, sem tekur við í sumar, áður en ég tek ákvörðun með framtíðina. Það sem ég tel mikilvægast fyrir mig er að vera hjá liði þar sem ég fæ nóg að spila. Ég hef ekki áhuga á að fara í stórt lið bara til þess að vera einhver varaskeifa,“ sagði Einar en hann telur að framfarir sínar megi að stóru leyti þakka að hann fór til liðs þar sem hann naut trausts og fékk að spila.

„Ég hefði getað farið fyrr út en ég ákvað að fara þegar ég sá fram á að geta ekki bætt mig meira hérna heima. Ég valdi þetta lið þar sem það væri ekki of mikil pressa og að ég fengi að leika 50% á móti manninum sem spilaði sömu stöðu. Ég sé ekki eftir því að hafa tekið þá ákvörðun að fara til Grosswallstadt,“ sagði Einar, sem hefur séð marga fara illa út úr því að semja við of stórt félag. „Það er dýrt að vera töff í þessum bransa. Það eru ófáar skytturnar sem hafa samið við stóru liðin og síðan endað sem lánsmenn í 2. eða 3. deildinni. Það er nauðsynlegt að vera skynsamur þegar maður tekur ákvörðun en ekki stökkva bara á besta peningatilboðið.“

Einar segir að vonbrigðin frá HM í Túnis verði grafin og gleymd ef landsliðinu tekst að leggja Hvít-Rússa að velli og komast á EM í Sviss sem fram fer í janúar á næsta ári. Hann náði aldrei að sýna sitt rétta andlit í Afríku enda lenti hann í leiðinlegum meiðslum rétt fyrir mót.

„Ég var bara hálfur maður og hálfhræddur. Það skipti mig því miklu að sýna mitt rétta andlit gegn Pólverjum um páskana og nú gegn Svíum. Það er lífsnauðsynlegt fyrir boltann að við tryggjum okkur inn á EM. Íslenska handboltanum veitir ekki af smá uppsveiflu enda verið í lægð,“ sagði stórskyttan Einar Hólmgeirsson.

---

Enski leikmannamarkaðurinn:

## Newcastle býður í Wright-Phillips

**FÓTBOLTI** Newcastle hafa boðið í enska landsliðsmanninn Shaun Wright-Phillips. Boðið hljóðar upp á sex milljónir punda, ásamt Craig Bellamy landsliðsmanni Wales og Frakkanum Laurent Robert, sem báðir vilja komast burt frá félaginu. Craig Bellamy fór á láni til Celtic í vetur eftir að hafa lent upp á kant við Graeme Souness, knattspyrnustjóra Newcastle. Laurent Robert hefur heldur ekki verið í náðinni hjá stjóranum skapbráða. Chelsea er einnig sagt hafa áhuga á Wright-Phillips og fylgjast grannt með gangi mála.

-mh

Svíþjóð, Finnland og Þýskaland komin áfram í EM kvenna í knattspyrnu:

## Ensku stúlkurnar úr leik

**FÓTBOLTI** Enska landsliðið, ásamt því danska, féll út úr keppni í Evrópumótinu í kvennaknattspyrnu þegar liðið tapaði 0-1 fyrir Svíum á Ewood Park í Leeds.

Enska liðið, sem var undir töluverðri pressu þar sem mótið var haldið á Englandi, lenti undir eftir þrjár mínútur þegar Anna Sjöström kom sænsku stelpunum yfir eftir klaufagang í vörn enska liðsins. Sænsku stelpurnar héldu forskotinu til enda þrátt fyrir mikla pressu undir lokin.

Finnland vann óvæntan sigur á Dönum á Bloomfield Road, og hafa þar með tryggt sér áframhaldandi þátttöku í keppninni.

Laura Kalmari kom Finnum yfir snemma leiks og þær bættu síðan við öðru marki á sjöttu mínútu þegar Heidi Kackur skoraði fallegt mark.



**MARKIÐ SEM SLÓ ENSKU STÚLKURNAR ÚT** Anna Sjöström sést hér skora markið sem sendi Englendinga út úr keppninni. NORDIC PHTOTS/GETTY

Dönsku stelpurnar sóttu án afláts eftir þetta og náðu að minnka muninn þegar Catherine Sörensen skoraði á fertugustu og fimmtu mínútu. Finnsku stelpurnar vörðust svo hetjulega allt til enda og unnu góðan 2-1 sigur. Þjóðverjar eru einnig öruggir áfram.

-mh

Danski fótboltinn:

## Bröndby meistari

**FÓTBOLTI** Bröndby tryggði sér meistaratitilinn í Danmörku í gær með því að vinna stórsigur 7-0 á Herfölge. Thomas Kahlenberg var besti maður leiksins og skoraði tvö mörk. Bröndby á enn tvo leiki eftir í deildinni, er í efsta sæti með 63 stig en FC Kaupmannahöfn er í öðru sæti með 52 stig og á þrjá leiki eftir. Þetta er í fyrsta sinn sem Michael Laudrup þjálfari hampar danska meistaratitlinum en þrátt fyrir frábæran feril sem leikmaður tókst honum ekki að vinna titilinn þegar hann var að spila. Hann vann þó titla með Real Madrid, Barcelona, Juventus og Ajax. Bröndby vann tvöfalt í Danmörku því liðið varð einnig bikarmeistari.

-egm

## LIÐIÐ MITT > GUÐMUNDUR HRAFNKELSSON SETUR SAMAN DRAUMALANDSLIÐ SITT



# Draumalið síðustu 20 ára

**Guðmundur Hrafnkelsson:** Markvörður. Auðvitað vill maður sjálfur spila í eigin draumaliði. En ef ég ætti að velja einhvern í minn stað væri það Einar Þorvarðarson.

**Valdimar Grímsson:** Hægri hornamaður. Valdimar hefur óbilandi sigurvilja og mikla trú á sjálfum sér.

**Ólafur Stefánsson:** Hægri skytta. Það vita allir af hverju hann er valinn hér enda ótrúlegur leikmaður.

**Dagur Sigurðsson:** Leikstjórnandi. Útsjónarsamur leikmaður sem drífur aðra leikmenn í liðinu áfram. Mikilvægur hlekkur í liðsheildinni og traustur félagi inn á vellinum.

**Alfreð Gíslason:** Vinstri skytta. Alfreð er mjög traustur sóknarmaður og mikill klettur í vörninni. Mjög öflugur og mikill að vexti.

**Guðjón Valur Sigurðsson:** Vinstri hornamaður. Alveg ótrúlega fljótur og útsjónarsamur leikmaður. Hjá honum er leikgleðin fyrst og fremst í fyrirrúmi.

**Geir Sveinsson:** Mjög góður varnarmaður og mikill leiðtogi inni á vellinum.




*„Valið var mjög erfitt enda langur tími og um marga leikmenn að velja sem erfitt er að bera saman."*

## ÚR SPORTINU

Asier Del Horno gengur til liðs við enska stórliðið Chelsea ef eitthvað er að marka umboðsmann leikmannsins.



Jose Mourinho er í leit að vinstri bakverði og hefur m.a. verið orðaður við Kakha Kaladze hjá AC Milan. Þrátt fyrir það segir umboðsmaður Del Horno í samtali við spænska liðið Marca að leikmaðurinn fari til liðsins en samkvæmt blaðinu er kaupverðið litlar 12 milljónir punda. Þá er sagt að William Gallas sé ekki í áætlunum Mourinhos fyrir næstu leiktíð, þótt ótrúlegt megi virðast.

Teddy Sheringham hefur framlengt samning sinn við West Ham um eitt ár og verður því spriklandi með liðinu í ensku úrvalsdeildinni á næsta leiktímabili.



Hann er 39 ára gamall og gekk til liðs við West Ham fyrir ári þegar Portsmouth rifti samningi sínum við hann. Reynsla hans hefur fleytt liði West Ham langt og skoraði hann 20 mörk á nýafstöðnu tímabili fyrir liðið en reikna má með að næsta tímabil verði hans síðasta.

Gennaro Gattuso, miðjumaður AC Milan, er nú orðaður við Manchester United en það er ekki í fyrsta sinn á hans ferli. Sir Alex Ferguson hefur verið aðdáandi hans lengi og er talið að hann ætli að gera stórt tilboð í leikmanninn.



Gattuso hefur sjálfur lýst yfir aðdáun sinni á Manchester United en hængurinn er sá að hann er samningsbundinn Milan til 2009 og er lykilmaður í áætlunum Carlo Ancelotti.

Birgir Leifur Hafþórsson lék þriðja hringinn á áskorendamótinu í Esbjerg í gær á fjórum höggum yfir pari. Hann er því á 12 höggum yfir pari samtals og í 41.-45. sæti.



Birgir er Íslandsmeistari karla í golfi en Íslandsmeistari kvenna, Ólöf María Jónsdóttir, lék þriðja hringinn á opna franska meistaramótinu á einu höggi yfir pari og er því á fimm höggum yfir pari í heildina. Síðast þegar fréttist var hún í 50.-54. sæti þegar nokkrir keppendur áttu eftir að ljúka keppni.

Sigurpáll Geir Sveinsson úr Golfklúbbi Kjalar er með forystu eftir 27 holur á öðru stigamóti ársins sem fram fer í Vestmannaeyjum og er á einu höggi undir pari samanlagt. Þeir Heiðar Davíð Bragason og Magnús Lárusson eru einu höggi á eftir Sigurpáli. Í kvennaflokki hefur Ragnhildur Sigurðardóttir úr Golfklúbbi Reykjavíkur eins höggs forystu eftir fyrsta hringinn en hún lék á 75 höggum, eða fimm yfir pari. Anna Lísa Jóhannsdóttir, einnig úr GR, er önnur á 76 höggum.

# Allt annar hópur en í Túnis

**Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari hefur engar áhyggjur af leikjunum við Hvít-Rússa og segir strákana tilbúna í verkefnið, þó búast megi við erfiðum leikjum.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handknattleik leikur fyrri umspilsleikinn við Hvít-Rússa um laust sæti á EM í Kaplakrika í dag og síðari leikurinn verður úti í Hvíta-Rússlandi eftir viku. Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari er bjartsýnn á leikina og er ánægður með andann í íslenska hópnum. „Hvít-Rússar eru með mjög vel skipað lið, sem hefur fáa veikleika sóknarlega. Þeir spila yfirleitt 3-2-1 vörn, sem ætti að henta okkur ágætlega. Við höfum verið að undirbúa það í vikunni að spila á móti svona vörn, þannig að ég held að það sé ekkert sem þurfi að koma á óvart. Þær munnlegu upplýsingar sem ég hafði fengið um þetta lið komu vel heim og saman við það sem ég hef núna fengið að sjá á myndbandi. Þeir eru með tvær mjög góðar skyttur, góðan miðjumann og fljóta hornamenn.

Við erum nokkuð meðvitaðir um þeirra styrk og þurfum að reyna að halda hraða þeirra niðri, því þeir eru með mjög öflugt hraðaupphlaupslið og reiða mikið á að taka hraðar miðjur. Ég myndi segja að þetta lið sé í rauninni hættulegt á öllum póstum," sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari á blaðamannafundi á Salatbarnum í fyrradag, þar sem tilkynnt var um nýjan samstarfssamning HSÍ og Samskipa.



**NÝJIR OG ÖFLUGIR** Róbert Gunnarsson og Einar Hólmgeirsson eru meðal þeirra ungu landsliðsmanna Íslands sem hafa látið til sín taka.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

### Óttast ekki Hvít-Rússa

Blaðamaður spurði Viggó hvort hann hefði einhverjar sérstakar óskir um að fara með gott veganesti í síðari leikinn ytra. „Við leggjum fyrst og fremst upp með að vinna leikinn. Hvað það verður með mörgum mörkum, verður bara að koma í ljós, en það er ljóst að hvernig sem fer verðum við að fara í leikinn úti með það fyrir augum að sækja, í stað þess að vera að reyna að verja eitthvað forskot. Það þýðir ekkert að fara í leikinn úti til að verja forskot og þó menn séu með gott forskot getur fljótt farið illa ef menn sækja ekki til sigurs. Aðalatriðið hjá okkur verður að reyna að hafa tögl og hagldir í báðum leikjum og reyna að stjórna hraðanum, við verðum að láta þá finna það að þeir séu að spila við sterkt lið," sagði Viggó, sem aðspurður segist ekki óttast neitt í leik Hvít-Rússanna.

„Liðið okkar hefur verið á góðum spretti undanfarið og það er allt annað að sjá þennan hóp núna, en í Túnis. Ungu strákarnir eru komnir með miklu meiri ábyrgð í liðinu og þeir finna það núna að þeir eru framtíðin. Við erum með tíu nýja leikmenn síðan á Ólympíuleikunum og þessir strákar eru allir að koma inn af meira öryggi og eru að finna sig betur, sem kemur fram inni á vellinum," sagði Viggó, sem vildi ekki gefa upp byrjunarlið sitt að svo stöddu.

baldur@frettabladid.is

Tímatökur fyrir Montreal-kappaksturinn voru í gær:

# Button á ráspól í dag

**FORMÚLAN** Englendingurinn Jenson Button verður á ráspól þegar Formúlu 1 kappaksturinn í Montreal í Kanada hefst í dag, en hann náði bestum tíma í tímatökunni í gær. Lið Buttons, BAR, hefur ekki gengið eins vel og spáð hafði verið og því var þessi óvænti árangur liðinu mikið gleðiefni.

Michael Schumacher var í öðru sæti á Ferrari bifreið sinni og Spánverjinn Fernando Alonso og Ítalinn Giancarlo Fisichella, í þriðja og fjórða sæti, en þeir aka báðir fyrir Renault.

Juan Pablo Montoya hjá McLaren varð í fimmta sæti, rétt á undan Takum Sato frá BAR liðinu.

Kimi Raikonen var nokkuð óvænt í sjöunda sæti í þetta skiptið, en hann hefur þótt aka vel í tímatökunum á þessu tímabili.

Jacques Villeneuve, sem var á heimavelli, var í áttunda sæti, en honum hefur ekki gengið vel að undanförnu.

Röðun efstu manna kom nokkuð á óvart því Button hefur ekki gengið sem skildi. Þá var Íslandsvinurinn Mark Webber í fjórtánda sæti sem ekki þykir nógu gott hjá liði hans, Williams þar sem Nick Heidfeld, annar ökumaður hjá liðinu, endaði einnig neðarlega, eða í þrettánda sæti.

David Coulthard náði sé ekki heldur strik en hann ekur nú fyrir Red Bull. Hann var með tólfta besta tímann í tímatökunni í gær.

-mh

**BUTTON ÁNÆGÐUR** Það kom töluvert á óvart í gær þegar það lá ljóst fyrir að Jenson Button yrði á ráspól í kappakstrinum í Kanada í dag.



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Hrafn Gunnlaugsson ræðir um hesta í kvikmyndum og Einar Bollason undirbýr hestaferð á Löngufjörur.

KÓNGUR UM STUND

Brynja Þorgeirsdóttir í kvöld kl. 20:05



GOTT FÓLK McCANN

# STUÐ MILLI STRÍÐA : Traustur vinur

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** ÁTTI ANDVÖKUNÆTUR.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Húsnæðisverð hefur aldrei verið hærra en einmitt nú. Því fannst mér tilvalið að selja íbúðina, sem ég og unnusta mín keyptum fyrir fjórum árum, áður en við flytjum til Svíþjóðar. Og viti menn, við stórgræddum á henni. Íbúðin hafði margfaldast í verði og við, sem áttum engan pening þegar við keyptum hana, státuðum allt í einu af sex stafa tölu inni á bankabókinni. Það yljaði okkur svo sannarlega um hjartarætur. En hvað áttum við nú að gera við alla peningana?

Við ákváðum að vera skynsöm og gera upp allar okkar skuldir við bankann; skuldabréf, lífeyrissjóðslán og hvað þessi lán nú öll heita. Við eyddum drjúgum tíma með þjónustufulltrúanum sem virtist, að því er mér fannst, ekki eiga til aukatekið orð yfir skynsemi okkar. Hann, sem hefur hjálpað okkur svo mikið, brosti breitt þegar skuldirnar voru uppgreiddar. Fjárhæðin á bankabókinni hafði að vísu lækkað svo um munaði en við þökkuðum fyrir og gengum út. Loksins vorum við laus við skuldirnar.

Við bjuggumst við því að byrðin sem hvílt hefur á herðum okkar síðustu ár yrði ekki alveg jafn þung. Svo reyndist þó ekki vera. Þegar við gengum út í heldur grámyglulegt veður fylltist ég tómleikakennd og söknuði. Í fyrstu vissi ég ekki af hverju en áttaði mig svo á því að góður vinur sem hefur fylgt mér í rúm tíu ár, tekið mér fagnandi í hvert sinn sem ég leita til hans og staðið með mér í gegnum súrt og sætt, var horfinn. Næstu nætur á eftir lá ég andvaka og hugsaði um þennan vin. Ég reyndi að telja mér trú um að ég þyrfti ekki á honum að halda, að lífið væri auðveldara án hans.

Eftir nokkrar svefnlausar nætur kyngdi ég loks stolti mínu og fór aftur í bankann. Þar tók þjónustufulltrúinn brosandi á móti mér og spurði: „Á ég að hækka heimilidina?“ Ég kinkaði kolli og endurnýjaði kynni mín af yfirdrættinum, þessum trausta og góða vini.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## PÚ OG PA

Eftir SÖB



# Ódysseifur veður leirhveri

**MYNDLIST**

GUÐMUNDUR ODDUR MAGNÚSSON

**John Bock**
Gallerí Kling og Bang

**Niðurstaða:** Hér er á ferðinni kostuleg upplifun þar sem vitleysan fer allt í einu að taka á sig skiljanlega mynd.

John Bock, sem kom hér á vegum listahátíðar og sýnir í Kling og Bang á Laugaveginum, er einn heitasti myndlistarmaður samtímans. Sýningar eftir hann virðast vera úti um allt um þessar mundir. Í París, á Feneyjartvíæringnum og hér í Reykjavík. Hann er Þjóðverji, um fertugt, sveitadrengur sem lærði hagfræði meðfram myndlistarnámi í Hamborg. Hóf feril sinn með „nonsense“ fyrirlestrum þar sem hann notaði orðaforða og hugtök hagfræðinnar til þess að útskýra heiminn.

Hann yfirgaf þó þann meðvitaða heim og hélt á vit undirmeðvitundarinnar í formi gjörninga sem voru kvikmyndaðir og eru megin verk hans í því formi í dag. Í þeim eru ýmis minni og tilvísanir í gamla og nýja samtímalist. Hann ræðir við skjaldböku á svipaðan hátt og Joseph Beuys ræddi við dauða héra. Hann framkvæmir „rituöl“ í anda Vínar-aksjónistanna o.s.fr.v. Það sem hann sýnir hér á landi er þess lags verk, ferðalag og athafnir, ný kvikmynd unnin með aðstandendum gallerísins. Hann kallar myndina „SKIPHOLT“ og er hún filmuð í íslensku umhverfi, á hverasvæðum og sprungum á Reykjanesinu, Mýrdalsjökli og ef til vill fleiri stöðum.

Á þessari sýningu mæta áhorfandanum ókennilegir hlutir flestir eins konar skúlptúrar, sem gætu allt eins verið ýmiss konar „props“ eða leikmunir sem tilheyra kvikmyndinni sem sýnd er í kjallaranum. Þessir munir eru settir fram algerlega samhengislaust og hafa nánast enga merkingu fyrr en búið er að horfa á myndina þá verða þeir einkennilega nákommnir þegar samhengið er ljóst. Kvikmyndin er að forminu til dæmigerð ferðasaga hetjunar sem hverfur að lokum inn í ljós jökulsins.

Almennt eru tvær megin líkingamyndir notaðar um fegurðarupplifun. Önnur er spegilmyndin þar sem fegurðin er ekki eigind hlutanna heldur liggur hún eingöngu í huga mannanna sem skoða þá eða öllu heldur – bara sitt sýnist hverjum og hverjum þykir sinn fugl fagur. Hin líkingin sem á alveg sérstaklega við um þessa sýningu er hurðin eða glugginn sem opnast inn í nýjan heim, oftast draumkenndan þar sem sá sem upplifir er á ferð annað hvort sem hetja eða fórnarlamb á flótta.

Í þessu tilviki er mikil rómantísk hetja á ferð greinilega með mikinn og göfugan tilgang að leiðarljósi. Eins konar Ódysseifur sem veit ekkert um umhverfi sitt en heldur ótrauður áfram.

Hér er á ferðinni kostuleg upplifun þar sem vitleysan fer allt í einu að taka á sig skiljanlega mynd. Leiðin inn eða út um gluggann, konan að fara eða koman að koma, ferðin inn eða ferðin út, hver vegur að heiman er vegurinn heim. Allt saman kunnugleg stef en John Bock notar öll tiltæk ráð við sköpun á heimsmynd sinni. Gjörningurinn verður að kvikmynd, skúlptúrinn verður að „propsi“ „non-sensið“ verður að einhverjum altækum uppljómuðum sannleika ... sem mér finnst alla vega eitt augnablik svo skiljanlegt, svo satt. Þannig myndlist finnst mér góð. Þetta er góð sýning. ■



**ÚR VERKUM JOHNS BOCK** Þjóðverjinn John Bock sýnir í galleríi Kling og Bang.







**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**KALLI Á ÞAKINU**

*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Í dag kl 14 **UPPS**, í dag kl 17 **UPPS**,
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14 **- UPPS.**,
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

*STÓRA SVIÐ*

**99% UNKNOWN - Sirkussýning**

*CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ*
Þri 14/6 kl 20,
Mi 15/6 kl 20,
Fi 16/6 kl 20,
Fö 17/6 kl 20 ***Aðeins þessar sýningar***

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**

*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Þri 14/6 kl 20 - **Styrktarsýning,**
Fi 16/6 kl 20,
Lau 18/6 kl 20,
Su 19/6 kl 20
***Síðustu sýningar***

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

9 10 11 **12** 13 14 15

**Sunnudagur**

### SAMKOMUR

☐ 14.00 **Steindór Andersen, Rósa Jóhannesdóttir** og **Hilmar Örn Hilmarsson** leika tónlist og kveða rímur á Árbæjarsafni. Einnig kynnir Ásatrúarfélagið heiðinn sið.

☐ 20.00 **Tangósveit lýðveldisins** heldur síðasta tangókvöld vetrarins í Iðnó. Sveitin er skipuð þeim **Hjörleifi Valssyni** fiðluleikara, **Tatu Kantomaa** bandoneonleikara, **Ástvaldi Traustasyni** harmónikuleikara, **Vigni Þór Stefánssyni** píanóleikara og **Gunnlaugi T. Stefánssyni** kontrabassaleikara. Argentísku tangódansararnir **Ceciliu Pugin** og **Mariano Galeano** sýna dans.

### SÝNINGAR

☐ 15.00 **Ólafur Kvaran** sýningarstjóri verður með leiðsögn á Kjarvalsstöðum um sýningu á mörgum helstu myndlistarverkum 20. aldar, sem eru í eigu Listasafns Íslands.

### BJARTIR DAGAR

☐ 10.00 **Fjallahjólakeppnin** Hafnarfjörður - Bláa lónið. Lagt af stað frá Íþróttahúsinu Strandgötu.

☐ 16.00 **Ziegler/Scheving** kvintettinn kemur fram á afmælistónleikum **Jazzvakningar** í Hásölum, við Hafnarfjarðarkirkju. Kvintettinn er skipaður **Árna Scheving, Finn Ziegler, Einari Val Scheving, Olivier Antunes** og **Gunnari Hrafnssyni**.

☐ 20.00 Íslensk-danska klezmerhljómsveitin **Schpilkas** leikur ásamt söngkonunni **Ragnheiði Gröndal** í húsnæði Hafnarfjarðarleikhússins að Strandgötu 50.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ



MENNTASKÓLINN VIÐ SUND • SÉRHÆFÐUR BÓKNÁMSSKÓLI • WWW.MSUND.IS

**Opnir dagar**

13. og 14. júní frá kl. 8.10 til 19.00



MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

KYNNING Á NÁMSFRAMBOÐI • LEIÐSÖGN UM SKÓLANN • AÐSTOÐ VIÐ RAFRÆNA SKRÁNINGU • NÁMSRÁÐGJÖF • VERIÐ VELKOMIN

A4 HÖNNUNARSTOFA / HGM

*„Lymskufulla bygging úr bleikum, mjóum steinum þú ert ekki hús.“*

**Upphaf ljóðsins Líkbrennslustöðin í Dachau, sem er að finna í nýútkomnu Ljóðasafni Hannesar Péturssonar.**

# bækur

baekur@frettabladid.is

# *Blómleg bókaútgáfa í sumar*

„Um jólin kaupir fólk bækur til að gefa en á sumrin kaupir það frekar fyrir sjálft sig,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri bókaútgáfunnar JPV, sem gefur út um tuttugu bókartitla í sumar. Kristján B. Jónsson, þróunarstjóri hjá Eddu, segir að þar á bæ komi út rúmlega fimmtíu bókatitlar í sumar. Bókaútgáfan Bjartur hugsar sér líka gott til glóðarinnar í sumar og gefur út fjórar kiljubækur.

Egill Örn segir að síðustu fimm ár hafi bókaútgáfa að sumri til sífellt færst í aukanna. Aðallega eru það kiljur sem seljast á sumrin en nú er einnig svo komið að hinar veglegustu fræði- og gjafabækur eru farnar að koma út á þessum árstíma.

Kristján segir að sumarmarkaðurinn skiptist í þrennt: „Í fyrsta lagi er það kiljuútgáfan en það hefur sýnt sig að fólk sækir mikið í afþreyingarlestur á sumrin. Svo eru það barnabækurnar sem seljast einnig mikið á sumrin og gjafabækurnar. Svo eru margir farnir að nota sumarfríið til að læra tómstundaiðjur og kaupir sér þá jafnvel bók til að koma sér af stað.“ -jse



**BLÓMLEG BÓKAÚTGÁFA** Íslendingar eru farnir að kaupa fleiri bækur á sumrin.

## > Bók vikunnar ...

**DÁIÐ ER ALT ÁN DRAUMA OG FLEIRI KVÆÐI – Halldór Laxness**



*„Dáið er alt án drauma og fleiri kvæði“ er nýtt kvæðasafn með kvæðum Halldórs Laxness, sem Vaka-Helgafell var að senda frá sér.*
*Frá unglingsaldri orti Halldór Laxness kvæði af ýmsu tagi. Öll eru þau minnisstæð og við mörg þeirra hafa verið samin vinsæl lög. Þessi bók er safn margra þekktustu kvæða Halldórs og þeirra sem orðið hafa þjóðinni mest hjartfólgin.*

## [ METSÖLULISTI ]

EYMUNDSSON
MÁL OG MENNING
PENNINN



AÐALLISTINN - ALLAR BÆKUR

1. **ÚTIVISTARBÓKIN** Páll Ásgeir Ásgeirsson
2. **KLEIFARVATN (KILJA)** Arnaldur Indriðason
3. **KALAHARI VÉLRITUNARSKÓLINN FYRIR KARLMENN (KILJA)** Alexander McCall Smith
4. **ALKEMISTINN (KILJA)** Paulo Coelho
5. **HVEITIBRAUÐSDAGAR (KILJA)** Patterson
6. **GOTT AF GRILLINU** Margrét Þóra Þorláksdóttir
7. **ELLEFU MÍNÚTUR** Paulo Coelho
8. **ENGLAR OG DJÖFLAR (KILJA)** Dan Brown
9. **VERK AÐ VINNA** Geir Svansson þýddi
10. **SKYNDIBITAR FYRIR SÁLINA** Barbara Berger

## NÝJAR BÆKUR



Hjá Máli og menningu er komin út bókin Hannes Pétursson. Ljóðasafn. Í þessari bók er að finna öll ljóð Hannesar, auk Kvæðabókar, bækurnar Í sumardölum, Stund og staðir, Innlönd, Rímblöð, Óður um Ísland, Heimkynni við sjó, 36 ljóð og Eldhylur, en fyrir þá bók hlaut Hannes Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1993. Njörður P. Njarðvík ritar inngang um ljóð Hannesar.



Út er komin bókin **Saga svínaræktar á Íslandi frá landnámi til okkar daga** eftir Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðing. Útgefandi er Svínaræktarfélag Íslands. Bókin er 272 blaðsíður, prýdd um 200 ljósmyndum, teikningum og myndritum. Henni er ætlað að höfða til almennra lesenda en jafnframt uppfyllir hún fræðilegar kröfur því heimildatilvísanir og allar nauðsynlegar skrár eru til staðar.






# Ævintýrið með fornu listamönnunum

**Margra ára ævintýri Þóru Kristjánsdóttur með fornum myndlistarmönnum hefur nú skilað þjóðinni menningarlegu stórvirki sem auðgar arf okkar. Hver veit nema hún breyti líka sjálfsmynd okkar. Jón Sigurður Eyjólfsson ræddi við Þóru um þetta ævintýri.**

Þóra Kristjánsdóttir kastar mæðinni eftir að hafa lokið við menningarlegt stórvirki en á þriðjudaginn var kom út bók hennar Mynd á þili en þar kynnir hún íslenska lesendur fyrir mönnunum á bak við merkustu listaverkin frá siðaskiptum til öndverðrar 18. aldar.

Sjálf hefur hún lítið málað en þó hefur myndlistin átt hug hennar allan frá unga aldri. Sem ungur og áhrifagjarn menntskælingur kynntist hún Birni Th. Björnssyni sem þá var listasögukennari og hafði þessi vinur hennar mikil áhrif á hana. Að stúdentsprófum loknum fór hún til Uppsala þar sem hún nam listasögu. Þegar heim kom biðu hennar margvísleg störf en hún var meðal annars listráðunautur á Kjarvalsstöðum, fréttamaður á fréttastofu útvarps og hafði það sem aukabúgrein að búa til útvarpsþætti um myndlist og myndlistarmenn.

En loks ákvað hún að setjast aftur á skólabekk og fór að nema sögu við Háskóla Íslands en starfaði þó því samhliða á Þjóðminjasafninu. Þegar komið var að því að gera lokaverkefnið fyrir MA-námið ákvað hún að skrifa um íslenska myndlistarmenn frá siðaskiptum til 18. aldar. Þar með byrjaði ævintýrið með fornu myndlistarmönnunum sem endaði í formi þessarar bókar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞÓRA KRISTJÁNSDÓTTIR** Þóra segist hafa gaman af því að kynnast mönnunum á bak við fornu listaverkin og nú kynnir hún þessa vini sína fyrir þjóðinni.

### Þykir vænt um mennina á bak við verkin

„Ég á engan uppáhalds málara eða uppáhalds verk. Ég hef einfaldlega verið afar forvitin fyrir því hverjir mennirnir voru sem standa á bak við þessi merkilegu verk og þegar ég fer að kynna mér það og kynnist þessum mönnum fer mér að þykja vænt um þá. Það er hins vegar engin leið að gera upp á milli þeirra ekki frekar en maður gerir upp á milli vina eða ættingja.“



**MYND AF HALLDÓRI JÓNSSYNI** Þóra telur að þessi mynd sé máluð af séra Hjalta Þorsteinssyni um 1700.

Það er ekki að ástæðulausu sem Þóra afmarkar ævintýrið sitt með myndlistarmönnunum fornu við þetta tímabil. „Við siðaskiptin verða ákveðin skil og listamenn fara að merkja verkin sín en það eru áhrif frá endurreisninni og þá er einnig farið að geta nafna þeirra í rituðum heimildum. Svo verða aftur ákveðin skil þegar íslenskir myndlistarmenn fara að leita sér menntunar í Kaupmannahöfn í lok 18. aldar en ýmissa hluta vegna varð minna úr þeim en efni stóðu til þegar þessir menntuðu menn komu svo heim. Aðrir ílengdust reyndar úti en það er önnur saga. Þetta tímabil hefur ekki verið mikið rannsakað og fannst mér tími kominn til þess.“

Rannsóknarvinna Þóru leiddi meðal annars til þess að merkir listmunir sem áður voru taldir „munaðarlausir“ eignuðust sína höfunda. Þannig hafa elstu íslensku málverkin sem varðveist hafa fundið höfund sinn en um er að ræða myndir á pretikunar-

# Minningarbók um Svövu Jakobsdóttur

**Þann 4. október hefði rithöfundurinn Svava Jakobsdóttir orðið 75 ára, en hún lést snemma árs 2004. Til heiðurs minningu hennar verður gefið út fræðirit á afmælisdegi hennar, ritstýrt af Ármanni Jakobssyni.**

„Þetta er grundvallarrit um Svövu og örugglega ekki það síðasta, því mér sýnist að þarna verði ekki sagt síðasta orðið,“ segir Ármann Jakobsson um verkið og bætir við að Svava sé að mörgu leyti flókið viðfangsefni.

„Hún var eins og menn vita ein af fyrstu módernistunum og stillt upp með Thor Vilhjálmssyni og Guðbergi Bergssyni, en afar ólík þeim báðum. Svava skrifaði mun styttri og stíllega látlausari sögur. Lét atburðarásina leiða fram aðstæður í stað stíls, auk þess sem hún fjallaði um hversdagslíf sem fáir gerðu á þeim tíma, eins og byggingaæði Íslendinga og að ætlast væri til að fólk eyddi nokkrum árum ævi sinnar í að koma sér upp húsnæði. Því var hún þjóðfélagsrýnir öðrum þræði en fjallaði einnig mikið um óttann og aðrar mannlegar tilfinningar af því tagi.“

Í bókinni verður stutt æviágrip, endurprentuð þrjú viðtöl við Svövu frá þremur æviskeiðum og endurprentaðar fræðigreinar eftir Svövu, sem margir vita ekki af og voru ekki gefnar út í nýlegu greinasafni hennar Skyggnst á bak við ský.

Auk þess að hafa skrifað fjöldann allan af smásögum, skáldsögum, leikritum og fræðigreinum um bókmenntir var Svava mjög virk á öðrum sviðum. Hún var þingkona fyrir Alþýðubandalagið frá 1971 til 1979. Hún sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, auk þess að sitja í stjórn Rithöfundafélags Íslands, í Rithöfundaráði og í stjórn Leikskáldafélags Íslands.

Meginefni bókarinnar verða níu fræðigreinar um ýmsar hliðar Svövu; áhrifavalda á verk hennar, samband borgar og náttúru, goðsagnir og óhugnað í skáldskap hennar og það hvernig verk hennar nýtast í kennslu.

Íslendingum öllum sem vilja minnast Svövu Jakobsdóttur er boðið að rita nafn sitt á lista sem birtur verður fremst í bókinni, ásamt því að eignast bókina á sérstöku kynningarverði. Þeir geta sent tölvupóst á sif@jpv.is eða hringt í síma 575 5600.

thordis@frettabladid.is



**SVAVA JAKOBSDÓTTIR RITHÖFUNDUR** Hefði orðið 75 ára í október.

stól sem gerðar voru fyrir Bræðratungukirkju snemma á 17. öld en höfundur þeirra reyndist vera Björn Grímsson en ýmsir kannast við það nafn vegna handrita hans en ekki var vitað til þess að eftir hann lægju málverk.

**Að myndlistarsagan verði þekkt sem Njála**

Í huga Þóru fylgir þessu verki hennar ákveðin von sem gæti breytt sjálfsmynd okkar Íslendinga. „Það hafa verið gerðar miklar rannsóknir á bókmenntasögu okkar og það er gott því sagan getur sagt okkur hver við í raun og veru erum. Hins vegar hafa afar fáar rannsóknir verið gerðar á myndlistalegri arfleið okkar en það er von mín að þessi bók stuðli að því að fólk kynnist þessum verkum og höfundum þeirra, rétt eins og allir þekkja Njálu og persónur hennar.

Ég held að við Íslendingar þurfum ekki að hafa neina minnimáttarkennd þegar myndlistarsögu okkar ber á góma, við eigum kannski ekki svo mörg verk en þetta er engu fátæklegri arfur en nágrannaþjóðirnar okkar eiga sér.“

Þóra ætlar ekki að leggjast í helgan stein þó þetta þrekvirki sé að baki. „Ég tek þátt í því að gefa út bækur sem heita Kirkjur Íslands þar sem rakin er saga þeirra en það er húsafriðunarnefnd sem stendur fyrir þeirri útgáfu í samvinnu við Þjóðminjasafnið og starfsfólk fornleifarnefndar. Svo erum við á Þjóðminjasafninu alltaf að standa fyrir einhverju skemmtilegu og reyndar var það fyrir tilstuðlan þessara frábæru samstarfsmanna minna þar að ég gat unnið þessa bók; hún Hrefna Róbertsdóttir hreinlega rak mig áfram til verksins,“ segir Þóra og hlær en blaðamaður vonar að hún hafi sem mest að gera svo menningararfurinn megi auðgast sem mest. ■



**Málverk af Ragnheiði Jónsdóttur** Þóra telur að þetta málverk sé af Ragnheiði Jónsdóttur biskupsfrú, málað 1675.



**MÁLVERK EFTIR BJÖRN GRÍMSSON** Rannsóknarvinna Þóru færði þessari mynd höfund sinn. Myndin er máluð um 1630.

# Snjallir bókbindarar

Á föstudaginn var opnuð í Þjóðmenningarhúsinu sýningin Norrænt bókband 2005. Á sýningunni er áttatíu og eitt verk eftir jafnmarga bókbindara frá Norðurlöndunum.

Um fjórðungur verkanna hefur hlotið heiðursútnefningu sérstakrar dómnefndar með tilliti til tækni, efnisvals og hönnunar. Sýningin fer um öll Norðurlöndin og verður í Þjóðmenningarhúsinu til 22. ágúst.

Fyrir Íslands hönd stendur að sýningunni félagsskapur íslenskra bókbindara sem kallar sig JAM-hópinn. Þennan hóp mynduðu nemendur á bókbandsnámskeiði með dönskum leiðbeinendum sem haldið var í Reykjavík 1989. Hópurinn hefur staðið að fjölda námskeiða, sýninga og nú síðast norrænu samstarfi til þess að stuðla að varðveislu gamla handverksins í bókbandi og miðla því til komandi kynslóða. ■



**FRÁ SÝNINGUNNI** Í Þjóðmenningarhúsinu má nú sjá verk færustu bókbindara Norðurlandanna.












# Hvítþvegið og fallegt

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Það hefur tekið mig þó nokkurn tíma að verða almennilega ástfanginn af The White Stripes. Þó mættu þau á svæðið þegar popptónlist fór í örlitla uppreisn gegn nýjustu tækni og vísindum í hljóðvinnslu. Það fór t.d. alltaf í taugarnar á mér að þau hafi séð sig tilneydd til þess að taka það fram í plötukápum að allt væri gert án þess að ein tölva kæmi við sögu. Mér finnst svoleiðis gott og blessað, en ég sé ekki tilganginn í því að láta heiminn vita, því tölvur eru ekkert annað en viðbót á fyrri upptökutækni. Það getur hvaða bavíani sem er kosið að vinna með sömu vinnuaðferð og upptökumenn gerðu í gamla daga, þó að hann noti tölvu. Nóg um það.

Með tíð og tíma hef ég lært að meta The White Stripes og tel mig til aðdáenda í dag. Ég keypti mér eintak af nýju plötunni á útgáfudegi og fór heim með hnút í maganum til þess að hlusta. Hæfileikar Jack White eru gífurlegir. Hann er ekki bara ótrúlegur laga- og textahöfundur heldur er túlkun hans nær óaðfinnanleg. Hann kann að nota tónana til þess að senda tilfinningar sínar djúpt inn í hjarta hlustenda sinna. Það er einfaldlega ómögulegt að hlusta á þessa nýju plötu án þess að heillast með. Hér er minna um MC5 töffararariff eins og einkenndi Seven Nation Army. Hægt en bítandi virðist Jack vera færast nær og nær blúsrótum sínum. Best tekst sveitinni upp þegar Jack sleppir því að kveikja á gítarbjöguninni. Ég væri alveg til í heila svoleiðis plötu einhvern tímann. Gæti vel verið besta plata dúettsins frá upphafi.

**Birgir Örn Steinarsson**



**THE WHITE STRIPES:**
GET BEHIND ME SATAN

**NIÐURSTAÐA:** The White Stripes þróa stíl sinn lengra með annarri frábærri breiðskífu. 13 lög sem þjóna öll tilgangi, ekki eitt þeirra virðist hafa verið sett á plötuna til þess að fylla upp í þögnina.

# Sakleysið afhjúpað

[ KVIKMYNDIR ]

UMFJÖLLUN

Klám er ákaflega umdeildur hluti af menningu okkar. Er klám í lagi eða er það forboðinn hlutur? Er þetta ofbeldi eða erótísk afþreying? Er klám ekki bara það sem hverjum og einum finnst vera klám? Þegar Deep Throat kom út árið 1972 fór allt á annan endann í Bandaríkjunum. Siðapostular kepptust um að fordæma myndina en „frjálslyndir“ sögðu að nú væri hægt að tala á eðlilegan hátt um kynlíf. Deep Throat er engin venjuleg klámmynd. Áhrif hennar eru það mikil að frá henni spratt einhver arðbærasti iðnaður afþreyingarefnis. Í dag eru framleiddar rúmlega ellefu þúsund klámmyndir árlega í Bandaríkjunum og þessi iðnaður skilar meiri hagnaði en Hollywood-kvikmyndirnar sem eru sýndar og auglýstar hvarvetna. Deep Throat afhjúpaði sakleysi þjóðfélagsins.

Heimildarmyndin Inside Deep Throat fjallar í stuttu máli um hvernig Deep Throat varð til en hún fjallar ekki síður um áhrif hennar. Myndin er nokkuð skemmtilega gerð og viðtölin í henni eru bæði forvitnileg og á köflum fyndin. Þetta er æði skrautlegt lið í dag. Það er athyglisvert að kynnast því fólki sem vann að gerð Deep Throat, hvar það er í dag og hvaða áhrif þessi mynd hafði á líf þess. Aðalleikarinn, Harry Reems, er til dæmis frelsaður fasteignasali sem spilar golf.

Á köflum er Inside Deep Throat eilítið yfirdrifin og hún virðist ekki sjálf hafa gert upp hug sinn gagnvart klámi. Hún tekur sér stöðu við hlið klámsins eins og það var gert á áttunda áratugnum en mótmælir því klámi sem er gert í dag. Inside Deep Throat er þó umfram allt skemmtileg heimildarmynd um eina þekktustu klámmynd okkar tíma.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**INSIDE DEEP THROAT**

**LEIKSTJÓRI:** FENTON BAILEY OG RANDY BARBATO
**AÐALLEIKARAR:** HARRY REEMS OG GERARD DAMIANO

**NIÐURSTAÐA:** Inside Deep Throat er skemmtileg heimildarmynd um upphaf klámsins og lýsir á skemmtilegan hátt hvaða áhrif hún hafði á fólkið sem gerði hana og samfélagið sem það lifði í.








# Radiohead aftur á breytingaskeiðinu

Liðsmenn Radiohead hafa nú rofið þögnina sem hingað til hefur ríkt yfir næstu plötu þeirra félaga. Söngvari hljómsveitarinnar, Thom Yorke, hefur sagt að upptökur og vinnsla á plötunni minni hann á plötuna Kid A.

Hljómsveitin kom nýlega saman til þess að æfa á fullu og taka upp ný lög en síðasta plata sem hún gaf út var Hail to the Thief, árið 2003. Nýja platan, sem verður sú sjöunda í röðinni, kemur þó ekki út fyrr en á næsta ári.

Yorke sagði nme.com að á æfingum hljómsveitarinnar mætti marka breytingar sem minntu hann á breytingarnar á milli platnanna OK Computer og Kid A. „Þetta gengur mjög vel. Vinnsla plötunnar minnir mig að mörgu leiti á Kid A því við erum aftur að ganga í gegnum breytingatímabil. En það er bara jákvætt. Þetta kemur allt í ljós,“ sagði söngvarinn bjartsýnn. Nöfn eru komin á nokkur lög nýju plötunnar og eru það lögin House of Cards, Glass Flowers, Reckoner og Arpeggi. ■



**THOM YORKE** Hljómsveit hans Radiohead vinnur nú að nýrri plötu og segir söngvarinn tilfinninguna vera líka þeirri þegar hún vann að Kid A en hún var mjög ólík öllum fyrri plötum sveitarinnar.

www.sambioin.is

ashton kutcher amanda peet
a lot like Love
RÓMANTÍK GETUR EYÐILAGT GÓÐA VINÁTTU!

HOUSE OF WAX

HITCHHIKER'S GUIDE TO THE GALAXY

crash

The Wedding Date
Rómantísk gamanmynd með Debra Messing úr "Will & Grace" þáttunum.

**ÁLFABAKKI**

| | |
|---|---|
| A LOT LIKE LOVE | KL. 1.30-3.45-6-8.15-10.30 |
| A LOT LIKE LOVE VIP | KL. 1.30-3.45-6-8.15-10.30 |
| HOUSE OF VAX | KL. 1.30-3.45-6-8.15-10.30 B.I. 16 |
| CRASH | KL. 6-8.15-10.30 B.I. 16 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 1.30-3.45-6-8.15-10.30 |
| THE WEDDING DATE | KL. 2-4-6-8.15-10.30 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 2-4 |

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| MR. AND MRS. SMITH | KL. 5.45-8-10.15 |
| STAR WARS - EPISODE III | KL. 3-5 |
| ICE PRINCESS | KL. 3-8 |
| THE JACKET | KL. 10 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| A LOT LIKE LOVE | KL. 4-6-8-10 |
| HOUSE OF VAX | KL. 8-10 |
| THE ICE PRINCESS | KL. 6 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4 |

**KRINGLAN**

| | |
|---|---|
| A LOT LIKE LOVE | KL. 3.45-6-8.15-10.30 |
| HOUSE OF VAX | KL. 6-8.15-10.30 16 |
| THE WEDDING DATE | KL. 6-8-10 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4 |
| THE ICE PRINCESS | KL. 4 |

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

INSIDE DEEP THROAT
FRÁBÆR HEIMILDARMYND UM TEKJUHÆSTU KLÁMMYND ALLRA TÍMA, DEEP THROAT

ashton kutcher amanda peet
a lot like Love

voksne mennesker

| | | |
|---|---|---|
| INSIDE DEEP THROAT | KL. 7-9-11 | B.I. 16 ára |
| A LOT LIKE LOVE | KL. 5.45-8-10.15 | |
| VOKSNE MENNESKER | KL. 5.45-8-10.15 | |
| CRASH | KL. 5.45-8-10.15 | B.I. 16 ára |
| HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY | KL. 5.40-8-10.20 | |

Háskólabíó




ÚR SÝNINGU ÞJÓÐLEIKHÚSSINS Kanadísk sýning á Bláa hnettinum hefur slegið í gegn og hlotið fimm tilnefningar til verðlauna í Kanada, þar á meðal sem besta leiksýning ársins.

# Blái hnötturinn heillar Kanadamenn

Kanadísk sýning á Bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason hefur verið tilnefnd til verðlauna í fimm flokkum Dora-verðlaunanna, sem eru helstu leiklistarverðlaun Kanada.

Sýningin er sett upp af barnaleikhúsinu Lorraine Kimsa Theatre for Young People í Toronto, en flokkarnir fimm eru besta búningahönnun, besta sviðshönnun, besta kóreógrafía, besta leikstjórn og besta leiksýning ársins. Tilkynnt verður um verðlaunin hinn 27. júní.

Þótt sýningin sé ætluð fyrir börn og sett upp af barnaleikhúsi var hún engu að síður tilnefnd til verðlauna utan barnasýningaflokka, þar á meðal sem besta leiksýning Toronto á leikárinu 2004-2005. Dora Mavor Moore-verðlaunin, eða Dora, eins og þau eru nefnd, eru leiklistarverðlaun sem veitt eru fyrir bestu leiksýningar Toronto, sem er stærsta leihúsborg Norður-Ameríku á eftir New York.

Leikhúsið LKTYP var stofnað árið 1966 og hefur að markmiði að hjálpa börnum að skilja flókið nútímaumhverfi og þau vandamál sem því tengjast með hjálp leikhússins, töfra þess og einstakrar upplifunar.

Þetta er stærsta leikhús sinnar tegundar í Kanada og vinnur náið með skólum, leikskólum og vinnuhópum við að tengja saman leikhúsupplifun og skilning á umhverfinu. Blái hnötturinn var stærsta verkefni leikhússins á leikárinu 2004-2005 og var kynnt þar sem „eitt ótrúlegasta, ævintýralegasta og innihaldsríkasta barnaleikrit allra tíma“. ■


LANDSBANKA DEILDIN

Keppni allra landsmanna

Frítt á leiki og happdrættispottur

Sextán ára og yngri fá frítt á leiki í Landsbankadeildinni í sumar og lenda í happdrættispotti þar sem dregnir verða út 100 glæsilegir vinningar. Miðar eru afhentir í útibúum bankans.

**1. vinningur:** 4 flugmiðar og 4 miðar á leik í Meistaradeild Evrópu.

**Aðrir vinningar:** Áritaðar landsliðstreyjur og vandaðir fótboltar.

Við styðjum íslenska knattspyrnu með stolti

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Elephant Juice **8.00** Fame **10.10** Down With Love **12.00** Austin Powers in Goldmember **14.00** Fame **16.10** Down With Love **18.00** Austin Powers in Goldmember **20.00** Elephant Juice **22.00** Operation Delta Force III: Cl (Strangl. b. börnum) **0.00** Arresting Gena **2.00** The Shadow (Strangl. b. börnum) **4.00** Operation Delta Force III: Cl (Strangl. b. börnum)

## POPP TÍVÍ

**17.00** Game TV (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Filadelfia **21.00** Níubíó **22.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Ron Phillips **8.30** Ísrael í dag **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Miðnæturhróp **11.00** Blandað efni **11.30** Um trúna og tilveruna **12.00** Freddie Filmore **12.30** Dr. David Cho **13.00** Joyce Meyer **13.30** Robert Schuller **14.30** Mack Lyon **15.00** Vatnaskil **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Sherwood Craig **17.30** Maríusystur **18.00** Um trúna og tilveruna **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Ron Phillips **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **0.00** Nætursjónvarp

## Í TÆKINU

**SELA LEIKUR Í CATCH A FALLING STAR Á SKJÁEINUM KL. 22.40 Í KVÖLD.**

# *Sló í gegn í Systrunum*

Sela Ann Ward fæddist 11. júlí árið 1956 í Meridian í Mississippi. Hún er elst fjögurra systkina.

Barnæska hennar var afar venjuleg. Hún lærði listir og auglýsingafræði við Háskólann í Alabama, var klappstýra, í systrafélagi og var valin heimkomudrottning í skólanum enda afskaplega falleg stúlka.

Eftir háskóla fór Sela til New York til að reyna fyrir sér í auglýsingabransanum en eftir að hún var hvött til að prófa fyrirsætustörf sló hún til. Sela lék í sjónvarpsauglýsingum fyrir vörur eins og Pepsi og Maybelline en eftir rúmlega tuttugu auglýsingar hætti Sela í bransanum og flutti til Los Angeles til að verða leikkona.

Frumraun Selu í leiklistinni var árið 1983 þegar hún lék í sjónvarpsþáttunum Emerald Point N.A.S. og það sama ár fékk hún hlutverk á móti Burt Reynolds í myndinni The Man Who Loved Women sem kom henni á kortið. Sela lék líka í sjónvarpsþáttum eins og L.A. Law, Night Court og Cameo By Night og myndum á borð við Nothing in Common, Steele Justice og Hello Again.



Stóra tækifærið hennar Selu kom árið 1991 þegar hún fékk hlutverk sem ein af fjórum systrum í dramaþættinum Sisters á NBC sem sýndir voru á Íslandi. Sela varð strax vinsæl meðal áhorfenda og fékk Emmy verðlaun sem besta kvenleikkonan í dramaþáttaröð árið 1994.

Sela hefur síðan þá fengið hlutverk í myndum eins og Double Jeopardy, The Fugitive og Runaway Bride en hefur gengið mun betur í sjónvarpi.

Hún er gift fasteignajöfurnum Howard Sherman og eiga þau saman tvö börn; Austin Ward og Anabellu Raye.

**Þrjár bestu myndir Selu:** **Double Jeopardy** – 1992 **The Fugitive** – 1993 **The Day After Tomorrow** – 2004





**21.25** *Fræðsla*

**ÚT OG SUÐUR. Í kvöld fer Gísli í heimsókn til Jóns Sveinssonar, fyrrverandi liðsforingja í Norska hernum, í Miðhúsum í Reykhólasveit.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.02** Sammi brunavörður **8.11** Fallega húsið mitt **8.20** Ketill **8.33** Magga og furðudýrið ógurlega **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.25** Sígildar teiknimyndir **9.32** Sögur úr Andabæ **9.55** Hænsnakofinn **10.03** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir **10.30** Hlé

**13.20** Í einum grænum (6:8) **13.50** EM í kvennaknattspyrnu. Bein útsending frá leik Þjóðverja og Frakka sem fram fer á Englandi. **15.50** Út og suður (6:12) **16.20** Táknmálsfréttir **16.30** Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í Kanada.

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Hvít-Rússa.

**21.15 Út og suður (7:12)** Gísli Einarsson flakkar vítt og breitt um landið og bregður upp svipmyndum af áhugaverðu fólki. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**21.40 Napóleon (2:4)** (Napoléon) Myndaflokkur í fjórum þáttum frá 2002. Napóleón er fangi Englendinga á eyjunni St Helenu og rekur viðburðaríka sögu sína fyrir breskri stúlku sem hann kynnist þar. Leikstjóri er Yves Simoneau og meðal leikenda eru Christian Clavier, Isabella Rossellini, Gérard Depardieu, John Malkovich og Anouk Aimée.

**23.20** Fótboltakvöld **23.35** Stóra stökkið **0.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok



**20.05** *Lífsstíll*

**KÓNGUR UM STUND. Brynja Þorgeirsdóttir kynnir hestamennsku fyrir áhorfendum.**

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Litlir hnettir, Vaskir Vagnar, Litlu vélmennin, Leirkarlarnir, Véla Villi, Svampur, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, WinxClub, As told by Ginger 1, Shin Chan, Scooby Doo, Lizzie McGuire, Batman, Yu Gi Oh, Froskafjör, Shoebox Zoo)

**12.00** Neighbours **12.20** Neighbours **12.40** Neighbours **13.00** Neighbours **13.20** Neighbours **13.45** Idol – Stjörnuleit (e) **14.40** Ég lifi... (2:3) (e) **15.25** You Are What You Eat (2:8) (e) **15.50** William and Mary (2:6) **16.35** Apprentice 3, The (2:16) **17.45** Oprah Winfrey

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.15 Home Improvement (20:22)** (Handlaginn heimilisfaðir 1)

**19.40 Whose Line Is it Anyway?** (Hver á þessa línu?)

**20.05 Kóngur um stund (4:18)** Umsjónarmaður er Brynja Þorgeirsdóttir og hún fjallar um allar hliðar hestamennskunnar í þætti sínum. Það verða því óvæntar uppákomur og sumarstemning á Stöð 2 í allt sumar.

**20.35 Cold Case 2 (20:24)** (Óupplýst mál) Bönnuð börnum.

**21.20 Twenty Four 4 (21:24)** (24) Jack Bauer kemst alltaf nær því að bjarga heiminum. Stranglega bönnuð börnum.

**22.05 Medical Investigations (9:20)** (Læknagengið) Doktor Stephen Connor fer fyrir sérfræðingasveit sem er kölluð til þegar hætta er á ferðum.

**22.50 The Body** (Hinn krossfesti) Fornleifafræðingurinn Sharon Golban er við rannsóknarstörf í Jerúsalem. Í ævagömlu grafhýsi finnur hún líkamsleifar sem vekja mikla athygli. Á beingrindinni finnast ummerki sem benda til þess að viðkomandi hafi verið krossfestur. Ýmsir blanda sér í málið og brátt er vinnufriðurinn úti. Aðalhlutverk: Antonio Banderas, Olivia Williams, John Shrapnel, Derek Jacobi. Bönnuð börnum.

**0.35** Two Can Play That Game **2.05** Hilary and Jackie **4.10** Fréttir Stöðvar 2 **4.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí



**20.00** *Fréttir*

**DATELINE. Fréttaskýringaþáttur í umsjón Tom Brokaw, Stone Phillips og Mariu Shriver.**

## SKJÁREINN

**13.15** Mad About Alice (e) **13.45** Burn it (e) **14.15** Dateline (e) **15.15** The Biggest Loser – NÝTT! (e) **16.15** Jack & Bobby (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já – Ný þáttaröð (e) **18.00** Providence (e)

**18.45 Ripley's Believe it or not! (e)**

**19.30 The Awful Truth** Þættirnir eru gagnrýnar en háðskar heimildamyndir um atburði líðandi stundar.

**20.00 Dateline** Dateline er fréttaskýringaþáttur frá NBC sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum.

**21.00 Worst Case Scenario** Þættir um hvernig ósköp venjulegt fólk bregst við óvenjulegum aðstæðum; sýnd eru bæði leikin atriði og raunveruleg. Í þáttunum eru sjálfboðaliðar fengnir til skora sjálfa sig á hólm og takast á við það sem þeir óttast mest.

**21.50 Da Vinci's Inquest** Sakamálaþættir um réttarannsóknardeild í Vancouver í Kanada. Þættirnir byggja á lífi Larry Campell, metnaðarfulls og vandvirks dánardómstjóra í Vancouver sem í starfi sínu lagði einlæga áherslu á að gera borgina sína að betri stað til að búa á en þættirnir gerast einmitt í Vancouver.

**22.40 Catch a Falling Star** Sydney Clarke er stórstjarna í Hollywood sem gengur allt í haginn. En þegar hún kemur að unnusta sínum með annari konu, stingur hún af og endar í litlum bæ þar sem enginn þekkir hana og ákveður að verða þar um kyrrt á meðan hún er að átta sig. Aðalhlutverk: Sela Ward.

**0.20** Cheers (e) **0.50** Boston Public **1.30** John Doe **2.15** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.00** Beach Volley: Swatch-fivb World Tour Italy **14.00** Football: UEFA European Women's Championship England **17.45** Tennis: ATP Tournament Queen's United Kingdom **19.15** Motorsports: Motorsports Weekend **19.45** Fight Sport: Fight Club **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Beach Volley: Swatch-fivb World Tour Croatia **22.45** Boxing

**BBC PRIME**
**12.00** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **15.00** Extreme Animals **15.30** Weird Nature **16.00** The Chelsea Flower Show **17.00** A Place in France **17.30** Location, Location, Location **18.00** Monarch of the Glen **19.00** Property People **20.00** Escape to the Country **21.00** Pyramid **22.00** Medical Mysteries **22.50** Table 12 **23.00** Battlefield Britain **0.00** Dan Cruickshank Under Fire **1.00** Spain Means Business

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Built for the Kill **13.00** The Real Zulu Dawn **14.00** Zulu Dawn **16.30** Flying With Falcons **17.00** In the Womb **19.00** World's Busiest Port **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Tsunami – The Day the Wave Struck **22.00** The Sea Hunters **23.00** Journey of Man

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **13.00** Wild Indonesia **14.00** Austin Stevens – Most Dangerous **15.00** Seven Deadly Strikes **16.00** Horsetails **16.30** Zoo Story **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Big Cat Diary **19.00** Wild Indonesia **20.00** The Amazing Talking Orang-utan **21.00** Gorilla, Gorilla **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Crocodile Hunter

**DISCOVERY**
**12.00** Extreme Machines **13.00** Mummy Autopsy **14.00** Wild Weather **15.00** Why Intelligence Fails **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Engines **17.00** Battle of the Beasts **18.00** American Chopper **19.00** Harley **20.00** Motorcycle Mania **21.00** Thunder Races US **22.00** American Casino **23.00** War Surgeons **0.00** Scene of the Crime

**MTV**
**12.00** Diary of **12.30** Movie Awards Weekend Music Mix **13.00** The Fabulous Life of **13.30** All Eyes On **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Punk'd **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Switched On **19.30** Wild Boyz **20.00** MTV Live **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** Teen Sex Super Secret Movie Rules **13.00** VH1 Goes Inside **14.00** Fabulous Life Of... **16.00** Top 20 Awesome Movie Songs **18.00** Behind the Movie **20.00** Movie Love Songs **21.00** MTV at the Movies **21.30** VH1 Rocks **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.40** City Hospital **13.35** Famous Homes & Hideaways **14.00** Fantasy Open House **14.25** Paradise Seekers **14.50** It's a Girl Thing **15.15** The Race **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.40** Single Girls **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Cheaters **20.40** Spicy Sex Files **21.30** Sex Tips for Girls **22.00** Sextacy **23.00** City Hospital **0.00** In Your Dreams **0.30** Insights **1.00** The Race

**E! ENTERTAINMENT**
**13.00** The E! True Hollywood Story **20.00** The Entertainer **21.00** The E! True Hollywood Story **0.00** The Entertainer **1.00** The E! True Hollywood Story

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.20** Digimon II **12.45** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob two-two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**
**12.19** The Man Who Fell to Earth **13.54** Fringe Dwellers **15.34** The Broken Star **17.00** Love Crimes **18.30** The Betsy **20.34** I Start Counting **22.20** Joseph Andrews **0.00** Straight Out of Brooklyn **1.25** Hardware

**TCM**
**19.00** Sweet Bird of Youth **21.00** The Strawberry Statement **22.50** Joe: The Busy Body **0.15** Week-end at the Waldorf **2.20** The Gazebo

**HALLMARK**
**12.45** Dinotopia **14.15** By Dawn's Early Light **16.00** Flood: A River's Rampage **17.30** Ruby's Bucket of Blood **19.15** H2O **21.00** Lonesome Dove: The Series **21.45** While I Was Gone **23.30** Lonesome Dove: The Series **0.30** H2O **2.15** While I Was Gone

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### ÍSLAND – HVÍTA-RÚSSLAND *Sjónvarpið* kl. 19.35

***Seinni leikurinn er í Minsk 18. júní.***

### Barist um sæti


Ólafur Stefánsson.

Íslendingar og Hvít-Rússar mætast í landsleik í handknattleik á sunnudagskvöld í beinni útsendingu. Þessar þjóðir bítast um sæti í Evrópukeppninni í handknattleik sem haldin verður í Sviss á næsta ári. Liðin mætast í tveimur leikjum, sá fyrri er í Kaplakrika, sá síðari er í Minsk 18. júní og er einnig í beinni útsendingu sjónvarpsins. Allir bestu handknattleiksmenn landsins verða tiltækir í þessum mikilvægu leikjum, þar á meðal atvinnumenn Íslands í Þýskalandi og á Spáni, þar sem keppni lauk nú um mánaðamótin.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„Livius, if you listen very carefully, you can hear the gods laughing!"**

**Svar:** Commodus úr kvikmyndinni The Fall of the Roman Empire frá árinu 1964.



**19.40** *Íþróttir*

**LANDSBANKADEILDIN. Bein útsending frá leik Fylkis og Grindavíkur í fimmtu umferð.**

**SÝN**

**10.50** Hnefaleikar (Mike Tyson – Kevin McBride)

**13.20** HM 2006. (Mike Tyson – Kevin McBride) **15.00** US PGA 2005 – Monthly **15.45** Gillette-sportpakkinn **16.15** Bandaríska mótaröðin í golfi **17.10** Hnefaleikar (Mike Tyson – Kevin McBride)

**19.40 Landsbankadeildin** (Fylkir – Grindavík) Bein útsending frá fimmtu umferð Landsbankadeildarinnar en um helgina mætast eftirtalin félög: Fram – ÍA, FH – Þróttur, ÍBV – KR, Fylkir – Grindavík og Keflavík – Valur.

**22.00 Landsbankamörkin** Mörkin og marktækifærin úr fimmtu umferð Landsbankadeildarinnar.

**22.30 Aflraunir Arnolds** (Arnold Schwarzenegger-mótið 2005) Árlega flykkjast bestu keppnismennirnir til Ohio í Bandaríkjunum og taka þátt í móti sem kennt er við Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra í Kaliforníu, sem var mikill íþróttagarpur á árum áður. Keppt er í nær öllum greinum bardagaíþrótta auk fitness, fimleika, lyftinga og vaxtarræktar svo fátt eitt sé nefnt. Þetta er sannkölluð íþróttaveisla sem óhætt er að mæla með.

**23.00** Landsbankadeildin (Fylkir – Grindavík) **1.00** NBA (Úrslitakeppni)

**BBC FOOD**

**12.00** Delia's How to Cook **12.30** A Cook's Tour **13.00** Chalet Slaves **13.30** The Best **14.00** The Rankin Challenge **14.30** Wild Harvest **15.00** Who'll Do the Pudding? **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Secret Recipes **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** Worrall Thompson **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Ching's Kitchen **19.30** Safari Chef **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** A Cook's Tour **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.00** Billedgudstjeneste fra Gjerrild Kirke **12.45** Speedway: Englands Grand Prix **14.15** Vild med Alice **14.45** Flyvende farmor **16.00** Bamses Billedbog **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.40** Vagn i Japan **18.10** Landsbyhospitalet **19.00** TV Avisen **19.15** S¢ndag **19.45** S¢ndagssporten med SAS liga **20.10** Da Holly forsvandt **21.05** Portræt af en morder **22.35** Made in Denmark: I fællesskabets tjeneste

**SV1**

**12.25** Mordet på en tidning **13.15** Världens bästa Nilsson **14.15** Drömmarnas tid **15.00** Barn är livet **16.00** På fisketur med Lars & Bård **16.30** Mike Mulligan och hans ånggrävskopa **16.55** Dagens visa **17.00** Så här går det till på Saltkråkan **17.30** Rapport **18.00** Little Britain **18.30** Sportspegeln **19.00** Bestäm dig, Jimmy **19.20** Agenda **20.15** Orden med Anna Charlotta **20.45** Vetenskap – Barndomens mysterier **21.15** Rapport **21.20** Design 365 **21.25** Golf: LPGA **23.20** Sändning från SVT24

**TALSTÖÐIN** FM 90,9

**9.00** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

**12.10** Staðan í fíkniefnamálum – Sigurður G. Tómasson ræðir við Þórarinn Tyrfingsson. **13.00** Hitt og þetta úr Allt og sumt e. **14.00** Menningarþáttur **15.03** Bíóþátturinn

**16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna. **18.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **19.00** Staðan í fíkniefnamálum **20.00** Messufall e. **21.00** Gullströndin – Skemmtiþáttur e.

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Á sumargöngu **10.15** Myndin af manninum **11.00** Guðsþjónusta í Breiðholtskirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins, Lesið í snjóinn **14.10** Stofutónlist á sunnudegi **15.00** Eins og dýr í búri **16.10** Listahátíð í Reykjavík 2005:

**18.28** Illgresi og ilmandi gróður **19.00** Íslensk tónskáld: Atli Heimir Sveinsson **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.30** Teygjan

**23.00** Í leit að glataðri veröld

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir

**12.45** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **19.30** Fótbolta- og handboltarásin **22.10** Popp og ról

**1.10** Ljúfir næturtónar

**BYLGJAN** FM 98,9

**9.00** Gæðatónlist á sunnudagsmorgni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róberts **16.00** Á tali hjá Hemma Gunn.

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

**ÚTVARP SAGA** FM 99,4

**12.40** MEINHORNIÐ

**13.00** FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur

**16.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

**AÐRAR STÖÐVAR**

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*... fær David Beckham. Ef hann er staddur hér á landi þá hefur hann aldeilis leikið á íslenska fjölmiðlamenn, sem hafa alls staðar gripið í tómt.*

## HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á BALDVINI ALBERTSSYNI, HLJÓMBORÐSLEIKARA LOKBRÁR.**

# Sagnfræðingur Lokbrár

**Hvernig ertu núna?** Ég er að jafna mig eftir ferðalag til Normandí í Frakklandi.
**Augnlitur:** Brúnn.
**Starf:** Rokkstjarna.
**Stjörnumerki:** Naut.
**Hjúskaparstaða:** Piparsveinn. Mjög svo einhleypur.
**Hvaðan ertu?** Fæddur og uppalinn í Reykjavík.
**Helsta afrek:** Það mun allt koma fram í ævisögunni eftir 50 ár.
**Helstu veikleikar:** Tölvuleikir, myrkfælni og rómantískar kvikmyndir.
**Helstu kostir:** Ég er jákvæður og hress.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Horfi aldrei á sjónvarp.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Freysi á XFM.
**Uppáhaldsmatur:** Indverskur.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Indverskur staður í London, man ekki nafnið.
**Uppáhaldsborg:** London.
**Uppáhaldsíþróttafélag:** Engin skoðun.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Þau eru ekki enn komin.
**Áhugamál:** Tónlist, sagnfræði, kærusturnar mínar í hljómsveitinni, að skralla.
**Viltu vinna milljón?** Ég myndi vilja milljarð.
**Jeppi eða sportbíll:** Engin skoðun.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Rokkstjarna eða sagnfræðisérfræðingur.
**Skelfilegasta lífsreynslan:** Þegar hljómborðinu mínu var stolið. Ég hef samt endurheimt það núna.
**Hver er fyndnastur?** Óskar trommari.
**Hver er kynþokkafyllstur?** Bara einhver sem líkist mér.
**Trúir þú á drauga?** Já.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Síberíski tígurinn eða kamelljón.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Hamstur eða sjávardýr.
**Áttu gæludýr?** Já, svartan labrador sem heitir Argus.
**Hvar líður þér best?** Með mínum vinum og fjölskyldu.
**Besta kvikmynd í heimi:** 2001: A Space Odyssey.
**Besta bók í heimi:** Get ekki ákveðið mig því þær eru svo margar.
**Næst á dagskrá:** Bara að vinna í músíkinni.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú þegar hinn nýdanski **Björn Jörundur Friðbjörnsson** er horfinn úr ritstjórastóli *b&b* eru miklar vangaveltur um hver muni taka við af honum. **Steinar J. Lúðvíksson**, framkvæmdastjóri Fróða, er þögull sem gröfin enda er góður tími til stefnu því Björn mun hafa skilið eftir sig fullklárað blað. Þó eru ýmsar væringar og nafn **Guðmundar Arnarsonar**, blaðamanns á Séð og Heyrt og mágs **Bjarna Brynjólfssonar**, verið mikið í umræðunni. Eitt er víst að næsti ritstjóri mun þurfa að taka til hendinni ef takast á að rífa eina „karlablaðið" á Íslandi upp úr þeim öldudal sem það hefur verið í.



LANDSBANKADEILDIN DRAUMALIÐIÐ TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

EGGERT SKÚLASON: HJÓLAR HRINGINN FYRIR HJARTVEIKA

# Vill Strákana í lið með sér

„Ég legg af stað 27. júní í beinni útsendingu í *Íslandi í bítið* með gulldrengnum Eiði Smára. Hann ætlar að hjóla með mér fyrsta daginn en þetta verður svona ìcelebrityî hjólreiðaferð," segir Eggert Skúlason sem er að skipuleggja hjólreiðaferð í kringum landið til styrktar Hjartaheill, með áherslu á Neistann sem er deild innan samtakanna og hlúir að hjartveikum börnum og aðstandendum þeirra. „Ég fæ þekkt fólk til að hjóla með mér til að styðja málstaðinn," segir Eggert en meðal þeirra sem hjóla með honum eru Jónsi úr Svörtum fötum, Kári Stefánsson, Jón Ásgeir í Bónus og Ingibjörg Pálmadóttir.

Fyrirtæki og einstaklingar geta keypt kílómetra og lagt þannig sitt af mörkum í söfnunina. Öryggismiðstöðin Lífís, Vís og Lýsing gerðu Hjartaheill kleift að ráðast í verkefnið. *Ísland í bítið* fylgir Eggerti og félögum eftir og sýnir frá ferðinni þrisvar til fimm sinnum í viku. „Ég hjóla þetta á fimmtán dögum en tek pásu um helgar, til að klofið á kallinum verði ekki ónýtt," segir Eggert. Fyrst verður stefnt að Höfn í Hornafirði, svo Akureyri og loks endað í Reykjavík 15. júlí.



**EGGERT SKÚLASON** „Þetta verður fullt af fíflaskap og æðislegum boðskap," segir Eggert um ferðina.

„Eg var orðinn djöfull feitur um áramót og sömuleiðis var fjárhagur Hjartaheillar mjög magur," segir Eggert en hann er varaformaður samtakanna og sá einnig um söluna á treyju Eiðs Smára í lok apríl. Hann ákvað að skella sér í þjálfun fyrir ferðina miklu og verður sá undirbúningur sýndur í *Íslandi í bítið*. „Ég er búinn að léttast fullt. Ég segi nú ekki að ég myndi kaupa latex-galla ótilneyddur en ég passa alveg í hjólreiðagalla," segir Eggert.

Eggert skorar á **Strákana** á Stöð 2 að taka alvöru verkefni sér fyrir hendur og hjóla með honum. „Ég býð þeim að hjóla með mér eina dagleið á Möðrudalsöræfum, 92,23 km. Þeir hafa 12 klukkutíma til að gera þetta," segir Eggert. „Ef þeir þora ekki þá kemur það bara í ljós. Ef þeir hins vegar mæta og ná að klára þetta þá býðst ég til að gera eitthvað fyrir þá," segir Eggert, sem bíður spenntur eftir því að leggja af stað.

rosag@frettabladid.is




# Tvær glæsilegar á tískusýningu

Sennilega hefur aldrei verið haldin jafn flott tískusýning hér á landi og sú sem efnt var til í Skautahöllinni á föstudaginn. Erin O'Connor var viðstödd sýninguna en hún er ein frægasta fyrirsæta í heimi í dag. Henni þótti sýningin glæsileg og afar fagmannlega unnin. „Mér finnst frábært að halda svona flotta tískusýningu á Íslandi því mig hefur alltaf langað að koma til Íslands," sagði Erin en þessi glæsilega fyrirsæta hefur meðal annars verið í auglýsingaherferðum fyrir Chanel, Givenchy, Versace, Dolce & Gabbana, Gucci, Armani og Jean Paul Gaultier. Með henni á sýningunni var meðal annars vinkona hennar Jade Parfit, sem einnig er heimsfræg fyrirsæta. Erin O'Connor þótti Whistles vera með flottustu fötin á sýningunni. „Whistles heillaði mig mest með klæðilegum fötum í þjóðlegum stíl. Ég er hérna sem boðsgestur en ég var fyrst að hitta Jón Ásgeir nú í kvöld. Hann er afar heillandi maður," sagði Erin, sem sást síðar um kvöldið dilla sér af mikilli snilld á dansgólfinu á Nasa.

Dorrit Moussaieff var að sjálfsögðu viðstödd sýninguna enda ekki óvön að spóka sig um í hátískufatnaði. Hún var stórglæsileg að vanda, brosmild og glöð og yfir sig hrifin af sýningunni. „Mér fannst þetta rosalega flott og fötin voru glæsileg. Ég er mjög stolt af Íslendingum að halda ekta hátískusýningu. Þetta er bara byrjunin." Athygli vakti að Ólafur Ragnar Grímsson var ekki í fylgd með Dorrit. „Hann er á fundi með átta hagfræðingum, hann er alltaf að vinna," sagði hún og hló dátt. „Á meðan fæ ég að gera þetta skemmtilega." ■



**ERIN OG JADE** Erin O'Connor er ein frægasta fyrirsæta í heimi í dag. Hún skemmti sér vel á tískusýningunni og mætti með vinkonu sinni Jade Parfitt. Hér eru þær stöllur á Glamour Women of the Year verðlaununum.



**DORRIT MOUSSAIEFF** Hún var stórglæsileg eins og alltaf og naut sín vel á sýningunni. Ólafur var ekki með henni því eins og hún orðaði það sjálf, „Hann er alltaf að vinna."

# Fitulítill ís

aðeins 5,6%




Mjólkurís - alltaf góóóóður!!!

ARGUS / 05-0397

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Eldvarnarefni og reyklosun
ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is



BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

# Óorðið

Kynfrelsi er meðal mikilvægustu persónuréttinda hverrar manneskju. Í kynfrelsi á að felast sjálfsákvörðunarréttur og auðvitað réttur til að geta hafnað kynferðislegu samneyti við aðra manneskju. Kynfrelsið er ekki nægilega vel varið í núgildandi kynferðisbrotakafla. Það birtist meðal annars þannig að hegðun og andlegt ástand þolenda getur haft áhrif á refsivernd þeirra. Og hjúskaparstaða getur sömuleiðis skipt máli við ákvörðun refsinga fyrir kynferðisbrot. Auðvitað er það mjög óeðlilegt. Þess vegna er mjög gott að nú standi til að semja nýtt frumvarp um ákvæði kynferðisbrotakaflans.

**DRYKKJA** þolenda sem veldur rænuleysi getur til dæmis haft áhrif á þá refsingu sem lögð er við kynferðismökum gegn vilja þeirra. Þessi nálgun fellur eðlilega mjög illa að hugmyndum um að allt fólk eigi að hafa sjálfsákvörðunarrétt í þessum efnum, eins og öðrum. Sennilega eru þetta leifar af eldri hugmyndum um kynferðisbrot og stöðu kvenna. Í eldri hegningarlögum var refsivernd kvenna vegna nauðgana mjög ólík eftir því hvort þær höfðu á sér óorð eða ekki. Löggjafinn virtist telja tjón þeirra kvenna sem höfðu á sér óorð minna af nauðgun en þeirra kvenna sem ekki höfðu orð á sér.

**NÚTÍMAÚTGÁFAN** af þessari „óorðshugmynd" er sú að þegar brotið er gegn manneskju sem sefur ölvunarsvefni telst afbrotið ekki til nauðgunar í skilningi laga. Óæskileg hegðun þolenda virðist valda því að kynferðisbrotinu er fundið annað nafn sem vægari refsing er lögð við. Hegðun þolenda getur því haft þau áhrif að kynferðisbrot sem ætti að teljast til nauðgunar gerir það ekki, í skilningi laga. Löggjafinn virðist fókusera á það hver kom þolanda í þetta ástand, hvort brotaþoli „geti sjálfum sér um kennt" eða ekki.

**HEGNINGARLÖGIN** geyma annað sérkennilegt ákvæði sem segir meðal annars að refsing fyrir tiltekin kynferðisbrot, þar á meðal nauðgun, megi falla niður ef þolandi og gerandi eru hjón eða sambúðarfólk. Þetta ákvæði gefur til kynna að kynferðisbrot geti í þeim tilvikum verið einkamál þolanda og geranda. Kannski það sem einhverjir myndu kalla „stormasama sambúð". Þetta endurspeglar líka að kynferðisbrot milli tengdra aðila sé ekki jafnalvarlegt brot og á milli ókunnugra.

**ÞESSI** hugmynd er arfleið þess tíma þegar nauðgun var talin afbrot gegn fjölskyldu þeirrar konu sem varð fyrir afbrotinu. Nauðgun var að sumu leyti talin sambærileg eignaspjöllum. Eimir kannski enn eftir af þessum hugmyndum í hegningarlögum? Að þolandi nauðgunar sé fjölskylda konu sem fyrir henni verður? Eða eru þetta leifar af eignarréttarsjónarmiði – þannig að með því að giftast þolandanum sé skaði nauðgunar að engu orðinn?

Landkönnuðir og lífskúnstnerar klippið hér




## KAUPMANNAHÖFN Danmörk

**Vissir þú...**
að 20% af rafmagni í Danmörku kemur frá vindmyllum, en það er heimsmet í nýtingu vindorku?

**Róaðu þig í Köben**
Á bátaleigunni í Kristjánshöfn er hægt að leigja árabáta og róa um síkin hvort sem þú ert að leita að frábærri fjölskylduskemmtun eða rómantískri turtildúfuferð sem endar á kaffihúsi þar sem skilja má bátinn eftir.

**Sannkallaðir djassgeggjarar!**
Það jafnast ekkert á við djasshátíðina í Kaupmannahöfn sem haldin er í júlí ár hvert og er stærsta uppákoma borgarinnar. Fyrstu 10 dagar mánaðarins eru hreinlega troðfullir af tónum enda yfir 800 tónleikar haldnir í görðum, kaffihúsum, torgum og börum borgarinnar.



**Sjávarþorp í seilingarfæri**
Dragør er lítill og fallegur sjávarbær í strætófæri við Kaupmannahöfn. Þar eru ómótstæðilegir veitingastaðir þar sem fiskurinn er borinn fram beint úr sjónum og hellulögð mjóstrætin skapa ógleymanlega stemningu.

**Flóamarkaðurinn á Frederiksberg**
Frederiksberg Fleemarket er haldinn alla laugardaga frá kl. 8–14. Þar fást notuð föt, antikmunir, skartgripir og alls kyns annar varningur sem vert er að skoða.

**Sólarlandið Danmörk**
Á sumrin verður gjarnan mjög heitt í Kaupmannahöfn og þá er tilvalið að skella sér með lestinni niður á strönd á Amager eða Íslandsbryggju og skora á innfædda í strandblak.

www.aok.dk



**Ekki!!!**
»Ef þú vilt forðast það að reita frændur okkar Dani til reiði skaltu hafa eftirfarandi atriði bak við eyrað:
»Ekki kvarta yfir óbeinum reykingum
»Ekki sleppa því að ná augnsambandi við það fólk sem þú skálar við því ef þú gerir það boðar það 7 ára depurð í kynlífi þínu!
»Aldrei fara yfir á rauðu gönguljósi!

## LONDON England

**Mundu!**
Horfa „í öfuga átt" áður en þú ferð út á götu! Besta leiðin til að pirra Lundúnabúa er að standa vinstra megin í tvíbreiðum rúllustiga.



**Ég kemst í hátíðarskap...**
City of London Festival er árleg menningarhátíð sem haldin er 27. júní til 13. júlí. Mjög mikið er um að vera á meðan á hátíðinni stendur enda nær hún til flestra listageira og höfðar jafnt til ungra sem aldinna. Lestu þér til um hátíðina á www.colf.org.

**Vertu bræt og farðu til Brighton!**
Þegar ríkar poppstjörnur fá nóg af ysnum í London flytja þær til fallega sjávarbæjarins Brighton sem er í um klukkustundar fjarlægð frá höfuðstaðnum. Notaðu tækifærið og heimsæktu þessa háskólaborg sem er talin sú fjölskrúðugasta í Englandi. Röltu með fjölskyldunni eftir glæsilegri strandlengjunni þar sem þú finnur heilu torfurnar af frábærum veitingastöðum. Glæsilegt tívolí er við endann á ströndinni og þar finnst meðal annars karókíbar sem opinn er allan sólarhringinn... er hægt að biðja um meira?

www.londontown.com




**Sigldu frá Camden Town til Notting Hill**
Á Camden útimarkaðnum er margbrotið úrval af alls kyns fatnaði og varningi. Við bendum fólki sérstaklega á furðulegu pönkaratískubúðina Cyberdog sem er vel þess virði að skoða. Fáir vita að hægt er að sigla frá Camden fyrir lítinn pening alla leið til Notting Hill. Stórskemmtilegur möguleiki fyrir Lundúnafara.

## FRANKFURT HAHN Þýskaland

**Vissir þú...**
Að næsturlífið er frábært í Frankfurt og gamli miðbærinn heillandi en borgin er þó aðallega þekkt fyrir fjármála- og iðnaðaráherslur (stundum kölluð Bankfurt).



**Frankfurtarhljóðið mikla**
Í júlí er haldin stórhátíðin „Sound of Frankfurt" þar sem allar tegundir tónlistar eru heiðraðar með stórkostlegu tónleikahaldi og fjöri.

**Ferðamöguleikarnir eru ótakmarkaðir**
Flugvöllurinn Frankfurt Hahn er staðsettur í miðju eins fallegasta héraðs Þýskalands, Hunsrück héraði, milli fljótanna Mósel, Rínar, Nahe og Saar. Á þessu svæði er fjöldi lítilla bæja, gamalla kastala, mylla og rómantískra dala sem tilvalið er til göngu- og hjólaferða og siglinga.

www.flyhahn.com




Búðu þig undir brottför á www.icelandexpress.is

Verð frá 7.995 kr.*
Barnaverð 5.995 kr.*
* Verð aðra leið með sköttum. Barnaverð m.v. 12 ára og yngri og í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600

ÞVOTTADAGAR
HIN FULLKOMNA ÞRENNA
Þessar frabæru AEG þvottavelar eru á einstöku tilboðsverði á meðan birgðir endast.


AEG
Lavamat 76820
1600/1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ:
KR 90.000,-


AEG
Lavamat 74639
1400/1200/900/700/400 sn.
5,5 kg.
TILBOÐSVERÐ:
KR 74.900,-


AEG
Lavamat 52820
1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ:
KR 69.900,-

AEG
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ • ÍSLENSK NOTENDAHANDBÓK • 3JA ÁRA ÁBYRGÐ
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Til afhendingar strax af lager
SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
ELDHÚSIÐ - BAÐHERBERGIÐ - FATASKÁPAR
ORMSSON SMÁRALIND
Opið sunnudag frá kl. 13-18 • Sími: 530 2900